FRÉTTABLAÐIÐ

190. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 17. ÁGÚST 2019

Láta reiðina ekki ráða för

Hjónin **María Rut Kristinsdóttir** og **Ingileif Friðriksdóttir** ákváðu að eignast barn eftir að Ingileif fékk alvarlegt flog í frumskógum Mexíkó. María og Ingileif ræða tæknisæðingarferlið sem hófst síðastliðið haust og þá veggi sem hinsegin foreldrar rekast á í kerfinu.

→ 24

Vildum ekki þurfa að vera óöruggar eða í felum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Lífið á Hverfisgötu

Rask vegna framkvæmda setur strik í reikninginn. → 30

Epstein-málið

Samsæriskenningarnar, staðreyndirnar og atburðarásin. → 34

Vill styrkja vinaböndin

Jeffrey Ross Gunter sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi. → 28

Veður



Norðaustan og norðan 8-15 m/s, en hvassara í vindstrengjum suðaustanlands. Bjart að mestu sunnan heiða, en dálítil væta annars staðar. Talsverð rigning á Austurlandi seinnipartinn.
SJÁ SÍÐU 42

Donald Trump vill að Bandaríkin eignist Grænland. NORDICPHOTOS/AFP

Bæði fáránlegt og heimskulegt

GRÆNLAND Hugmyndir Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna, um að kaupa Grænland eru bæði heimskulegar og hlægilegar. Þetta sögðu viðmælendur grænlenska ríkisútvarpsins (KNR) í gær en The Wall Street Journal greindi upphaflega frá því að Trump hefði spurst fyrir um möguleikann í samtölum við aðstoðarmenn og ráðgjafa.

Josef Joelsen sagði við KNR að hann gæti hreinlega ekki ímyndað sér að verða bandarískur ríkisborgari. „Mér finnst þetta heimskulegt og fáránlegt af því það er ekki hægt að kaupa landið okkar eða skella verðmiða á það.“

Mikael Ludvigsen tók í sama streng. Sagði Trump búa í draumaveröld og vera ótrúlegan. „Hann hefur ekkert efni á þessu. Landið okkar er fokdýrt.“

Og Mike Thomsen var ómyrkur í máli. „Það er ekki hægt að kaupa bara land. Sama hversu mikið þú vilt borga, þá geturðu ekki átt það. Sama hvað því líður má spyrja sig um trúverðugleika þessa ruslmanns. Hann byggði ekki einu sinni vegginn sem hann lofaði. Hann er drasl.“

En það eru greinilega ekki allir á sama máli. Jensine Lerch sagðist vel geta séð fyrir sér að verða bandarísk. „Kannski væri best ef Danir stjórnuðu ekki öllu. Ég held þetta yrði ágætt.“ **– þea**

Af Arnarhóli til Kúala Lúmpúr

FÓLK Már Guðmundsson seðlabankastjóri, sem lætur af embætti í næstu viku eftir að hafa stýrt Seðlabanka Íslands í tíu ár, er að ganga frá samningum um tímabundið starf í Kúala Lúmpúr, höfuðborg Malasíu, fyrir samtök seðlabanka Suð-Austur Asíu (SEACEN).

Í Malasíu mun Már veita seðlabönkunum einkum ráðgjöf við stefnumótun í tengslum við innflæðishöft, eða svokallað fjárstreymistæki, meðal annars í samskiptum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Már greindi frá þessu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, í kveðjuhófi í Seðlabankanum í fyrradag. **– hae**

Már Guðmundsson.

Varðmenn loftslagsins

Þau Elís Frank Stephen og Ida Karólína Harris hafa verið viðstödd öll loftslagsmótmæli í Reykjavík til þessa. Ida segir hina sænsku Gretu Thunberg vera þeim frábæra fyrirmynd og innblástur fyrir alla sem hafa áhuga á umhverfinu. Ný mótmælaspjöld þar sem vakin er athygli á örlögum jökulsins Oks voru kynnt til leiks er mótmælin héldu áfram á Austurvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Björn Ingi reisti eigið bænahús við Akrafjall

Björn Ingi Hrafnsson hefur reist bænahús á jörð fjölskyldunnar í Hvalfirði undir Akrafjalli. Í framtíðinni hyggst Björn Ingi búa á jörðinni. Er alinn upp á trúuðu heimili og segir eigið bænahús hafa lengi verið draum móður sinnar.

TRÚMÁL „Ég kem frá mjög trúuðu heimili, þar sem bænir og andans mál hafa alltaf verið sjálfsagður hluti af daglegu lífi,“ segir Björn Ingi Hrafnsson sem nýlega reisti lítið bænahús. „Ég hef reynt að tileinka mér mátt bænarinnar sjálfur á fullorðinsárum og sífellt meira.“

Bænahúsið stendur á jörðinni Másstöðum undir Akrafjalli sem Björn Ingi og foreldrar hans hafa byggt upp á undanförnum árum. Hann segir að staðurinn sé orðinn mikill griðastaður fjölskyldunnar.

„Þarna ætla ég að búa í framtíðinni, enda er einstakt að geta verið í jafn miklu návígi við náttúruna í algjörum friði frá þéttbýlinu, en samt aðeins spölkorn frá bæði Akranesi og sjálfri höfuðborginni.“

Björn Ingi segir húsið „athvarf þar sem hægt er að eiga kyrrðarstund með sjálfum sér og öðrum, hugleiða og biðja og rækta andann“.

Hugmyndin að bænahúsinu kom frá móður Björns Inga. Hún hafði lengi átt þennan draum og ungur ákvað hann að láta drauminn rætast. Fyrir nokkrum árum sá hann auglýsingu um nýtt smáhýsi á Bland en það var smíðað í hesthúsahverfinu í Kópavogi. Hann keypti hýsið en fyrst núna gafst tækifæri til að koma því fyrir og innrétta í samræmi við erindið.

Björn Ingi segir yndislegt að taka þátt í þessu með foreldrum sínum og finna viðbrögðin frá fólki sem fylgst hefur með uppbyggingunni á samfélagsmiðlum. „Við vitum af mörgum fleirum sem ætla að gera slíkt hið sama og eiga sitt eigið bænahús, hvort sem er í sveitinni eða við sumarbústaði,“ segir hann.

Nú þegar bænahúsið er fullgert stendur til að vígja það með formlegum hætti og mun prestur mæta til verksins á næstu dögum.

„Mér finnst mikilvægt að tala opinskátt um trúna og vera stoltur af því að trúa á bænina og mátt hennar,“ segir Björn Ingi. „Það hefur kannski ekki verið mikið í tísku til skamms tíma, en ég held að það sé svolítið að breytast aftur. Áherslan á núvitund, íhugun og margvíslega hugleiðslu er auðvitað eitthvað sem bænin smellpassar inn í og við erum öll í amstri hversdagsins að leita að einhverjum innri friði og ró.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

Bænahúsið á Másstöðum undir Akrafjalli er fullgert og tilbúið til vígslu.

Mér finnst mikilvægt að tala opinskátt um trúna og vera stoltur af því að trúa á bænina og mátt hennar.

Björn Ingi Hrafnsson, ritstjóri Viljans

+PLÚS

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ok breytinga á loftslaginu

Mótmælendur sem berjast fyrir aðgerðum til að sporna við loftslagsbreytingum beina nú sjónum meðal annars að örlögum jökulsins Oks sem er að engu orðinn. Á sunnudag gengur hópur fólks á Ok til að afhjúpa minnismerki um jökulinn sem hvarf.

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Skoðaðu Húsasmiðjublaðið á **husa.is**

HÚSASMIÐJU DAGAR

Heimilið **klárt** fyrir **haustið**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli versiana.

#REYKJAVIKPRIDE

« 20% • 25%

Allt að

50% afsláttur

25% • 35% »

Allt að

30% afsláttur

af **Nilfisk** háþrýstidælum

25% afsláttur

af allri LADY málningu

25% afsláttur

af GROHE og DAMIXA blöndunartækjum

20% afsláttur

af JOTUN viðarvörn, pallaolíu og pallahreinsi

25% afsláttur

af öllum Philips ljósum

Gildir ekki af Philips Hue

PHILIPS

25% afsláttur

af öllu parketi

25% afsláttur

af öllum Orthex plaskössum og boxum

orthex

POTTAPLÖNTU

ÚTSALAN

ER Í FULLUM GANGI

20-50% AFSLÁTTUR

-24%

Friðarlilja

Verð frá:

899kr

~~1.190kr~~

11400017

-26%

Orkidea

2ja greina, 12 cm pottur

1.990kr

~~2.690kr~~

11325000

TÖLUR VIKUNNAR 11.08.2019 TIL 17.08.2019

1.000

lítrum af bjór var stolið úr húsnæði Fjölsmiðjunnar á Akureyri.

34

milljarðar króna er sú upphæð sem gert er ráð fyrir að Fjarðarheiðargöng kosti.

183

íbúar skrifuðu nafn sitt á undirskriftalista til að mótmæla áformum um hundageröi í Fossvogsdal.

3.427.000

krónum eyddu ríkisstofnanir í mat hjá Múlakaffi í júní síðastliðnum.

1.000

verður lágmarksfjöldi íbúa í hverju sveitarfélagi árið 2026 nái tillaga sveitarstjórnarráðherra fram að ganga.

Þrjú í fréttum

Tónleikaveisla, taprekstur og taugaspenna

Ed Sheeran
tónlistarmaður

Rauðhærða sjarmatröllið heillaði Íslendinga með tvennum tónleikum um síðustu helgi. Samanlagt lögðu 50 þúsund gestir leið sína á Laugardalsvöll.

Páll Matthíasson
forstjóri Landspítalans

Greint var frá miklum rekstrarhalla Landspítala og nýju skipuriti þar sem gert er ráð fyrir að fækka framkvæmdastjórum verulega. Páll sagði að allt yrði gert til að vernda grunnþjónustuna og ekki væri stefnt að lokun deilda. Fundað væri stíft með heilbrigðisráðuneytinu til að finna lausn.

Birna Lárusdóttir
talsmaður VesturVerks

Spennan vegna Hvalárvirkjunar eykst og allt er á suðupunkti við jarðamörk Seljaness. VesturVerk telur sig í fullum rétti til að bæta veginn á jörðinni og kveðst tilbúin til að kalla til lögreglu ef verkið verður hindrað. Hluti eigenda Seljaness vaktar veginn.

LEIÐRÉTTING

Sagt var í frétt á síðu 2 í blaðinu í gær að Nauthóll væri í eigu Múlakaffis, það er ekki rétt.

Ekki skylda að leggja sæstreng

Fimm gestir komu á fund utanríkismálanefndar um þriðja orkupakkann. Formaður nefndarinnar segir ekkert nýtt koma fram. Varaformaður nefndarinnar setur spurningarmerki við hæfi héraðsdómara.

STJÓRNMÁL „Það komu ekki fram neinar nýjar upplýsingar sem breyta okkar afstöðu. Það voru allir sammála um að það er ekkert í þriðja orkupakkanum sem skyldar Ísland til að leggja sæstreng," segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður utanríkismálanefndar Alþingis.

Fimm gestir komu á fund nefndarinnar í gær til að ræða þriðja orkupakkann. Níu gestir til viðbótar koma á fund á mánudag.

Til snarpra orðaskipta kom á milli þingmanna og Arnars Þórs Jónssonar, dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur, á fundinum.

Arnar Þór, líkt og aðrir sem tala gegn þriðja orkupakkanum, var þar í boði fulltrúa Miðflokksins. Hann sagði að með innleiðingu orkupakkans myndi Ísland veikja varnir sínar gagnvart þeim sem vilja leggja sæstreng. Sagði hann einnig „lágmarkskröfu að lög frá Alþingi byggi á staðreyndum en ekki spádómum". Þessi orð fóru ekki vel í þingmenn.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir, varaformaður utanríkismálanefndar, segir framgöngu Arnars Þórs óboðlega. Hann hafi vænt þingmenn um að virða ekki stjórnarskrá, grafa undan fullveldi þjóðarinnar og dregið alvarlega í efa getu þingmanna til að taka upplýstar ákvarðanir.

„Við erum kjörnir fulltrúar og mér finnst þetta ekki endurspegla virðingu gagnvart löggjafarvaldinu. En þessi maður vinnur við að dæma eftir lögum sem við setjum," segir Rósa Björk. „Mér finnst alveg spurning, eftir þessa framkomu í dag og skrif hans að undanförnu, að velta upp hvort hann sé óhæfur til að dæma í málum sem snerta EES-samninginn og Mannréttindadómstól Evrópu, sem hann hefur líka verið að tjá sig harkalega um."

Utanríkismálanefnd hélt nokkra opna fundi um þriðja orkupakkann síðasta vor. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Þetta er orðin yfirgengileg della.**
>
> Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, segir málflutning andstæðinga orkupakkans ekki sannfærandi. „Þetta er orðin yfirgengileg della." Málið hafi sameinað íhaldsarma flokkanna og röksemdafærsla þeirra sé mun frekar ógn við fullveldi þjóðarinnar en orkupakkinn.

Áslaug Arna segir málið hafa oft komið fyrir þingið á síðustu tíu árum og nú sé verið að klára það.

„Það var klárað að mestu leyti í tíð ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs [Gunnlaugssonar] og Gunnars Braga [Sveinssonar], núna er eftir að aflétta stjórnskipulega fyrirvaranum og breyta lögum um sjálfstæði Orkustofnunar. Annað er búið. Við erum búin að fá þær undanþágur og fyrirvara sem óskað var eftir. Það er ekkert í málinu sem er að hræðast," segir Áslaug Arna. Ekki komi til greina að hætta við innleiðinguna. „Við eigum ekki að nota öryggisventilinn sem EES-samningurinn býður upp á nema rík ástæða sé fyrir hendi."

Undir það tekur Margrét Einarsdóttir, dósent við lagadeild HR, sem kom fyrir nefndina.

„Þeir sem eru mest að gagnrýna þriðja orkupakkann vilja meina að í þessu felist skylda til að leggja sæstreng eða heimila lögaðilum að leggja sæstreng. Hvað við ætlum að ná fram með því að synja upptöku er algjörlega óljóst," segir Margrét.

Varðandi umræðuna og andstöðu almennings segir Áslaug Arna það taka meiri tíma að útskýra afstöðu þeirra sem styðja málið en þeirra sem finna pakkanum allt til foráttu.

„Það er auðvelt að hræða fólk. Okkur er öllum annt um fullveldið okkar og auðlindirnar. Málið er auðvitað flókið og auðvelt að þæfa það, en við sem höfum sett okkur vandlega inn í málið, leitað til sérfræðinga, við erum fullviss um að það sé ekkert að hræðast."

arib@frettabladid.is

Nánar um málið á **frettabladid.is**

LEXUS RX
ÚTHUGSUÐ SMÁATRIÐI SKAPA EINSTAKA HEILD

MEISTARAVERK

傑作

Orðið Takumi merkir handverksmeistari
Til þess að geta kallað þig Takumi þarftu að sýna fram á næmt auga fyrir smáatriðum, ómælda sköpunargleði og óbilandi trú á því að ekkert nema fullkomnun sé nógu gott. Lexus er öll þessi hugmyndafræði í verki.

RX 450h – HYBRID **SPORTJEPPI** FRÁ 11.950.000 KR.

Sporlaus
Allur akstur nýrra Lexus bíla
er kolefnisjafnaður í samstarfi við Kolvið.

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2019

Lexus-Ísland
Kauptúni 6, Garðabæ – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

BHM leggur áherslu á styttingu vinnuvikunnar og léttari endurgreiðslubyrði námslána. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Efast um samninga fyrir 15. september

Kjaraviðræður opinberra starfsmanna eru nú að fara af stað aftur eftir sumarfrí. Formaður BHM hefur áhyggjur af því að ekki verði hægt að standa við endurskoðaðar viðræðuáætlanir um að klára samninga fyrir 15. september.

KJARAMÁL „Viðræður eru að skríða af stað eftir sumarfrí. Ég hef strax áhyggjur af því að það verði ekki hægt að standa við endurskoðaðar viðræðuáætlanir og ljúka kjarasamningum fyrir 15. september næstkomandi," segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, um stöðuna í kjaraviðræðum.

Samningar opinberra starfsmanna hafa verið lausir í nokkra mánuði en hlé var gert á viðræðum fyrr í sumar og viðræðuáætlanir endurskoðaðar. Þar var gert ráð fyrir að samningum BHM-félaga við Reykjavíkurborg yrði lokið um miðjan september en samningum við ríki og önnur sveitarfélög um miðjan nóvember.

Þórunn segir að sérstakur vinnuhópur vinni nú að því að skoða hvernig stytta megi vinnuviku vaktavinnustétta. Bæði BHM og BSRB hafa lagt mikla áherslu á styttingu vinnuvikunnar í viðræðunum.

Þá segist Þórunn vona að starfshópur sem unnið hefur að því að finna leiðir til að létta endurgreiðslubyrði námslána skili tillögum í mánuðinum.

> **Ég geri mér vonir um að tillögur þessa hóps verði uppbyggilegt innlegg í gerð kjarasamninga.**

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM

BHM hafi um árabil barist fyrir því að stjórnvöld skoði þessi mál af alvöru, bæði vegna endurgreiðslubyrðinnar en líka vegna ábyrgðarmannakerfisins.

„Ég geri mér vonir um að tillögur þessa hóps verði uppbyggilegt innlegg í gerð kjarasamninga," segir Þórunn.

Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að fólk sé nú að tínast úr sumarfríum og viðræður fari aftur á fullt eftir helgi. Alls semur sambandið við 61 stéttarfélag starfsmanna sveitarfélaga og eru 43 kjarasamningar undir.

Líkt og hjá BHM gera endurskoðaðar viðræðuáætlanir ráð fyrir að viðræðum ljúki ýmist um miðjan september eða nóvember. Inga Rún segir annasaman tíma fram undan.

„Við förum bjartsýn inn í haustið en það er verk að vinna. Ég er sannfærð um að það munu allir leggja sig fram," segir Inga Rún.

Deila Starfsgreinasambandsins (SGS) og Eflingar við sambandið er á borði ríkissáttasemjara og munu aðilar funda í næstu viku.

SGS og Efling vísuðu deilunni til ríkissáttasemjara þar sem Samband sveitarfélaga hefði ekki verið reiðubúið til viðræðna um jöfnun lífeyrisréttinda.

Í síðustu viku ákvað SGS að höfða mál fyrir Félagsdómi til að láta reyna á túlkun samningsákvæðis frá 2009 um skyldu sveitarfélaga til að ganga til kjarasamningsviðræðna um jöfnun lífeyrisréttinda.

Samkvæmt upplýsingum frá SGS er verið að leggja lokahönd á stefnuna og gert ráð fyrir að hún verði klár eftir helgi.

sighvatur@frettabladid.is

Neytendur fylgist með verðbreytingum

NEYTENDUR Algengasti munur á hæsta og lægsta verði á nýjum námsbókum fyrir framhaldsskóla er á bilinu 20 til 30 prósent samkvæmt nýrri verðkönnun ASÍ. Verðlagseftirlit ASÍ framkvæmdi könnunina síðastliðinn fimmtudag.

Þann dag var boðið upp á 25 prósenta afslátt hjá A4 og sé tekið tillit til hans var verðið oftast lægst þar. Þar sem umræddur afsláttur gilti aðeins í þennan eina dag tekur ASÍ ekki tillit til hans. Miðað við þær forsendur reyndist Penninn oftast vera með lægsta verðið eða í 37 tilfellum af 52. Næstoftast var verðið lægst í Iðnú eða átta sinnum.

Mál og menning var hins vegar oftast með hæsta verðið en þar voru einnig fæstir titlar fáanlegir. ASÍ tekur fram að verð skólabóka sé mjög breytilegt á þessum árstíma og eru neytendur hvattir til að vera vakandi yfir verðbreytingum og tilboðum.

Námsbækur eru nú áberandi í bókabúðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

74%

prósent var mesti verðmunur samkvæmt könnun ASÍ.

Mesti verðmunur reyndist á Gísla sögu Súrssonar og nam hann tæpum 74 prósentum. Kostaði bókin 2.299 krónur í Pennanum en 3.990 krónur hjá Máli og menningu. Alls var verð kannað á 52 titlum. Flestir voru til hjá Pennanum eða 48 og næstflestir hjá A4 eða 45 talsins. – sar

TAX FREE DAGAR

TAXFREE* AF ÖLLUM HJÓLUM 15.-19. ÁGÚST

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

CROSS

20” Speedster

32.255

verð áður 39.999

CROSS

20” Alissa

32.255

verð áður 39.999

CROSS

26” Julia

44.351

verð áður 54.999

CROSS

26” Speedster

37.093

Verð áður 45.999

CROSS

28” Areal

64.511

verð áður 79.999

CROSS

28” Arena

64.511

verð áður 79.999

Allt úrvalið er í Smáralind, Garðabæ, Kringlu og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

Gáfu ranga mynd af rekstri WOW air

Skiptastjórar WOW air telja möguleika á að ekki hafi verið dregin upp rétt mynd af fjárhag flugfélagsins fyrir skuldabréfaútboðið haustið 2018. Félagið hafi verið ógjaldfært.

VIÐSKIPTI Skiptastjórar þrotabús WOW air telja mögulegt að upplýsingar og gögn sem kynnt voru fjárfestum í aðdraganda skuldabréfaútboðsins í fyrrahaust hafi ekki gefið raunsanna mynd af rekstrinum. Þeir hafa lýst yfir riftun á greiðslu WOW til fjárfestingarfélags Skúla Mogensen og skoða einnig riftun á greiðslum til Arion banka og tveggja stærstu leigusalanna.

Þetta kom fram á vel sóttum kröfuhafafundi þrotabúsins. Skiptastjórar greindu frá ýmsum atriðum er varða gjaldþrotaskiptin og kynntu niðurstöður skýrslu Deloitte sem komst að þeirri niðurstöðu að félagið hefði verið ógjaldfært eigi síðar en um mitt ár 2018 og hugsanlega fyrr.

„Skiptastjórar telja vera til staðar vísbendingar um að upplýsingar og gögn um fjárhagsleg málefni félagsins [...] sem fjárfestakynning skuldabréfaútboðsins byggði á, hafi verið ófullnægjandi og ekki gefið raunsanna mynd af rekstri og efnahag WOW á þessum tíma," segir í skýrslu skiptastjóra.

Þorsteinn Einarsson og Sveinn Andri Sveinsson skiptastjórar á kröfuhafafundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Riftanir vegna útboðsins

Skiptastjórar WOW air hafa til skoðunar að rifta alls 20 milljóna dala greiðslum við þrjú fyrirtæki sem sjálf voru þátttakendur í útboðinu, það er að segja Avolon, ALC og Arion banka.

Fram kemur í skýrslunni að þeim fjármunum sem söfnuðust í útboðinu hafi að mestu verið varið til uppgreiðslu gjaldfallinna krafna, eða rúmum 33 milljónum dala af þeim 50 milljónum sem voru til ráðstöfunar eftir útboðið.

„Þátttaka þessara kröfuhafa fól fremur í sér skuldbreytingu en ekki eiginlega fjárfestingu, með greiðslu nýs fjármagns til félagsins," segir í skýrslunni. Skúli Mogensen keypti sjálfur 10 prósent af heildarútgáfunni og svo virðist sem þátttaka Skúla hafi verið að fullu fjármögnuð með lántöku frá Arion banka.

Greiddi leigu fyrir íbúð Skúla

Skiptastjórarnir hafa til skoðunar að krefjast endurgreiðslu á þeim kostnaði sem féll til vegna fasteignar Skúla Mogensen í London. Samkvæmt skýrslu Deloitte eru líkur á því að greiðslur WOW air vegna leigu á íbúðinni hafi ekki ekki verið reistar á viðskiptalegum forsendum.

Eitt af dótturfélögum WOW hafi verið WOW air Ltd á Englandi. Skúli Mogensen var upphaflegur eigandi þess félags en félagið var framselt til WOW í september 2018. Starfsemi félagsins fólst aðallega í leigu á íbúð í London. Deloitte telur að WOW air hafi greitt 37 milljónir vegna þessarar íbúðar frá 28. mars 2017 til úrskurðardags. Enginn samningur var hins vegar í gildi á milli WOW og WOW Ltd vegna íbúðarinnar og þá voru greiðslurnar ekki samþykktar í stjórn félagsins.

Deloitte gerði athugasemdir við greiðslur WOW air til Títans, fjárfestingarfélags Skúla Mogensen, vegna sölu Títans á Cargo Express (CE) til WOW air um mitt síðasta ár. Samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins átti WOW air að greiða Títan þá upphæð 30. apríl 2019.

Sama dag og arðgreiðslan barst, 6. febrúar 2019, greiddi WOW sömu fjárhæð til Títans, tæplega 3 mánuðum fyrir umsaminn gjalddaga og 7 vikum fyrir gjaldþrot. Þrotabúið hefur lýst yfir riftun á þessari greiðslu en Títan hefur hafnað riftuninni.

Þá hafa skiptastjórar til skoðunar ýmis önnur viðskipti milli WOW air og Títans, þar á meðal háar þóknanir sem WOW greiddi Títan fyrir kauprétti að flugvélum.

1,1 milljarðs endurheimtur

Við gjaldþrot WOW air námu lausar innistæður á óveðsettum bankareikningi félagsins um þremur milljónum króna en eftir innheimtu krafna nemur upphæðin 1,1 milljarði.

Um er að ræða kröfur vegna sölu á losunarheimildum, afgreiðslutíma á Gatwick, og tryggingar vegna innkaupa félagsins auk sölu á ýmsum lausafjármunum.

thorsteinn@frettabladid.is

Sýndu skynsemi. Veldu nýjan i20.

Nýr i20 er fáanlegur með sjálfvirkri neyðarhemlun, akreinavara og sjálfvirkri hækkun og lækkun aðalljósa. Innréttingin hefur fengið nýtt og vandaðra yfirbragð, nýr 7" snertiskjár nýtir sér fullkomnustu margmiðlunartækni á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™.

Verið velkomin að reynsluaka nýjum og glæsilegum Hyundai i20.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM95114

VALIN RÚM*

20-40%

AFTUR Í SKÓLANN

GILDIR ÚT
18. ÁGÚST

FRÁBÆR TILBOÐ!

135x200 cm ~~29.990~~ nú **19.990**
135x220 cm ~~34.990~~ nú **24.990**
Koddi 50x70 cm ~~12.990~~ nú **7.995**

GOLD EINSTÖK GÆÐI · DÖNSK GÆÐAVARA · NOMITE hentar vel fyrir astma- og ofnæmissjúklinga

RINGSTED DUN

RINGSTED IMPERIAL MOSKUSDÚNSÆNG
Lúxussæng fyllt með 90% af hvítum evrópskum moskusdúni og 10% af moskusfjöðrum. Vandað, þéttofið áklæði úr 100% bómull. Hentar vel fyrir þá sem hættir til að fá ofnæmi því áklæðið er þéttofið sem hindrar að rykmaurar og bakteríur safnist saman. Fylling: 600 g. Burðargeta 11. Sængurtaska fylgir.
Vnr. 4031450, 4031451, 4231404

Sparið **10.000** af sængum

SÆNG NÚ VERÐ FRÁ:
19.990

ALLIR PLASTKASSAR

20-40%

GILDIR ÚT 18. ÁGÚST

ÖLL RÚMTEPPI

25%

100x250 cm ~~4.995~~ nú **3.745**
150x250 cm ~~6.995~~ nú **5.246**
200x250 cm ~~8.995~~ nú **6.746**
250x250 cm ~~10.995~~ nú **8.246**
300x250 cm ~~12.995~~ nú **9.746**



ROGEN STRIMLAGARDÍNA
100% polyester. Hægt að stytta sídd og minnka breidd.
Fæst í ljósu og gráu. Vnr. 5482400

25% afsláttur

NÚ VERÐ FRÁ:
3.745

20% afsláttur

FULLT VERÐ: ~~19.950~~
15.950

OLIVER SKRIFBORÐSSTÓLL
Stóll með innbyggðri gaspumpu sem tryggir stiglausa hæðarstillingu. Hægt að rugga. Svartur/rauður, svartur/blár og svartur/hvítur. Vnr. 8880000858, 8880000859, 8880000830

ALLIR VAXDÚKAR

25%

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ



Dæmi um öruggt lykilorð. Nema bara alls ekki. NORDICPHOTOS/GETTY

Slétt sama um lykilorðin

Fjórðungur notenda Password Checkup frá Google skipti ekki um lykilorð eftir að hafa verið tilkynnt um að því hefði verið stolið. Líklegri til að endurnýta stolin lykilorð á nýja aðganga en að velja nýtt.

Um fjórðungur þeirra 670.000 sem náðu í Password Checkup, vafraviðbót Google sem lætur notandann vita ef lykilorði hans hefur verið stolið í tölvuárás, skiptu ekki um lykilorð eftir að hafa fengið viðvörun. Þetta kemur fram í skýrslu sem Google birti í gær þar sem tölfræði um hegðun notenda Password Checkup var skoðuð.

Það skref að ná sér í Password Checkup er jákvætt, allavega með tilliti til öryggis í netheimum. Það er hins vegar stórundarlegt, og raunar vítavert gáleysi, að sleppa því að skipta um lykilorð þegar maður fær sérstaklega viðvörun um að lykilorðinu hafi verið stolið.

Samkvæmt Google var ekki einvörðungu um lykilorð að ómerkilegum síðum að ræða. Notendur vanræktu að skipta um lykilorð inn á tölvupósta og jafnvel síður sem leyfa manni að vista kreditkortaupplýsingar. Og jafnvel þótt aðgangarnir sem slíkir skipti ekki máli er allt of algengt að fólk noti sama lykilorðið á fleiri en einum stað. Jafnvel fyrir alla sína aðganga.

Prósentin 25 voru hins vegar ekki eina talan í skýrslunni sem kalla má sláandi. Notendur Password Checkup voru 2,5 sinnum líklegri til þess að endurnýta gamla, stolna lykilorðið þegar þeir bjuggu til nýja aðganga heldur en að velja nýtt lykilorð.

Þá ber að nefna að þótt annar fjórðungur hafi valið sér nýtt og jafnsterkt eða sterkara lykilorð valdi um helmingur notenda sér veikara lykilorð en þeir höfðu áður verið með.

Nú til dags, þegar flestir reiða sig á veraldarvefinn fyrir flest, er mikilvægt að huga að stafrænu öryggi. Lykilorðum notenda að vinsælum síðum á borð við tumblr., Dropbox, Last.fm, MyFitnessPal og mun fleirum hefur verið stolið og fyrir óprúttinn aðila með lágmarksleitarvélaþekkingu er ekkert ofboðslega flókið að finna síður þar sem hægt er að kaupa aðgang að þessum lykilorðum.

Hægt er að nota Password Checkup og til að mynda vefsíðuna haveibeenpwned.com til þess að sjá hvort lykilorðum manns hafi verið stolið. Þá gæti sumum þótt gott að styðjast við lykilorðastjóra á borð við LastPass og Dashlane til þess að halda utan um öll lykilorðin og stinga upp á nýjum, öruggum lykilorðum. Og í því skyni að fyrirbyggja að aðganginum verði stolið, jafnvel þótt lykilorðinu sé lekið, getur verið gott að kveikja á tveggja þátta auðkenningu. Sum sé því að staðfesta þurfi innskráningu með bæði síma og lykilorði. **thorgnyr@frettabladid.is**

Fögnum sumri!

Næsti áfangastaður
Blómstrandi dagar
Hverageröi

Ferðabílar með sumarpökkum

Komdu í heimsókn og prófaðu nýjan Mitsubishi. Mitsubishi býður í sumar fjölbreytta sumarpakka að verðmæti **400.000 kr.** með öllum nýjum bílum frá Mitsubishi. Sumarpakkarnir passa vel fyrir þá sem ætla að nýta sér sumarið, enda tengjast þeir allir ferðalögum og útivist.

Sumarpakkarnir

- Ferðapakkinn
- Veiðipakkinn
- Sportpakkinn
- Fjallapakkinn
- Hjólapakkinn

Dæmi um sumarpakka:
Ferðapakki Outlander PHEV:
- Aukahlutapakka frá Mitsubishi að eigin vali að verðmæti 300.000 kr.
- Gjafakort frá Víkurverk að verðmæti 50.000 kr.
- Osprey ferðapoka frá GG Sport að verðmæti 25.000 kr.
- Hleðslukort Ísorku að verðmæti 25.000 kr.

Fjallapakki L200:
- Breytinga- og aukahlutapakka frá Mitsubishi að eigin vali að verðmæti 375.000 kr.
- Osprey ferðapoka frá GG Sport að verðmæti 25.000 kr.

Hver er pakkinn þinn?
Nánar á www.mitsubishi.is

Mitsubishi hefur verið á ferð og flugi í allt sumar. Nú er komið að því að slá botninn í frábært ferðalag og lokaáfangastaðurinn er **Blómstrandi dagar í Hverageröi, laugardaginn 17. ágúst. Outlander PHEV** og **L200** láta sig ekki vanta og rithöfundurinn, leikarinn og veiðimaðurinn Gunnar Helga stýrir fjörinu að vanda. Veiðikortaveiði, bakkkeppni Mitsubishi og Gunnar les upp úr nýjustu bók sinni, Barist í Barcelona.

Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn allan sólarhringinn. Skoðaðu úrvalið!
www.hekla.is/mitsubishisalur

MITSUBISHI MOTORS
Drive your Ambition

www.mitsubishi.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Styrkir til atvinnuleikhópa

Umsóknarfrestur til **1. október**

Leiklistarráð auglýsir eftir umsóknum um styrki til starfsemi atvinnuleikhópa á árinu **2020**. Veittir eru styrkir til einstakra verkefna eða starfssamninga til tveggja ára.

Umsóknarfrestur er til og með 1. október 2019.
Umsóknum skal skilað rafrænt á www.rannis.is.
Einungis er tekið við rafrænum fylgigögnum með umsókn.

Athugið að umsókn um styrki til starfsemi atvinnuleikhópa getur einnig gilt sem umsókn til listamannalauna ef umsækjandi merkir við þar til gerðan reit í umsóknarformi.

Samkvæmt leiklistarlögum nr. 138/1998 skilar leiklistarráð tillögu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úthlutun fjár til stuðnings atvinnuleikhópum.

Nánari upplýsingar:
Guðmundur Ingi Markússon og
Ragnhildur Zoëga, sími: 515 5838.
atvinnuleikhopar@rannis.is,
www.rannís.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Þú finnur draumastarfið á
Job.is

Þaulsætni kanslarinn

Angela Merkel sækir Ísland heim sem gestur fundar norrænna forsætisráðherra. Hefur setið lengur en nær allir Þýskalandskanslarar og getið sér gott orð.

UTANRÍKISMÁL Íslendingar undirbúa nú enn eina stórheimsókn ársins. Eftir að hafa tekið á móti Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóra NATO, Frank-Walter Steinmeier, forseta Þýskalands og sjálfum Ed Sheeran, sem reyndar er tónlistarmaður, er röðin nú komin að Angelu Merkel, kanslara Þýskalands. Já og reyndar leiðtogum hinna Norðurlandanna.

Merkel kemur hingað sem sérstakur heiðursgestur á sumarfundi norrænu forsætisráðherranna og mun að auki funda með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra einni. Fyrirséð er að hún virði fyrir sér Þingvelli og Viðey.

Fáir núverandi þjóðarleiðtogar hafa setið jafnlengi og Merkel. Hvað þá á Vesturlöndum. Hún tók við sem kanslari árið 2005 og mun, að öllu óbreyttu, sitja til ársins 2021. Þegar hún lætur af embætti eftir tvö ár verður hún komin upp í annað sæti á listanum yfir þaulsætnustu kanslarana. Með sextán ár líkt og Kohl og þannig einungis á eftir Otto von Bismarck, sem sat í 23 ár mínus einn dag.

Að því er kom fram í úttekt Deutsche Welle á valdatíð kanslarans hefur Merkel-tíminn einkennst af stækkandi þýsku hagkerfi og minnkandi atvinnuleysi. Það sem hefur vakið mesta athygli er þó hvernig Merkel hefur tekist á við afar erfið pólitísk mál á borð við grísku kreppuna, sem ógnaði evrusvæðinu öllu, hina ólöglegu innlimun Rússa á Krímskaga, mikið flæði flóttafólks til Evrópu og uppgang þjóðernisöfgamanna í Þýskalandi.

Merkel, með hendurnar í sinni þekktu stellingu. NORDICPHOTOS/AFP

Merkel hefur getið sér góðan orðstír fyrir að koma á viðræðum á milli karpandi fylkinga og lýsir hinn fyrrnefndi þýski miðill henni sem afar færri í krísustjórnun.

Hún hefur dregið Kristilega demókrata, alla jafna stærsta hægriflokk Þýskalands nútímans, inn á miðjuna. Til að mynda með því að opna dyrnar fyrir flóttafólki. Það bauð hins vegar upp á tækifæri fyrir öfgaflokkinn AfD og þótt útlit sé fyrir að Kristilegir demókratar verði stærstir í næstu kosningum, samkvæmt skoðanakönnunum, er fylgið langt frá þeim hæðum sem það náði þegar Merkel sótti 41,5 prósent atkvæða árið 2013. Áður en flóttamannakrísan náði hæðum sínum. **thorgnyr@frettabladid.is**

VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

NÝR OG GLÆSILEGUR
RANGE ROVER EVOQUE

LAND ROVER
ABOVE & BEYOND

landrover.is

ENNEMM / SÍA / NM95139

LAND ROVER
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

Range Rover Evoque. Verð frá: **7.890.000 kr.**
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

Kringlan

Allskonar nýjasta nýtt fyrir haustið

TÍSKUSÝNING KRINGLUNNAR

13.00 Tískusýning

Ísgerður, fréttakona krakkanna, kynnir allt það nýjasta í hausttískunni og Flóni heldur uppi stemningunni

14.00–16.00 Skemmtidagskrá

- Ís frá Emmessís
- Blöðrur
- Andlitsmálun
- Krakka-tattoo
- Naglalökkun

Mundu eftir 2000 kr. afsláttarmiðanum!

Dagskrá fer fram í göngugötu

OPIÐ:
LAUGARDAG 10–18
SUNNUDAG 13–18
kringlan.is

KONTOR REYKJAVÍK

FLORIDA
Skemmtilegur leðurhornsófi með tungu. Dökkbrúnt eða -grátt leður.
Stærð: 260 × 218 × 95 cm

349.990 kr.

MEXICO
Hægindastóll. Sinnepsgult, grænt eða grátt sléttflauel. Snúningsfótur

84.990 kr.

Hægindastóll. Svart leður. Snúningsfótur.

119.990 kr.

RIA
Tungusófi í retro-útliti í sléttflaueli í bleikum tóni eða dökkgráu áklæði. Mjúk bólstrun í baki og hliðum eykur þægindi og gefur sérstakt útlit. Sófarnir hafa svarta viðarfætur. Stærð: 222 x 148 x 78 cm

159.990 kr.

LINARI
Sófi í einstöku útliti með bogalaga tungu og geymsluhólfi í armi. Ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 304 x 150 x 85 cm

449.990 kr.

LARKIN-HURST
Klassísk amerísk húsgögn. Fáanlegir 2ja og 3ja sæta sófar, hægindastóll og svefnsófi. Slitsterkt microfiber áklæði.

2ja sæta: 168 x 99 x 96 cm

179.990 kr.

Stóll: 101 x 109 x 101 cm

99.990 kr.

3ja sæta: 226 x 99 x 96 cm

189.990 kr.

Svefnsófi: 226 x 99 x 96 cm

249.990 kr.

EMERSON
Stílhreinn og fallegur tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Grátt og dökkgrátt, sklitsterkt áklæði eða dökkgrátt sléttflauel. Stærð: 244 x 12 x 78 cm

179.990 kr.

ALINA
Borðstofuhúsgögn úr reyktri spónlagði eik.

Borðstofuborð, stækknir (seldar sér), borðstofuskenkur og borðstofuskápur.

Skenkur: 160 x 45 x 72 cm

169.990 kr.

Borðstofuborð: 200 x 100 x 74 cm

149.990 kr.

Stækkanir 2 stk.: 50 x 100 cm

39.990 kr.

Skápur: 72 x 36 x 145 cm

139.990 kr.

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

NÝTT OG SPENNANDI Í HÖLLINNI

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

SCOTT
Hornsófi úr sterku koníaksbrúnu bonded leðri (leðurblöndu). Innra byrði púðanna er úr kaldpressuðum (mjög endingargóðum) svampi, trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fæturnir eru sterkir úr svörtu járni. Fæst með hægra eða vinstra horni (ekki færanlegt). Stærð: 293 x 217 x 85 cm.

202.493 kr.
~~269.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

NELSON
Borðstofustóll, gylltir fætur og ljósgrátt áklæði

27.990 kr.

NELSON
Borðstofustóll, króm fætur og dökk- eða ljósgrátt áklæði

23.990 kr.

LOLA
Borðstofustóll. Svart, dökkblátt, dökkgrátt eða bleikt sléttflauel. Einnig dökkgrátt áklæði.

24.990 kr.

DEMINA
Borðstofustóll. Svart PU leður eða grátt áklæði.

5.990 kr.

DANA
Borðstofustóll. Grátt áklæði

7.990 kr.

DIA
Borðstofustóll. Svart PU leður eða grátt áklæði.

6.990 kr.

AUBURN
Hægindastóll á snúningsfæti. Dökkgrátt eða Bordeaux rautt sléttflauel.

89.990 kr.

SEDUCE
3ja sæta sófi og skammel í grágrænu sléttfalueli. Svartir fætur.

Skammel: 80 x 53 x 39,5 cm
89.990 kr.

Sófi: 229 x 83 x 78,5 cm
299.990 kr.

IITTALA
Sérsök lína af Moomin könnum með myndum úr nýrri 3D teiknimyndaseríu sem væntanleg er í framleiðslu.
2.990 kr.

BITZ
Ótrúlega fallegar leirskálar frá Bitz. Margir litir og stærðir.
Verðdæmi: Ø 14 cm.
1.990 kr.

NORDAL
Hvít emeleruð wokpanna með loki.
14.990 kr.

HÚSGAGNA HÖLLIN

Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur

Reykjavíkurborg auglýsir hér með eftir óprentuðu handriti að skáldverki fyrir börn eða unglinga, frumsömdu á íslensku, til að keppa um Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur. Verðlaununum verður úthlutað í annað sinn í apríl 2020.

Verðlaun að upphæð 1 milljón króna verða veitt fyrir eitt handrit.

Þriggja manna dómnefnd metur verkin og eru meðlimir hennar tilnefndir af menningar-, íþrótta – og tómstundaráði, Reykjavík bókmenntaborg UNESCO og Rithöfundasambandi Íslands.

Útgáfuréttur verðlaunahandrits er í höndum höfundar eða þess forlags sem hann ákveður að starfa með. Sé dómnefnd á einu máli um að ekkert innsent handrit fullnægi þeim kröfum sem hún telur að gera verði til verðlaunaverka má fella verðlaunaafhendinguna niður það árið.

Handritum skal skila undir dulnefni, en nafn og símanúmer höfundar fylgi með í lokuðu umslagi.

Handrit berist í síðasta lagi 9. janúar.

Utanáskrift:
Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur
b.t. Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík

Í apríl 2018 samþykkti borgarráð að frá 2019 verði Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur veitt árlega að vori fyrir handrit að nýrri barna eða ungmennabók. Bergrún Íris Sævarsdóttir hlaut verðlaunin árið 2019 fyrir handritið að bókinni *Kennarinn sem hvarf.*

Listamannalaun 2020

Umsóknarfrestur **1. október**

Auglýst eru til umsóknar starfslaun listamanna sem úthlutað verður árið 2020 í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2009.

Umsóknarfrestur rennur út 1. október.

Úthlutað verður úr eftirfarandi sjóðum:
launasjóður **hönnuða**
launasjóður **myndlistarmanna**
launasjóður **rithöfunda**
launasjóður **sviðslistafólks**
launasjóður **tónlistarflytjenda**
launasjóður **tónskálda**

Allar umsóknir eru nú einstaklingsumsóknir; í vinnuáætlun er hægt að tilgreina samstarf sérstaklega.

Nota þarf rafræn skilríki við umsóknina. Eingöngu verður tekið við rafrænum fylgigögnum.

Hafi umsækjandi hlotið starfslaun áður, verður umsókn aðeins tekin til umfjöllunar ef loka- eða framvinduskýrslu vegna síðustu úthlutunar hefur verið skilað til stjórnar listamannalauna, sbr. ákvæði 4. gr. laga um listamannalaun nr. 57/2009.

Vakin er athygli á að atvinnuleikhópar sækja til leiklistarráðs (styrkir til atvinnuleikhópa); umsóknin getur einnig gilt til listamannalauna sé merkt við þar til gerðan reit í umsóknarformi.

Umsóknareyðublað og eyðublað fyrir framvinduskýrslu ásamt lögum og reglugerðum um sjóðinn og stefnu stjórnar, má finna á vefslóðinni **www.listamannalaun.is**.

Nánari upplýsingar veita Ragnhildur Zoëga og Guðmundur Markússon á skrifstofu Rannís, listamannalaun@rannis.is.

Stjórn listamannalauna, ágúst 2019

launasjóður artists' listamanna salary fund

rannís
www.rannis.is

Enginn her dugar gegn loftslagsbreytingum

Þegar Andri Snær Magnason rithöfundur var beðinn um að skrifa texta á minnismerki um Ok, jökulinn sem hvarf, hélt hann sig vera að skrifa fyrir örfáa einstaklinga. Nú er þetta líklega orðið hans mest lesni texti frá upphafi.

Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is



UMHVERFISMÁL Á morgun mun hópur fólks ganga upp á Ok þar sem komið verður fyrir sérstöku minnismerki um þennan fallna jökul. Það eru bandarísku vísindamennirnir Cymene Howe og Dominic Boyer sem standa fyrir viðburðinum. Á síðasta ári var frumsýnd heimildarmynd þeirra sem ber heitið „Not Ok“ sem fjallaði um fjallið sem missti stöðu sína sem jökull árið 2014.

Vísindamenn telja að ef ekkert verði gert til að sporna við loftslagsbreytingum gætu allir íslenskir jöklar horfið á næstu 200 árum. Á minnismerkið eru rituð skilaboð til framtíðarinnar um að við vitum hvað sé að gerast og hvað þurfi að gera. Aðeins sá sem lesi skilaboðin í framtíðinni viti hvort eitthvað hafi verið gert.

Með í för verða Oddur Sigurðsson jarðfræðingur sem úrskurðaði um afdrif Oks og rithöfundurinn Andri Snær Magnason sem skrifaði textann á minnismerkið. Andri Snær segir aðkomu hans tilkomna af því að hann hafi verið fenginn sem viðmælandi í heimildarmyndina um Ok.

Heimspekileg áskorun

„Þau hringdu í mig og báðu mig að skrifa þennan texta. Það var auðvitað svolítið heimspekileg áskorun. Ég hugsaði að ég væri að skrifa þetta fyrir rosalega fáa. Kannski þessar tíu manneskjur sem myndu þvælast upp á Ok á næstu árum. Síðan er þetta sennilega orðinn mest lesni texti sem ég hef skrifað,“ segir Andri Snær.

Viðburðurinn hefur nú ratað í flesta af stærstu fjölmiðlum heims en Andri Snær segir þetta greinilega hafa slegið einhverja nótu í heiminum. Hann hafi aldrei séð aðra eins umfjöllun.

„Það er að verða mjög mikil vakning í heiminum um loftslagsmálin og þau eru náttúrulega stærsta frétt heimsins. Þeir sem hafa haft áhyggjur af þessu í 30 ár hafa einmitt kvartað yfir því að það hafi ekki verið þannig.“

Göldrótt tímasetning

Andri Snær telur að tímasetningin nú sé svolítið göldrótt. Þannig vilji til að Angela Merkel og allir forsætisráðherrar Norðurlandanna séu að koma til landsins.

> **Á ævi einnar manneskju eru að verða breytingar sem áður gerðust kannski á milljón árum.**
>
> Andri Snær Magnason rithöfundur

„Ég myndi segja að þessi viðburður ætti að hjálpa til við að vekja athygli á þessum málum. Svo er Greta Thunberg akkúrat núna á leiðinni yfir Atlantshafið á skútu. Hún er að sýna að krökkunum er alvara. Það er ekki verið að undirbúa farveginn fyrir þeirra framtíð.“

Þannig hittir á að Andri Snær sem hefur síðustu ár verið að skrifa bók um þessi málefni skilaði lokapróförk í gær. „Svo er það bara beint upp á Ok. Það sem ég er að fjalla um í bókinni er það hvernig náttúran er farin að breytast á mannlegum hraða í stað jarðfræðilegs. Á ævi einnar manneskju eru að verða breytingar sem áður gerðust kannski á milljón árum.“

Enginn her til bjargar

Andri Snær segir að auðvitað geti það gerst öðru hverju að jöklar hverfi einhvers staðar. „En að þeir séu allir á förum samtímis, það eru hamfarir. Íslendingar hafa verið svolítið værukærir. Við upplifðum auðvitað litlu ísöldina og alls konar sveiflur í jöklum.“

Síðastliðinn júlímánuður mældist hlýjasti mánuður heimsins frá upphafi mælinga og hafa síendurteknar hitabylgjur gengið yfir víða um heim. „Þetta sumar hefur ekki verið eðlilegt að neinu leyti. Hitamet voru slegin í Evrópu um fjórar gráður. Hitamet eiga að vera slegin um 0,1 gráðu en ekki fjórar. Þetta er algjört rugl,“ segir Andri Snær.

Hann segir að reiknað hafi verið út að hægt sé að fara langt með því að draga nægilega mikið úr notkun skaðlegra orkugjafa og auka hlut umhverfisvænni orku fyrir um 2,5 prósent af framleiðslu heimsins.

„Það er álíka mikið og hernaðarútgjöld eru að meðaltali í hinum vestræna heimi. Það er samt enginn her sem getur forðað okkur frá þessu. Staðan er þannig að annaðhvort vinna allir eða allir tapa.“

Þau Cymene og Dominic á fjallinu Ok þegar þau unnu að gerð heimildarmyndarinnar “Not Ok.” MYND/RICE UNIVER-

Gleðilega hátíð

Vit og strit

Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Veldu latan mann til að vinna erfitt verk, því sá lati mun finna auðvelda leið til að vinna verkið.“

Einhvern veginn svona hljóma ummæli sem ýmist eru eignuð Bill Gates, stofnanda Microsoft, eða Walter Chrysler, sem stofnaði samnefndan bílaframleiðanda. Til er ofgnótt orðatiltækja sem lýsa sambærilegri hugsun, til að mynda hið rótgróna og rammíslenska „Betur vinnur vit en strit“.

Þetta á ekki síst við í stjórnmálum og við stjórnun stórra og mikilvægra fyrirtækja. Iðni stjórnmálamaðurinn getur beinlínis verið stórhættulegur ef hann beinir starfsorku sinni í rangan farveg. Vaðlaheiðargöng eru sögð afrakstur þrautseigju og vinnusemi tiltekinna stjórnmálamanna. Flest bendir til að þeirri orku hefði verið betur varið í önnur verk en að stytta ferðatíma Norðlendinga um fimmtán mínútur, á reikning okkar allra hinna.

Svo eru aðrir sem sagðir eru iðnir og duglegir en koma í raun sáralitlu í verk. Theresa May, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, verður seint sökuð um leti eða að vera ekki vakin og sofin yfir verkefnum líðandi stundar. Þrátt fyrir eljuna tókst henni ekki að koma samningunum um Brexit gegnum þingið. Hennar eftirmæli verða heldur rýr fyrir vikið. Eftirmaður hennar Boris Johnson er sagður latur, kvensamur og kærulaus. Hann teflir nú djarft gagnvart Evrópusambandinu og hótar útgöngu án samnings.

En hvað ef honum tekst að ná samningum? Hefur þá Johnson hinn lati ekki komið meiru í verk en May hin iðna, og þar með unnið landinu meira gagn? Alveg örugglega.

Undanfarna mánuði hefur Orkupakkamálið verið fyrirferðarmikið í opinberri umræðu á Íslandi. Sumir vilja beinlínis stofna Evrópusamstarfi þjóðarinnar í hættu. Aðrir vilja skjóta málinu til hinnar svokölluðu EES-nefndar. Flest bendir til þess að þar séu sáralitlir raunverulegir hagsmunir undir. Verið er að eyða mikilli orku í mál sem varðar sáralitla, ef nokkra raunverulega hagsmuni lands og þjóðar.

Vera kann að einhverjir geti fært rök fyrir því að Ísland eigi að færa sig í átt til aukinnar einangrunar og hafa meira sjálfdæmi um eigin mál. Orkupakkarnir svokölluðu eru hins vegar afleitur slagur að taka í þeim efnum, nema viðkomandi pólitíkusar stundi vísvitandi tilfinningaklám með tilvísunum til auðlinda og orku þjóðarinnar eigin starfsframa til framdráttar.

Allt bendir til þess að orku stjórnmálamanna sé betur varið í annað en þras um hinn svokallaða Orkupakka. Næg eru viðfangsefnin. Þeir sem mesta elju og eftirfylgni sýna í umræðum um Orkupakkamálið eru að vinna þjóð sinni tjón, og beina kastljósinu frá áþreifanlegum viðfangsefnum.

Betur vinnur vit en strit í þeim efnum.

Orkupakkarnir svokölluðu eru hins vegar afleitur slagur að taka í þeim efnum, nema viðkomandi pólitíkusar stundi vísvitandi tilfinningaklám með tilvísunum til auðlinda og orku þjóðarinnar eigin starfsframa til framdráttar.

FLOREALIS

Haltu þínu striki!

Harpatinum við gigtar- og liðverkjum.
Bætir hreyfigetu og dregur úr stirðleika.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á serlyfjaskra.is.

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki — Viðurkennt af Lyfjastofnun

Gunnar

Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Óbreytt agúrka

Gúrkutíð. Hugtakið er notað um tímann þegar lítið er í fréttum, einkum yfir sumarmánuðina þegar allir eru í fríi, þing liggur í dvala og viðskiptalífið er lífvana. Orðið fengum við Íslendingar að láni úr dönsku en í Danmörku er talað um „agurketid“. Danir stálu hugtakinu úr þýsku en Þjóðverjar kalla þennan viðburðalitla tíma „Sauregurkenzeit“ eða tíma sýrðra gúrkna. Talið er að upphaf orðsins megi rekja til kaupmanna sem stunduðu viðskipti í Berlín á 18. öld. Síðsumars, þegar gúrkur voru lagðar í súr, stóðu frí sem hæst og ládeyða ríkti í viðskiptum.

Í tilefni þess að gúrkutíð stendur nú sem hæst fylgja hér tíu áhugaverðar staðreyndir um agúrkur:

- Agúrka er gjarnan felld undir hugtakið grænmeti þótt hún sé ávöxtur klifurplöntu af graskersætt. Orðið agúrka er komið úr grísku en þar er orðið angourion haft um vatnsmelónur. Agúrkan er einmitt náskyld melónu.
- Agúrkur hafa verið ræktaðar í þrjúþúsund ár. Gúrkan á upphaf sitt í Indlandi. Talið er að agúrkan hafi breiðst um Evrópu með útþenslu Grikklands og Rómaveldis.
- Gúrkur voru hafðar í hávegum í Rómaveldi. Þær voru ekki aðeins álitnar herramannsmatur heldur voru þær einnig taldar bæta sjón, lækna sporðrekabit og fæla burt mýs. Konur báru gúrkur um mittið í von um að auka líkur á að verða barnshafandi. Rómarkeisarinn Tíberíus var sjúkur í gúrkur og krafðist þess að þær væru á borðum á hverjum einasta degi, allt árið um kring. Þar sem gúrkur voru aðeins fáanlegar á sumrin brugðu garðyrkjumenn Tíberíusar á það ráð að rækta gúrkur í kössum á hjólum sem þeir keyrðu um í leit að sólarbletti.
- Árið 1883 var Daninn Hans J. G. Schierbeck settur landlæknir á Íslandi. Hann var ástríðufullur garðyrkjumaður og kom sér upp fjölskrúðugum matjurtagarði við hús sitt í Reykjavík. Árið 1890 lýsti hann í grein tilraunum sínum til gúrkuræktar. „Jeg fjekk 5 smáar salat-agúrkur í glugga einum. Ef jeg hefði haft ráð og rúm til að rækta þær í 5 eða 6 heitum samanhangandi gluggum, hefði jeg vafalaust komizt lengra áleiðis með ræktun þeirra.“ Voru þessar fimm til sex smáu salat-agúrkur líklega ein fyrsta tilraun til gúrkuræktar á Íslandi.
- Árið 1896 byggði kaupmaður á Sauðárkróki fyrsta gróðurhúsið sem reist var á Íslandi. Húsið var hitað með hrossataði. Voru ræktuð í því skrautblóm og matjurtir. Árið 1925 reis gróðurhús á Reykjum í Mosfellssveit þar sem stunduð var tómatarækt. Ræktun á gúrkum hófst um svipað leyti og eru þær nú ræktaðar hér á landi árið um kring.
- Agúrkan er fjórða mest ræktaða grænmeti í heiminum í dag. Kína er stærsti agúrkuframleiðandi heims en þar eru þrír fjórðu hlutar allra agúrkna ræktaðir, eða 55 milljón tonn á ári.
- Gúrka er 96% vatn.
- Hún er þó langt frá því að vera næringarsnauð. Agúrkur innihalda A-, B- og C-vítamín, kalk og járn. Gúrkur innihalda lítið af hitaeiningum, aðeins 12 hitaeiningar í 100 grömmum (til samanburðar má geta þess að í 100 grömmum af SS vínarpylsum eru 229 hitaeiningar).
- Gúrkur hafa verið ræktaðar úti í geimnum í Alþjóðlegu geimstöðinni.
- Gúrkutíð kallast á ensku „silly season“ eða árstíð kjánaskapar. Engilsaxar eiga þó sitt eigið orðasamband um agúrkur. „Cool as a cucumber“, eða svalur eins og gúrka, er notað yfir þá sem hafa stáltaugar. Orðasambandið er ekki úr lausu lofti gripið. Gúrkur geta verið allt að tíu til tuttugu gráðum kaldari að innan en að utan. Ástæðan er hátt vatnshlutfall gúrkunnar en vatn hitnar hægar en loft.

Við fyrstu sýn kann óbreytt agúrkan að virðast jafnóáhugaverð og dauft bragðið af henni gefur til kynna. En því fer fjarri. Áhugaverðar staðreyndir um gúrkur eru óteljandi. Framhald í næstu gúrkutíð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

LOKADAGUR! LOKADAGUR!

SUMARVERÐ!

Á NÝJUM OG NOTUÐUM BÍLUM

OPIÐ Í DAG KL. 12-16

SÍÐASTI SÉNS!

GEGGJAÐ VERÐ!

Sjáðu úrval notaðra bíla á vefnum! notadir.brimborg.is

VOLVO V40 CROSS COUNTRY

D2 Momentum Edition
2.0 Turbo dísil, 120 hö, 5 dyra og sjálfskiptur

Búnaður innifalinn í D2 Momentum Edition umfram ríkulegan staðalbúnað er: Momentum útfærsla, leðuráklæði, málmlitur, leiðsögukerfi, Sensus Connect hljómtæki, 8 hátalarar, 7" skjár, Led aðalljós, Led lýsing í innréttingu, nálægðarskynjari að aftan og bakkmyndavél.

AÐEINS: 4.390.000 kr.

AÐEINS 3 BÍLAR Í BOÐI

MAZDA6 PREMIUM

2.0 bensín, 165 hö, sjálfskiptur

Frábærir aksturseiginleikar og ríkulegur staðalbúnaður einkenna Mazda6 Premium. GPS vegaleiðsögn, bakkmyndavél, nálægðarskynjarar að framan og aftan, Head up display, hiti í stýri, upphituð framrúða og aðlögunarhæfur hraðastillir svo fátt eitt sé upptalið.

Verð með aukabúnaði:
AÐEINS: 4.270.000 kr.

AÐEINS 3 BÍLAR Í BOÐI

FORD KUGA TITANIUM S AWD

2.0 TDCi dísil, 150 hö, 5 dyra og sjálfskiptur

Leðuráklæði á sætum, upphitanlegt stýri, lyklalaust aðgengi og starthnappur, rafdrifinn afturhleri með skynjara, Apple CarPlay og Android Auto, SYNC3 raddstýrt samskiptakerfi, leiðsögukerfi með Íslandskorti, 8" snerti/litaskjár í miðjustokk, Easy Fuel án skrúfaðs bensínloks, dökklitaðar rúður í farþegarými, LED dagljós, bakkmyndavél, BLIS myndavél, bílastæðaaðstoð, hraðastillir með nálægðarskynjara, nálægðarskynjari að framan og aftan, brekkuaðstoð, upphitanleg framrúða. Öryggispakki sem innifelur m.a.: Árekstrarvörn, veglínuskynjara, ökumannsvaka, Cross Traffic aðvörun fyrir hliðarumferð og umferðarskiltalesara. Aukabúnaður: Málmlitur og varadekk.

Verð með aukabúnaði:
AÐEINS: 5.790.000 kr.

AÐEINS 4 BÍLAR Í BOÐI

CITROËN C4 SPACETOURER FEEL

1.2 bensín, 130 hö, sjálfskiptur 8 þrepa

Há sætisstaða og gott útsýni einkennir C4 SpaceTourer. Staðalbúnaður er ríkulegur og má þar nefna, 7" snertiskjá, Bluetooth snjallsímatengingu, 16" álfelgur, tölvustýrða miðstöð, armpúða á framsætum og þrjú jafnstór sæti afturí svo auðvelt er að koma jafnvel þrem barnabílstólum fyrir. Innifalinn aukabúnaður: Bakkmyndavél, raffellanlegir speglar og málmlitur.

Verð með aukabúnaði:
AÐEINS: 3.850.000 kr.

AÐEINS 2 BÍLAR Í BOÐI

PEUGEOT 208 ACTIVE

1.2 bensín, 82 hö, beinskiptur

Peugeot 208 er nettur bíll með mikinn persónuleika og fágaðan stíl. Hann er sportlegur og töffaralegur smábíll. I-Cockpit ökumannsrýmið er fyrsta flokks með 7" snertiskjá, stafrænum mælum í mælaborði og nettu stýri ásamt því að vera með Bluetooth snjallsímatengingu og hraðastilli. Innifalinn aukabúnaður: Málmlitur og nálægðarskynjari að aftan.

Verð með aukabúnaði:
AÐEINS: 2.240.000 kr.

AÐEINS 3 BÍLAR Í BOÐI

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 og 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Opið virka daga kl. 9-17
Laugardaga 12-16

Komdu í Brimborg strax í dag og tryggðu þér nýjan bíl á geggjuðu Sumarverði!

brimborg.is

Bikarinn á Selfoss eða í Vesturbæinn

Selfoss getur orðið bikarmeistari í knattspyrnu kvenna í fyrsta skipti þegar liðið leikur gegn KR sem hefur aftur á móti unnið keppnina fjórum sinnum. Liðin hafa átt ólíku gengi að fagna í sumar en lykilleikmenn liðanna sem keppa í dag búast við jöfnum og spennandi leik.

Þórunn Helga Jónsdóttir, fyrirliði KR, og Anna María Friðgeirsdóttir, kollegi hennar hjá Selfossi, berjast um bikarinn í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FÓTBOLTI Selfoss og KR leiða saman hesta sína í úrslitaleik Mjólkurbikars kvenna í knattspyrnu síðdegis í dag. Það verður Egill Arnar Sigurþórsson sem flautar til leiks á Laugardalsvellinum klukkan 17.00. Þetta verður í fyrsta skipti sem Egill Arnar dæmir bikarúrslitaleik í meistaraflokki.

KR býr að ríkari hefð hvað bikarmeistaratitla varðar en félagið freistar þess að vinna sinn fimmta bikarmeistaratitil á meðan Selfoss hefur tvisvar sinnum farið í bikarúrslit og tapaði í bæði skiptin.

KR vann bikarkeppnina síðast árið 2008 en þá skoraði Hólmfríður Magnúsdóttir núverandi leikmaður Selfoss þrjú marka KR í 4-0 sigri gegn Val. Selfoss laut hins vegar í lægra haldi fyrir Stjörnunni í bikarúrslitum árin 2014 og 2015.

Selfoss að reyna í þriðja sinn

Anna María Friðgeirsdóttir, fyrirliði Selfoss, kom inn á sem varamaður í fyrra tapinu en var í byrjunarliðinu í seinna tapinu. Hún segir það hafa verið á markmiðalista sínum fyrir sumarið að fara í bikarúrslit en Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari liðsins, hafi skammað hana fyrir að ganga ekki nógu langt í markmiðasetningu sinni.

„Góður árangur okkar í sumar hefur alls ekki komið okkur á óvast og það var til að mynda á markmiðalistanum mínum að fara alla leið í bikarúrslit. Alfreð Elías var hins vegar ekki ánægður með það og vildi að ég breytti því í að vinna titilinn. Það er vissulega rétt hjá honum að það er bjánalegt að stefna ekki á sigur þegar þú ert komin svona langt," segir Anna María um sumarið á Selfossi.

„Það er mikil stemming fyrir þessum leik á Selfossi og það hjálpar okkur mikið hvað bæjarbúar standa þétt við bakið á okkur. Við erum með mikið breytt lið frá því að við vorum síðast í úrslitum og aðrir lykilleikmenn en voru þá. Við erum staðráðnar í að brjóta blað í sögu félagsins og vinna okkar fyrsta bikarmeistaratitil í þessum leik.

Þetta eru jöfn lið og KR-ingar eru með betra lið en staða þeirra í deildinni gefur til kynna. Við verðum bara að fara eftir þeim gildum sem hafa komið okkur í þennan leik og eiga okkar besta leik til þess að takast það sem við ætlum okkur," segir hún um komandi verkefni.

> **Þetta er klárlega skemmtilegasti leikur ársins og það verður ekkert þreytt að fá að taka þátt í honum.**
>
> Lilja Dögg Valþórsdóttir

Skemmtilegasti leikur ársins

Lilja Dögg Valþórsdóttir, varnarmaður KR sem hefur orðið bikarmeistari með KR, Val og Breiðabliki, segir það alltaf jafn skemmtilegt að undirbúa sig fyrir bikarúrslitaleik og leikdagurinn í bikarúrslitum sé engum líkur.

„Þetta er klárlega skemmtilegasti leikur sem ég spila og það verður ekkert þreytt að fá að taka þátt í honum. Undirbúningur okkar hefur og mun verða frekar hefðbundinn utan þess að við hentum okkur í rappgírinn og tökum upp pepplag fyrr í vikunni. Það er ekki eitthvað sem ég sá fyrir mér að ég myndi gera að vera í rappmyndbandi en hvað gerum við ekki fyrir boltann?" segir Lilja Dögg um stemminguna í Vesturbænum.

„Spilamennska okkar hefur verið sveiflukennd í sumar en mér finnst við hafa bætt okkur í síðustu leikjum okkar og við mætum fullar sjálfstrausts í þennan leik. Þetta verður jafn leikur og það mun bara ráðast á því hvort liðið nær að sýna sitt rétta andlit hvorum megin bikarinn endar.

Þetta eru lið sem spila ólíkan leikstíl og ég á von á skemmtilegum leik. Vonandi endar hann á jákvæðan hátt og allt of langri bið KR-liðsins eftir bikarmeistaratitli ljúki," segir þessi þrautreyndi varnarmaður um leikinn. **hjorvaro@frettabladid.is**

Erum með betra lið en Portúgal og eigum að vinna í dag

KÖRFUBOLTI Íslenska karlalandsliðið í körfubolta leikur í dag gríðarlega mikilvægan leik í undankeppni EuroBasket 2021 þegar Portúgal kemur í heimsókn í Laugardalshöll. Þetta er annar leikur liðanna á tíu daga tímabili eftir að Portúgal vann leik liðanna ytra með minnsta mun, 80-79, þar sem það munaði millimetra að Ísland hefði sigur með lokaskoti leiksins.

Íslenska liðið hefur fengið tæpa viku í hvíld í undirbúningnum fyrir þennan leik og að sögn landsliðsþjálfarans var lítið um meiðsli innan hópsins.

Eftir sextán stiga sigur Portúgals á Sviss á miðvikudaginn er það ljóst að Portúgal tryggir sér sigur í riðlinum með sigri í dag þó að Ísland og Sviss eigi eftir að mætast. Það er því allt undir hjá íslenska liðinu í dag við að komast í lokakeppni EuroBasket þriðja skiptið í röð.

Martin átti stórfínan leik síðast þegar liðin mættust. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Okkur fannst að við ættum að vinna leikinn úti þó að þeir væru að hitta á einn sinn besta leik í langan tíma. Það voru allir að hitta hjá þeim og það gekk allt 50/50 upp hjá þeim sem segir mér að við eigum að vinna í dag. Við erum betri en Portúgal í körfubolta, erum með betra lið og hæðina á þá sem fyllir mann sjálfstrausti fyrir leikinn. Þetta er leikur sem við verðum að vinna eftir úrslitin í leik Portúgals og Sviss," sagði Martin Hermannsson, aðspurður út í andstæðing dagsins.

Stutt er síðan liðin mættust síðast í Laugardalshöllinni þar sem Ísland vann öruggan 24 stiga sigur en Craig Pedersen, þjálfari landsliðsins, á von á erfiðari leik í dag.

„Það var sérstakur leikur, það var ljóst að liðin kæmust ekki áfram úr riðlinum. Portúgal saknaði nokkurra lykilleikmanna á meðan við vorum með afar sterkt lið þann daginn. Þeir eru komnir með nýjan bandarískan leikmann og eru með gott og reynslumikið lið, menn sem leika í sterkum deildum og ég sé fram á erfiðan leik í dag," sagði Craig.

Aðspurður út í að stærð sigursins gæti skipt máli sagðist Craig ekki vera að velta sér upp úr því.

„Við erum ekkert að velta okkur upp úr því hversu stór sigurinn er, ef við vinnum leikinn þá erum við með örlögin í okkar höndum fyrir lokaleikinn gegn Sviss á miðvikudaginn." **– kpt**

POTTURINN STEFNIR Í

100

MILLJÓNIR

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN
17. ÁGÚST 2019 LAUGARDAGUR

Spenntur hópur ungs hinsegin fólks sem flest stundar félagsstarf í Hinsegin félagsmiðstöðinni. Miðstöðin er fyrir öll ungmenni á aldrinum 13-18 ára sem eru hinsegin eða tengja við hinsegin málefni á einn eða annan hátt. Frá vinstri: Stefán, Ísak, Bergdís, Óðinn, Silja, Bernharð Máni, Rakel, Salka Snæbrá, Diljá, Silja Sól, Robin, Emma, Sigrún Ósk, Þór, Birgitta, Salka, Arna, Sigrún Helga, Sky og Ívar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sofna ekki á verðinum

Hinsegin dagar í Reykjavík fagna 20 ára afmæli. Margt hefur áunnist og hinsegin ungmenni eru þakklát réttindabaráttunni. En minna á að margir sigrar séu enn óunnir og það sé nauðsynlegt að standa vörð um mannréttindi.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Gleðigangan í Reykjavík hefur verið árviss viðburður frá árinu 1999 og ein fjölsóttasta hátíð á Íslandi. Yngstu þátttakendur hennar njóta góðs af baráttunni síðustu áratugi, eru þakklátir en segja mikilvægt að halda baráttunni áfram. Þau nefna sem dæmi að enn ríki fordómar gagnvart hópum hinsegin fólks og intersex fólk sé hlunnfarið um réttindi hér á landi. Þrjú ungmenni ræddu málin við blaðamann Fréttablaðsins.

Ólöglegt að vera ég í hundrað löndum

Salka Snæbrá Hrannarsdóttir er sextán ára, vinnur í Krónunni og hefur nám í Kvennaskólanum í haust. Hún tekur þátt í gleðigöngunni í annað sinn. „Ég kom fyrst út úr skápnum fyrir þremur árum en þá aðeins fyrir vinum mínum. Ári seinna kom ég út fyrir öllum," segir Salka Snæbrá sem segist svo heppin að hafa alist upp við margbreytileika og fordómaleysi. „Besta vinkona mín á tvær mömmur og ég er alin upp við það að ólíkar kynhneigðir séu í lagi. Ég veit samt að það er margt í samfélaginu sem þarf að skoða, það eru fordómar gagnvart transfólki og tvíkynhneigðum. Við erum komin langt en það er samt svo mikið eftir, ég hugsa til dæmis oft út í það að það er ólöglegt að vera ég í hundrað löndum, það finnst mér hrollvekjandi."

Salka Snæbrá segir það hafa breytt miklu í sinni tilveru að hafa sótt félagsstarf í Hinsegin félagsmiðstöðinni. „Þetta er í raun bara eins og venjuleg félagsmiðstöð en við eigum það mörg sameiginlegt að vera hinsegin. Það er mikilvægt að eiga þennan stað og geta hitt aðra hinsegin. Sérstaklega fyrir fólk sem á til dæmis bara gagnkynhneigða fjölskyldu og vini," segir Salka Snæbrá. „Þetta hjálpaði mér mikið, eiginlega breytti þetta lífi mínu. Því ég sker mig úr hópnum annars staðar, er sú sem er öðruvísi eða þykir skrýtin, en í félagsmiðstöðinni er ég bara ein af hópnum og hef þá tilfinningu að ég eigi heima þar," segir hún og minnir á að mæta með góða skapið í gleðigönguna. „Vagninn okkar verður flottur og tónlistin verður geggjuð!"

Glatað að skilja intersex fólk eftir

Silja Sól Ernudóttir er sextán ára og skartar ljósfjólubláum lokkum, það kemur í ljós að hún hefur mikinn áhuga á hárgreiðslu og er á leiðinni í háriðnnám í Tækniskólanum í Reykjavík.

„Ég verð líka á palli í annað sinn. Ég hef fylgst með göngunni í fjögur ár, ég kom fyrst út úr skápnum 10-11 ára og fyrst skilgreindi ég mig sem tvíkynhneigða. Það hefur breyst, nú skilgreini ég mig sem pankynhneigða. Fjölskylda mín hefur alltaf stutt við mig og ég hef líka getað stutt við aðra sem hafa viljað ræða sín vandamál og sína sýn á málin. Ég sæki líka Hinsegin félagsmiðstöðina og það hjálpaði mér að eignast vini. Ég þekkti áður engan á mínum aldri sem var með sömu áhugamál og ef ég hefði ekki farið þá hugsa ég að ég hefði einangrast mjög mikið. Ég er svo miklu opnari í dag, „out and proud!" eins og þau segja."

> ÉG HEF FYLGST MEÐ GÖNGUNNI Í FJÖGUR ÁR, ÉG KOM FYRST ÚT ÚR SKÁPNUM 10-11 ÁRA OG FYRST SKILGREINDI ÉG MIG SEM TVÍKYNHNEIGÐA. ÞAÐ HEFUR BREYST, NÚ SKILGREINI ÉG MIG SEM PANKYNHNEIGÐA.
>
> Silja Sól

Silja Sól segir ný lög um kynrænt sjálfræði framfaraspor en segir með ólíkindum að réttindi intersex fólks hafi verið borð borin. „Það er bara glatað, þau voru bara skilin eftir. Samfélaginu er að sjálfsögðu skylt að varðveita þeirra réttindi einnig og geta ekki litið fram hjá þeim eins og gert er nú."

Þakklátur fyrir að fá að vera ég sjálfur

Ísak Birgisson er einnig sextán ára og hefur nám í Kvennaskólanum í haust. Þar ætlar hann að leggja stund á náttúruvísindi og hlakkar mikið til áfangans. Hann man upp á hár daginn sem hann ákvað að segja frá samkynhneigð sinni. „Já, það var 18. mars 2018. Ég nennti ekki að koma út fyrir einum í einu. Ég teiknaði mynd af mér og setti á Facebook og lýsti því yfir að ég væri samkynhneigður. Þetta var mín leið, en það voru nú flestir í kringum mig búnir að átta sig á þessu hvort sem er," segir Ísak.

Hann segir réttindabaráttuna mikilvæga enn sem fyrr. „Það hefur svo margt áunnist en á sama tíma koma oft upp atvik þar sem ég skil ekki hvað fólk er að hugsa. Mér finnst til dæmis koma Mike Pence til landsins algjörlega fáránleg," segir Ísak og segir fólk sem heldur uppi vörnum fyrir hann ekki skilja um hvað málið snýst enda sé hann valdamikill maður sem hafi beitt sér mikið gegn hinsegin fólki og það séu einmitt stjórnmálamenn sem geti rænt fólk mannréttindum eins og gerst hefur víða um heim.

„Ég er þakklátur þeim sem börðust fyrir svo mörgu. Það er svo margt sem við þurfum ekki að ganga í gegnum. Og fyrst og fremst er ég þakklátur fyrir að fá að vera ég sjálfur en við megum ekki sofna á verðinum."

Fögnum fjölbreytileikanum.

Til hamingju með daginn!

SA
SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS

Hinsegin foreldrar lenda á veggjum

Það eru viðburðaríkir tímar í lífi hjónanna **Maríu Rutar Kristinsdóttur** og **Ingileifar Friðriksdóttur**. Ingileif greindist með flogaveiki sem varð mikill örlagavaldur í lífi þeirra. Á aðeins rúmu ári hafa þær gift sig, flutt búferlum, keypt skutbíl og hvolp og rétt eftir að viðtalið var tekið fæddist þeim drengur.

María Rut Kristinsdóttir og Ingileif Friðriksdóttir hafa víða mætt mótspyrnu á leið í foreldrahlutverkið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur@frettabladid.is

Mikil eftirvænting var í loftinu þegar blaðamaður settist niður með hjónunum Maríu Rut Kristinsdóttur og Ingileif Friðriksdóttur því það styttist í fjölgun á heimili þeirra á Öldugrandanum. Eftirvæntingin var ekki síðri hjá syninum Þorgeiri sem hlakkaði mjög til að eignast lítinn bróður.

„Settur dagur er 23. ágúst en það er óvíst að ég verði látin ganga fulla meðgöngu því ég er með flogaveiki," segir Ingileif. Heilbrigðisstarfsfólk hefur því fylgst grannt með meðgöngunni og í fjórgang hefur þurft að hækka lyfjaskammtinn. „Álagið á líkamann eykst þegar maður er með aðra manneskju innan í sér, sem betur fer hef ég ekki fengið stórt flog á meðgöngunni."

Ingileif greindist á síðasta ári eftir að hún fékk stórt flog á heimili sínu um miðja nótt. Næsta flog varð mikill örlagavaldur í lífi hennar og Maríu því að eftir það ákváðu þær að eignast saman barn.

„Það gerðist í brúðkaupsferðinni okkar í Mexíkó síðasta sumar, í rútu í miðjum frumskóginum," segir María. „Þegar Ingileif lá í kjöltunni á mér og var að vakna sagði ég: Hættum að bíða. En hún skildi ekki neitt." Ingileif jánkar því. „Ég vissi ekki einu sinni í hvaða landi við vorum eða hvaða mánuður var," segir hún og hlær. „Við höfðum velt þessu fyrir okkur í tvö ár en alltaf fundið ástæðu til að fresta, hvort sem það var vinna, nám eða annað. Ég var búin að vera meira á bremsunni en sá að þetta var rétti tíminn," segir María. Um leið og þær komu heim frá Mexíkó pöntuðu þær tíma hjá Livio.

Eins og að kaupa föt á Asos

Líkurnar á að tæknisæðing gangi upp eru um 10 prósent og þegar María og Ingileif hófu ferlið héldu þær að það tæki um tvö ár. Fyrsta skrefið, að velja sæðisgjafa, segja þær mjög aðgengilegt en að sama skapi frekar skrýtna upplifun.

„Þarna er heimasíða og þetta er svolítið eins og að velja sér föt á Asos," segir María og brosir. „Við hvern gjafa er hægt að sjá barnamyndir, handskrifuð bréf, áhugamál, radduppökur og öll heilsufarssagan fjóra ættliði aftur," segir Ingileif. „Við mikluðum þetta mjög fyrir okkur í upphafi, og fórum reyndar inn á vitlausa sæðisbankasíðu í byrjun, en svo urðum við rólegri og fundum loks sæðisgjafa sem okkur leist vel á." Rifu þær þá upp kreditkortið og pöntuðu fjóra skammta.

Það sem réð úrslitum voru heilsufarsupplýsingarnar og að hann virtist góð manneskja sem væri að gefa af réttum ástæðum. „Við seldum okkur líka þá hugmynd að barnamyndirnar af honum litu út eins og samblanda af okkur tveimur," segir María. „Aðgangurinn er líka opinn, sem gæti skipt máli í framtíðinni ef barnið vill kynnast uppruna sínum."

Sæðingin sjálf fór fram í nóvember og gekk í fyrstu tilraun. „Við eigum eftir að taka ákvörðun um hvað við gerum við hina þrjá skammtana," segir María og flissar. „Það er ekki hægt að skila þeim og það er bannað að selja þá. En það er söun að nýta þá ekki. Geymslutíminn er tíu ár."

> VIÐ MIKLUÐUM ÞETTA MJÖG FYRIR OKKUR Í UPPHAFI, OG FÓRUM REYNDAR INN Á VITLAUSA SÆÐISBANKASÍÐU Í BYRJUN, EN SVO URÐUM VIÐ RÓLEGRI OG FUNDUM LOKS SÆÐISGJAFA SEM OKKUR LEIST VEL Á.
>
> Ingileif

Kostnaðurinn við tæknisæðinguna var um hálf milljón og tínist þar sitthvað til, sæðisgjaldið, tollur, virðisaukaskattur, geymslugjald og fleira. „Við vorum heppnar að þurfa ekki að fara í glasafrjóvgun, sem er mun dýrari," segir Ingileif. „Við eigum vinkonur sem voru komnar upp í tvær eða þrjár milljónir."

Öráreiti verður óþolandi

Sem samkynhneigð hjón hafa María og Ingileif rekið sig á marga veggi í öllu tæknisæðingarferlinu. Þær segja að kerfið sjálft sé á öllum stigum byggt í kringum hið hefðbundna fjölskylduform þar sem bæði faðir og móðir eru til staðar. Nefna þær mörg dæmi því til stuðnings.

Fyrsti veggurinn var hjá Livio þar sem félagsráðgjafi ítrekaði mikilvægi þess að drengurinn myndi alast upp við að sjá sterkar karlkyns fyrirmyndir. Í ómskoðun á Landspítalanum var hjónaband þeirra véfengt. Þá fær María ekki sjálfkrafa að vera skráð sem móðir barnsins í kerfinu og hjá Fæðingarorlofssjóði er hún titluð sem faðir. Í öllu kynningarefni, svo sem bókum og myndböndum, er gengið út frá því

NÓA
NÓA
MEGA
KROPP
NÓA
Lakkrís
NÓA
Trítlar
NÓA
RJÓMA
KÚLUR
NÓA
Trítlar
NÓA
KROPP
FÖGNUM
FJÖLBREYTILEIKANUM!

að móðir og faðir séu til staðar. Þær vita að fleiri veggir munu koma síðar. Svo sem vandkvæði með skráningu hjá Íslendingabók og að í mörgum leikskólum er aðeins hægt að skrá móður og föður. Í sumum leikskólum eru einnig svokallaðir pabbamorgnar haldnir á hverju ári í kringum feðradaginn. Það sé útilokandi fyrir fjölskyldur þar sem enginn faðir er til staðar.

„Það angrar okkur að þurfa alltaf að vera að leiðrétta þetta og oft nennum við ekki að standa í því," segir Ingileif. „Þetta er óráreiti sem safnast upp og verður á endanum óþolandi," segir María. „Við erum stanslaust minntar á að ég eigi ekki heima í þessu skipulagi. Ég veit að þetta er ekki gert viljandi en þetta er útilokandi. Fjölskyldur eru alls konar og öllum á að líða eins og þeir séu hluti af samfélaginu. Það þarf ekki mikið til að breyta þessu."

Viðburðaríkt ár

Síðastliðið ár eða svo hefur verið ákaflega viðburðaríkt í lífi Maríu og Ingileifar. Auk fjölgunarinnar í fjölskyldunni og greiningar Ingileifar hafa þær gift sig, flutt búferlum, keypt skutbíl og fengið sér hvolp. Ætla mætti að þær væru úrvinda á þessum tímapunkti en svo er alls ekki.

„Eftir að ég greindist skiptum við um gír og lærðum að slaka á," segir Ingileif. „Ef við værum á sömu keyrslu og við vorum, í vinnu, námi, stjórnmálum og félagslífi, þá værum við búnar á því. Mikilvægasti lærdómurinn var að geta sagt nei. Við erum líka búnar að taka aðra hluti í gegn hjá okkur, eins og að sofa, borða og hreyfa okkur reglulega. Við hættum líka báðar að drekka."

Þær segja að þrátt fyrir að birtingarmyndir flogaveikinnar hafi verið hræðilegar og María hafi óttast um líf Ingileifar, þá hafi sjúkdómurinn haft jákvæð áhrif að þessu leyti. „Við erum frekar úthvíldar en úrvinda," segir María. „Við erum orðnar auðmjúkar gagnvart lífinu og tæklum verkefnin þegar þau koma."

> ÞEGAR VIÐ HUGUM AÐ FERÐALÖGUM SKOÐUM VIÐ ALLTAF HVERNIG ÞAÐ ER AÐ VERA OPINBERLEGA SAMKYNHNEIGÐUR Í VIÐKOMANDI LANDI.
>
> María

Engar frægar lesbíur

María og Ingileif voru með háleitar hugmyndir um að Hinseginleikinn, fræðsluvettvangur þeirra, myndi vera með eigin pall í gleðigöngunni. En óvissan um komudag erfingjans setti strik í reikninginn og það gæti farið svo að þær verði á fæðingardeildinni á meðan gangan fer fram.

„Ef við verðum ekki búnar að eiga þá mætum við að sjálfsögðu," segir María. María og Ingileif eru ungar og komu út úr skápnum eftir að til dæmis hjúskapur samkynhneigðra var leyfður. „Stærstu breytingarnar sem við höfum séð eru viðhorf yngri kynslóðarinnar," segir Ingileif. „Þau eru ljósárum á undan okkar kynslóð þegar við vorum á þessum aldri. Þau eru opin og með allar skilgreiningarnar á hreinu."

Ingileif er ekki nema 26 ára gömul en þegar hún var unglingur ríktu allt önnur viðhorf. „Mér fannst þetta svo mikil skömm, fannst ég ekki hafa neitt pláss og ekki mega hugsa á þennan hátt." „Krakkar eru að leita að sjálfum sér til tvítugs og þurfa að hafa svigrúm til þess án kvíða, sjálfsefa og haturs," segir María sem er þrítug. „Ég faldi mig og fór alla leið inn í gagnkynhneigðina, átti kærasta og afneitaði öllum mínum tilfinningum. Ég var orðin 21 árs þegar ég þurfti að horfast í augu við sjálfa mig. Ég komst ekki lengur upp með feluleikinn því að það var allt að sjóða upp úr."

Ástæðuna fyrir þessu breytta viðhorfi segja þær vera fyrirmyndirnar og að staðalmyndir um hinsegin fólk séu að falla. Sýnileikinn skipti þar sköpum og einn helsti hvatinn til að þær fóru af stað með Hinseginleikann. Sérstaklega hafi þær fundið á eigin skinni að þetta eigi við um lesbíur.

„Það voru til frægir hommar þegar við vorum að alast upp og þeir eiga skilið mikið lof fyrir það," segir María. „Ég vissi ekki af neinni lesbíu þegar ég var yngri," segir Ingileif. „Það eina sem ég sá var þessi fjöldaframleidda staðalmynd, trukkalessan í bíómyndinni. Ég var alveg föst í boxinu og meira að segja eftir að ég kom út úr skápnum fannst mér erfitt að segja að ég væri lesbía, mér fannst orðið mengað."

Engin handbók um að koma úr skápnum

Að koma út úr skápnum er stór stund í lífi hinsegin fólks. María segir að líf hennar hafi í raun byrjað þá. Það er aftur á móti ekki til nein handbók um hvernig skuli fara að því. Bæði María og Ingileif sögðu mæðrum sínum frá því og báðu þær um að koma skilaboðunum áfram til stórfjölskyldunnar.

„Ég var svolítið smeyk og ég nennti ekki að kalla saman einhvern fjölskyldufund til þess að tilkynna þetta," segir María. „Sem betur fer á ég fjölskyldu sem samþykkti þetta. Það var stærri stund þegar ég fór í fyrsta skipti vestur á Flateyri með Ingileif." Ingileif kom út úr skápnum eftir að hafa kynnst Maríu árið 2013 en móðir hennar var farið að gruna ýmislegt. „Eftir að ég ræddi þetta við hana var þetta útrætt, svo hringdi pabbi og sagði að það væri gott að þurfa ekki að fást við einhverja leiðinlega tengdasyni," segir hún og hlær.

Ekki eru allir svo heppnir að eiga skilningsríkar fjölskyldur og en þeim hefur fjölgað með árunum og almennt er auðveldara að koma út úr skápnum í dag en áður. Sem ungar samkynhneigðar konur segjast María og Ingileif líta til þeirra sem upplifðu útskúfun, ofbeldi, eyðnifaraldurinn og fleira með mikilli auðmýkt og þakklæti. „Því miður held ég að sorglega stór hópur ungs hinsegin fólks þekki ekki þessa sögu," segir Ingileif. „Það er mikilvægt að halda henni á lofti því við værum ekki á þessum stað í dag ef þetta fólk hefði ekki rutt brautina." „Þetta er ekki langt síðan," bætir María við. „Aðeins nokkrir áratugir. Við sáum í vetur heimildarmyndina Svona fólk eftir Hrafnhildi Gunnarsdóttur þar sem þessi saga er rakin. Við töldum okkur vita margt en þessi mynd var eins og blaut tuska í andlitið. Við hágrétum þegar við heyrðum sögurnar af öllum þjáningunum sem þau upplifðu."

Láta reiðina ekki ráða för

Talið berst nú að þeim sem streitast á móti og viðurkenna ekki rétt hinsegin fólks. María og Ingileif telja að það verði alltaf ákveðin prósenta af samfélaginu en takmarkið sé að hafa hana sem lægsta. Ingileif segir þetta mest vera fólk af eldri kynslóð sem trúi í blindni á staðalmyndir og bábiljur um hinsegin fólk frá fyrri tíð. Eitthvað sé um þetta hjá yngri kynslóðum líka.

„Almennt séð særa ummæli í athugasemdakerfum okkur ekki. En svo lásum við athugasemdir sem snerust um hæfni okkar sem foreldra og það snerti viðkvæmar taugar," segir hún. „Það risti djúpt."

María segir að athugasemdir af þessu tagi dragi síður en svo úr þeim heldur efli. „Fordómar eru afkvæmi vanþekkingar og hræðslu. Í stað þess að fordæma fólk reynum við að skilja hvaðan þessi ótti kemur og uppfræða fólk. Á Hinseginleikanum svörum við öllum spurningum, sama hversu fordómafullar þær eru. Við látum reiðina ekki ráða för."

Hættu við Rússlandsferð

Þegar litið er yfir jarðkringluna er Ísland meðal þeirra ríkja þar sem réttindi og viðhorf til hinsegin fólks eru sem best. Víða er samkynhneigð bönnuð með lögum, jafnvel með dauðarefsingu. Þó að ástandið sé betra en fyrir hálfri öld, þá hefur sums staðar orðið bakslag, til dæmis í Austur-Evrópu. Þetta skiptir líka máli fyrir Íslendinga, sérstaklega þegar þeir huga að ferðalögum.

„Þegar við hugum að ferðalögum skoðum við alltaf hvernig það er að vera opinberlega samkynhneigður í viðkomandi landi," segir María. „Við höfum hætt við ferðalög út af þessu. Ég er algjör fótboltabulla og missi ekki af leik. Við hættum við að fylgja landsliðinu á heimsmeistaramótið af því að það var í Rússlandi. Við vildum ekki þurfa að vera óöruggar eða í felum."

Ingileif segir að þegar þær skipulögðu brúðkaupsferðina hafi þær leitað til ferðaþjónustufyrirtækis til að finna hinseginvæna ferð. „Við vorum búnar að skoða alls konar staði sem okkur fannst spennandi, til dæmis Maldíveyjar." Á Maldíveyjum er samkynhneigð bönnuð við lagðri átta ára fangelsisvist og dráp á samkynhneigðum látin óátalin af lögreglu. „Við elskum að ferðast en þetta er mjög hamlandi. Í brúðkaupsferðinni, okkar ástarfögnuði, vildum við ekki þurfa að þykjast vera systur eða eitthvað annað en við erum."

Nýlega fóru María og Ingileif til Ungverjalands. Eftir að flokkur Viktors Orban komst til valda hefur réttindum og viðhorfum til hinsegin fólks hrakað þar í landi. „Við fundum glöggt fyrir þessu og vorum varar um okkur," segir María. „Þegar við lendum í spjalli við fólk erlendis þreifum við aðeins fyrir okkur og sýnum ekki spilin alveg strax, til þess að finna hvar hugarfar viðkomandi er," segir Ingileif. „Það er auðvitað leiðinlegt að þurfa að standa í svona leikjum." „Við sjáum afturför víða í Austur-Evrópu og í Bandaríkjunum að einhverju leyti líka. Það þarf aðeins einn brjálæðing til að snúa við þeim góða árangri sem hefur náðst," segir María. „Ég veit ekki hvort þetta gæti gerst á Íslandi, en þetta kennir okkur að við megum ekki sofna á verðinum."

Klukkan 02.42 aðfaranótt 15. ágúst eignuðust María og Ingileif stálhraustan son.

Kolefnisjafnaðu eldsneytisviðskiptin með Olís

VIÐ GREIÐUM HELMING Á MÓTI ÞÉR

Skráðu þig á olis.is

2 kr. + 2 kr. = 4 kr.

Lykil- og korthafar gefa eftir 2 krónur af afslætti

Olís greiðir 2 krónur á móti

4 krónur af hverjum lítra fara til Landgræðslunnar

Olís – í samstarfi við Landgræðsluna

Landgræðslan vinnur að fjölbreyttum verkefnum á sviði kolefnisbindingar – uppgræðslu lands, skógrækt og endurheimt votlendis.

Jeffrey Ross Gunter, nýr sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, starfaði áður sem yfirlæknir í húðlækningum og rak einnig farsælt fyrirtæki á því sviði. FRÉTTABLAÐIÐ/ SIGTRYGGUR ARI

Vill styrkja vinaböndin

Jeffrey Ross Gunter er nýr sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi. Hann þakkar eiginkonu sinni það að vera nú í sporum sendiherra. Hann ítrekar að varnarskuldbindingar Bandaríkjanna gagnvart Íslandi á grundvelli varnarsamningsins standi óhaggaðar.

Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Það skiptir máli þegar valinn er nýr sendiherra þeirrar þjóðar sem við Íslendingar eigum hvað mest samskipti við. Jeffrey Ross Gunter tók nýlega við sem sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi.

Hann virkar ákveðinn í fasi, sjálfsöruggur en einlægur. Það liggur vel á honum þegar hann sýnir glæsilegt húsnæði sendiráðsins við Engjateig. „Þetta er fyrsti fundurinn sem haldinn er hér," segir hann. Síðustu misseri hafa verið stórframkvæmdir við Engjateig þar sem nú rís nýtt sendiráð. Hnausþykkir öryggisveggir umlykja bygginguna og skothelt gler er í öllum gluggum. Sófasettin eru enn í plasti. Enn hefur formleg opnun ekki verið tilkynnt.

Ræturnar mikilvægar

Gunter er alinn upp á vesturströnd Bandaríkjanna. Eftir nám í Berkeley-háskóla útskrifaðist hann frá læknadeild háskólans í Suður-Kaliforníu með húðlækningar sem sérgrein.

Rætur hans má rekja til hafnarborgarinnar Ódessu í Úkraínu og til borgarinnar Minsk í Hvíta-Rússlandi. „Margir forfeður mínir fórust í helförinni." Hann segist hafa hitt eiginkonu sína, sem nú er látin, í Ísrael. „Ég var í læknanámi þar. Hún flutti til Ísrael sem hjúkrunarkona og hitti þar læknastúdentinn. Hann bjó á annarri hæðinni en hún á þeirri þriðju." Þau eignuðust tvö börn sem eru nú um tvítugt og í námi í Bandaríkjunum.

Hann var prófessor í klínískri húðsjúkdómafræði við háskólann í Suður-Kaliforníu og yfirlæknir í húðlækningum við USC Medical Center.

Virkur Repúblikani

Gunter hefur starfað fyrir Repúblikanaflokkinn í Bandaríkjunum og setið sem formaður bandalags gyðinga innan flokksins. „Ég er úr Demókratafjölskyldu. Það er hefðbundið að innflytjendur gyðinga styðji þá. Ég trúi á einstaklinginn og að einstaklingar sjálfir viti betur en stjórnvöld hvað sé þeim fyrir bestu og hverjar væntingar þeirra séu. Auðvitað þarf að samþykka leiðsögn og við höfum áhrif hvert á annað en einstaklingsfrelsi er mér mikilvægt." Þetta skilaði sér inn í starf innan Repúblikanaflokksins. „Mér fannst að þessi viðhorf hefðu sterkari rödd við borðið."

„En ég er ekki hér sem fulltrúi Repúblikana eða Demókrata. Ég er hér sem fulltrúi allra Bandaríkjamanna. Sem sendiherra er ég hér að verja velmegun allra Bandaríkjamanna."

Stuðningsmaður Trumps

Hann segir að það sé eiginkonu hans að þakka að hann sé nú í þessum sporum. Í júní 2015 hafði hún, þá mjög veik að berjast við krabbamein, séð Trump tilkynna framboð sitt. „Konan mín var góð í að meta sannleiksgildi hlutanna. Hún sagði mér að það kynni að hljóma undarlega en hún kynni vel við Donald Trump. Þegar ég spurði hana af hverju sagðist hún telja að hann segði satt. Þú kannt ef til vill ekki við stefnu hans, stíl eða annað, en að heyra þetta frá konu minni hafði mikil áhrif á mig."

Gunter segist hafa heyrt efasemdir í garð Trumps en hann vildi fylgja sannfæringu sinni og studdi því Trump í kosningabaráttunni 2016 og starfaði með undirbúningsteymi Trumps eftir kosningarnar. „Ég var svo lánsamur að eftir mér hafði verið tekið í kosningabaráttunni og að ég hefði verið farsæll í

> VIÐ DEILUM MEÐ ÍSLENDINGUM GILDUM OG HEIMSSÝN. VIÐ HÖFUM DJÚPA TRÚ Á LÝÐRÆÐI, FRJÁLSU ATHAFNALÍFI, MANNRÉTTINDUM OG FRELSI FJÖLMIÐLA.

viðskiptum. Ég kann því vel hvernig stjórnvöld hvetja menn með farsælan feril og ólíkan bakgrunn til þátttöku í utanríkisþjónustunni."

Eftir að Trump náði kjöri hafði fólk innan Repúblikanaflokksins samband við hann. Þau horfðu til forystuhæfileika hans og farsæls viðskiptaferils. Hann var því kallaður í viðtal þar sem stungið var upp á því við hann að verða sendiherra á Íslandi. Hann hafði aldrei komið til landsins en þekkti mörg Evrópuríki vel.

„Ég var mjög stoltur af þessu boði. Ég hlustaði fyrst með athygli og þakkaði fyrir mig. En því meira sem ég hugsaði um Ísland, því lánsamari fannst mér ég vera. Þetta var mér mikill heiður. En í sannleika sagt er eitt að lesa um landið og ræða við fólk um landið og annað að búa á Íslandi og kynnast fólki hér."

Móttökurnar góðar

Hann segir að fyrstu kynni hafi verið góð. Hann hefur bæði fundað með utanríkisráðherra og fjölda fólks úr viðskiptalífinu og heilbrigðiskerfinu.

„Að hugsa til þess að land ykkar með tæplega 350.000 íbúa skuli taka á móti 700.000 Ameríkönum sem heimsækja landið ár hvert með svo hýrlegum og auðmjúkum hætti segir mér margt um þjóðina."

En hvað hefur hann séð til þessa af landinu?

„Ég er búinn að sjá goshveri og fossa en á eftir að fara mun víðar." Hann segist heppinn að hafa með sér í sendiráðinu fólk sem þykir vænt um landið og elskar dvölina hér.

Varnarsamstarfið mikilvægt

Á fundum Mikes Pompeo utanríkisráðherra með ráðamönnum fyrr á árinu var rætt um að vinna að viðskiptasamráði ríkjanna. Gunter segir að tíminn verði að leiða í ljós með hvaða hætti þetta samráð verði þróað og á hvaða atvinnugreinar verði lagðar áherslur. Hann segir að samskiptin verði meiri vegna þessa og meira af mikilvægum heimsóknum.

Öryggis- og varnarsamstarf hefur verið fyrirferðarmikið í samskiptum þjóðanna í áratugi. Þetta samstarf hefur á undanförnum árum verið þróað og nær það til mun fleiri þátta en áður, allt frá málefnum norðurslóða til stríðsins gegn hryðjuverkum.

Gunter leggur áherslu á að þrátt fyrir þessar breyttu aðstæður standi varnarskuldbindingar Bandaríkjanna gagnvart Íslandi á grundvelli varnarsamningsins óhaggaðar. „Ég ætla að vitna til orða Bjarna Benediktssonar, utanríkisráðherra Íslands, sem hann lét falla í Washington 1949, við undirritun Atlantshafssáttmálans: „Þjóðir þær, sem nú eru að ganga í þetta nýja bræðralag, eru að mörgu leyti ólíkar hver annarri. Sumar þeirra eru hinar mestu og voldugustu í heimi, aðrar eru smáar og lítils megandi. ... Allir trúum við á vinsamlega samvinnu þjóða í milli – allir óskum við heiminum friðar og mannkyninu velferðar."

Gunter segist vilja gera orð Bjarna að sínum. „Við deilum með Íslendingum gildum og heimssýn. Við höfum djúpa trú á lýðræði, frjálsu athafnalífi, mannréttindum og frelsi fjölmiðla. Saman geta þjóðirnar klifið mörg fjöll tækifæranna."

FÓLK
Helgin
LAUGARDAGUR 17. ÁGÚST 2019

Michaela Fritzges frá Þýskalandi hefur stundað Demants-leið (Vajrayana) búddismans í 35 ár og kennir fólki um víða veröld, meðal annars hér á landi. ↪4

Sylvía Haukdal getur ekki sungið eins og systir hennar, Birgitta, en hún kann sannarlega að baka og skreyta. FRETTABLAÐIÐ/ERNIR

Skapar glæsitertur fyrir veisluborðið

Sylvía Haukdal Brynjarsdóttir er mikill bakarameistari. Hún skreytir terturnar af list og notar gjarnan fersk blóm til að lífga upp á baksturinn. Sylvía gefur hér þrjár mjög flottar uppskriftir meðal annars af tiramisú-pönnukökutertu.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Sylvía Haukdal er menntaður pastry chef frá matreiðsluskólanum Le Cordon Bleu í London. Hún hefur alltaf haft mikinn áhuga fyrir bakstri og hjálpaði gjarnan móður sinni í eldhúsinu á yngri árum. Hún starfar við áhugamálið hjá Sætum syndum og er með eigin uppskriftavef undir nafninu sylviahaukdal.is sem vakið hefur mikla athygli. Þá hefur hún einnig stóran hóp fylgjenda á Instagram. Sylvía nær tengslum við lesendur sína í gegnum samfélagsmiðla.

„Ég kláraði stúdentsprófið og fór í háskóla en fann fljótt að baksturinn og sköpunin í kringum hann heillaði meira. Eftir því sem ég varð eldri kom æ betur í ljós að þetta væri draumastarfið," segir Sylvía. „Ég þarf alltaf að vera að gera eitthvað. Mér finnst mjög skemmtilegt að skapa eitthvað nýtt og fyrir mér er bakstur ákveðin hugleiðsla," segir hún.

Tínir blóm til skreytinga

Sylvía segist ekki vera jafn hrifin af því að elda mat. „Maðurinn minn, Atli Björgvinsson, er lærður kokkur og sér um þá hlið á heimilinu. Ég geri hins vegar smáréttti og deserta," segir hún. Þegar hún er spurð um eftirlætiseftirréttinn svarar hún: „Úff, það er erfið spurning. Mér finnst nefnilega svo gaman að prófa eitthvað nýtt. Það er mjög þægilegt að gera marengsskálar og þær slá alltaf í gegn í matarboðum. Ég set karamellu- eða súkkulaðifyllingu, ferska ávexti og skreyti með lifandi blómum. Í góðu veðri fer ég út í móa og tíni þau sjálf. Ég er nýbúin að halda upp á afmæli hjá börnunum mínum en það er eitt það skemmtilegasta sem ég geri. Þá er sko bakað og gjarnan hef ég eitthvert þema," segir Sylvía sem á tvær dætur, Önnu Hrafnhildi, 4 ára, og Marín Helgu, sem er ársgömul. Sylvía er yngri systir Birgittu Haukdal, söngkonu og barnabókahöfundar. Hún segist ekki hafa erft sönghæfileikana en hafa fengið aðra hæfileika í staðinn.

Draumur í London

Sylvía segir að það hafi verið einstaklega skemmtilegt að stunda nám í Le Cordon Bleu og sömuleiðis hafi verið ánægjulegt að upplifa hvernig það er að búa í öðru landi. „Það var algjör draumur að upplifa þetta en ég hafði horft á kvikmyndina um Juliu Child og heillast af henni. Ég fylgist líka mikið með fólki á Instagram sem er að gera allt mögulegt skemmtilegt um allan heim. Maður fær oft innblástur með því að fylgjast með á samfélagsmiðlum. Ég hef tekið eftir að blóm eru mikið notuð til skreytinga," segir Sylvía sem heimsækir verslanir með kökuskreytingadót þegar hún ferðast til útlanda. Henni finnst sérstaklega gaman að heimsækja slíkar búðir í París. „Ég kíki líka í bakaríin og skoða eftirrétti á veitingahúsum."

Sylvía segir að tíramisú-pönnukökutertan sem hún gefur hér uppskrift að sé alveg frábær. „Þetta er svona ný útgáfa af pönnukökum sem öllum þykja góðar. Svo er þetta svona íslensk/ítalskur eftirréttur."

Framhald á síðu 2 ↪

Þessi pönnukökuterta er ekkert smá flott hjá Sylvíu.

Tíramisú pönnukökukaka

Pönnukökur

500 g hveiti
150 g sykur
1 tsk. lyftiduft
½ tsk. matarsódi
½ tsk. salt
2 tsk. vanilludropar
2 egg
850 ml mjólk
150 ml heitt kaffi
100 g smjör, brætt
Mögulega auka kaffi til að þynna deigið, fer eftir smekk

Tíramisú fylling

250 g mascarpone rjómaostur
200 g rjómaostur
500 ml rjómi, þeyttur
1 tsk. vanilludropar
4 tsk. instant kaffi
400 g flórsykur

Öllum þurrefnum blandað saman fyrst í pönnukökurnar. Næst er mjólkinni bætt við ásamt eggjum og vanilludropum. Hrært saman við þurrefnin. Þegar deigið er orðið kekkjalaust er brædda smjörinu hrært saman við.

Athugið!

Hægt er að þynna deigið með kaffi ef þið viljið hafa pönnukökurnar þynnri, fer eftir smekk. Pönnukökupanna hituð og smurð með smjöri.

Tíramisú fylling

Rjómaostur og mascarpone rjómaostur, vanilludropar, flórsykur og instant kaffi þeytt saman. Því næst er rjóminn þeyttur en gætið að því að stífþeyta hann ekki alveg. Að lokum er allt hrært saman varlega.

Samsetning

Þegar pönnukökurnar hafa kólnað er kakan sett saman. Byrjum á því að setja eina pönnuköku og 2-3 msk. af fyllingu og svo koll af kolli. Ekki skal setja fyllingu á efstu pönnukökuna en þar stráum við vel af kakói yfir með sigti.

Frábær desert sem alltaf gerir lukku.

Passið að leyfa kökunni að vera í kæli í að minnsta kosti klukkustund áður en hún er borin fram.

Banoffe-baka

Salthnetu- og súkkulaðibotn

200 g sykur
200 g salthnetur
110 g smjör, brætt
50 g súkkulaði

Toffee-karamella

150 g sykur
100 g smjör
250 g niðursoðin mjólk
100 ml rjómi
½ tsk. sjávarsalt

Skreyting

200 ml rjómi
100 ml jurtarjómi
3 bananar
30 g súkkulaði
30 g karamellukurl

Byrjið á því að bræða sykur á pönnu þar til hann er allur bráðinn og orðinn dökkbrúnn á lit. Þá er salthnetunum bætt út í ásamt sykrinum, hellt á silíkonmottu eða bökunarpappír og látið kólna í um það bil 20-30 mínútur.

Smjörið er brætt í potti. Því næst brjótum við hneturnar niður og setjum í matvinnsluvél. Gott er að mylja hneturnar ekki alveg niður heldur leyfa nokkrum bitum að vera aðeins stærri. Síðan hrærum við smjörinu, hnetunum og súkkulaðinu saman og setjum í hringform eða smelluform. Mér þykir best að nota plastborða eða bökunarpappír meðfram forminu svo auðveldara sé að ná kökunni úr. Svo setjum við botninn í kæli meðan við græjum fyllinguna.

Toffee-karamella

Við byrjum á því að bræða sykurinn í potti þar til hann verður dökkur. Næst bætum við smjörinu út í í teningum og hrærum stöðugt. Svo fer niðursoðna mjólkin, rjóminn og saltið út í.

Leyfum karamellunni að malla þar til hún þykknar og hylur bakhlutann af skeið. Hún er látin kólna aðeins áður en henni er hellt ofan á hnetubotninn.

Samsetning

Skerið banana í meðalstórar sneiðar og raðið ofan á karamelluna. Næst stífþeytum við jurtarjómann og rjómann. Þá fer rjóminn ofan á bananana, ég notaði rósastút til að sprauta rjómanum. Að lokum er kakan skreytt með karamellukurli og súkkulaði.

Það á einhver eftir að prófa þessa tertu um helgina.

Fylltar marengsskálar

150 g eggjahvítur, við stofuhita
300 g sykur

Súkkulaði ganache

90 g Omnom lakkrís-súkkulaði
45 g rjómi

Fylling

250 ml rjómi, þeyttur
10 stk. jarðarber

Hitið ofninn í 180°C. Dreifið úr sykrinum á bökunarpappír og setjið á ofnplötu. Sykurinn fer inn í ofn í 8-10 mínútur eða þar til hann byrjar aðeins að bráðna á köntunum. Þegar ca. mínúta er eftir af sykrinum í ofninum byrjum við að þeyta eggjahvíturnar í hrærivél. Því næst bætum við heitum sykrinum 1-2 msk. í einu út í eggjahvíturnar meðan vélin þeytir. Þegar allur sykurinn er kominn út í fer matarlitur í blönduna ef þið viljið hafa skálarnar í lit.

Næst er skálunum sprautað á bökunarpappír, ég notaði stút nr. 2D. Byrja á því að sprauta rós og fer svo 2-3 umferðir meðfram köntunum ofan á rósinni. Síðan fara skálarnar inn í ofn 95°C í ca 1 klst. og 15 mín.

Súkkulaði ganache

Byrjum á því að saxa súkkulaðið. Svo setjum við rjómann í pott og hitum upp að suðu. Því næst hellum við rjómanum yfir súkkulaðið, leyfum að bíða í 2-3 mínútur og hrærum svo vel saman. Leyfum blöndunni að kólna og þykkna.

Samsetning

Fyrst fara 1-2 tsk. af súkkulaði ganache í skálarnar. Næst skerum við jarðarber í litla bita og setjum ofan á. Svo þeytum við rjómann og sprautum ofan á. Að lokum skreytum við skálarnar eftir smekk. Ég notaði bláber, jarðarber og fersk blóm.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn: Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

FÖGNUM
FJÖLBREYTILEIKANUM

[BE YOU]

HVÍTTUNARTANNKREM
OG TANNBURSTAR

FÆST Í ÖLLUM HELSTU STÓRMÖRKUÐUM, APÓTEKUM OG HVERSLUN.IS

Í dag er Fritzges 60 ára gömul, fílhraust og ferðast um allan heim.

Allir eru Búdda

Michaela Fritzges frá Þýskalandi hefur stundað Demantsleið (Vajrayana) búddismans í 35 ár og kennir öðrum.

Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is

Í gegnum tíðina hefur Fritzges kennt mörgum hugleiðsluaðferðir Demantsleiðarinnar og nýtur þess að sjá fólk þróa hæfni til að takast á við erfiðar aðstæður. Sjálf segist hún hafa verið villt, dramatísk ung kona áður en hún byrjaði að stunda hugleiðslu.

„Ég sá aðra sem stunduðu hugleiðslu og hélt að þeir væru í miklu betra jafnvægi en ég. Þess vegna væri þetta ekki fyrir mig. En svo heyrði ég um Demantsleiðina og að það væri hægt að nota erfiðar tilfinningar til að öðlast visku. Þá fannst mér að jafnvel ég ætti séns.“ Fritzges lærði hjá dönsku hjónunum Hönnu og Lama Ole Nydahl sem gerðu það að lífsstarfi sínu að kenna aðferðir Demantsleiðar búddismans.

Var villt og dramatísk

„Ég lærði um hippafortíð þeirra og hugsaði að ef þau hefðu getað breyst og þróast svona fallega frá villtari tímum þá gæti ég kannski gert það sama. Þau kenndu mér að trúa á eigin getu til að þróast. Áður en ég byrjaði að hugleiða þá fannst mér aðstæður oft vera of þungar til að takast á við en eftir að ég byrjaði að stunda hugleiðslu varð ég hamingjusamari, rólegri og léttari í fasi. Ég varð virkari í lífinu. Í dag er ég sextug, fullhraust, vinn sem iðjuþjálfi, er með sex manns í vinnu, ferðast og held fyrirlestra. Án hugleiðslunnar gæti ég ekki gert allt þetta.“

Þegar Fritzges byrjaði að hugleiða þurfti hún að sýna þolinmæði gagnvart breytingum á lífi sínu. „Hugleiðslan snýst ekki um að verða fyrir einhverri svakalegri reynslu og sjá ljósið. Eftir eina hugleiðslu þá gerist kannski ekki neitt. Þá halda kannski margir að þetta virki ekki og hætta.“

Fritzges segir að hugleiðslan sé langhlaup. Þá hjálpi að hafa fyrirmyndir sem hafa notið góðs af hugleiðslu eftir margra ára reynslu eins og hún hafði sjálf í Lama Ole og Hönnu.

Hanna og Lama Ole kölluðu það að hugleiða að þjálfa hugarvöðvana. „Þegar við stundum hugleiðslu reglulega þá verða erfiðar aðstæður draumkenndari og óraunverulegri,“ þess vegna verður auðveldara að takast á við þær, segir Fritzges. „Maður verður meðvitaðri um sig sjálfan. Með hugleiðslunni öðlast maður aukaþrep á milli aðstæðna og viðbragða svo maður getur valið betur hvernig maður ætlar að bregðast við.“

Ekki trúarbrögð

Fritzges segir að það sé misskilningur að búddismi séu trúarbrögð eins og við skiljum þau. Það væri kannski hægt að segja að búddismi séu trúabrögð sem byggja á reynslu frekar en trú. „Ef maður trúir á ytri guð þarf maður að sanna að sá guð sé betri en einhver annar.“

Hugleiðsluaðferð Demantsleiðarinnar snýst því ekki um að sú leið sé betri en aðrar leiðir á borð við núvitund, innhverfa íhugun eða aðrar hugleiðsluaðferðir innan búddismans. „Það má líkja hugleiðslu við lyf við mismunandi sjúkdómum. Fólk þarf mismunandi lyf. Þess vegna förum við ekki í trúboð, við höldum ekki einu sinni að allir ættu að stunda þessa tegund af hugleiðslu. Hún er ekki rétta leiðin fyrir alla.“

Fritzges leggur áherslu á að þegar fólk er að byrja að hugleiða verði það að velja sér aðferð og standa við hana. „Ég hef séð fólk blanda saman mörgum aðferðum. Það er bara ruglandi. Í dag er upplýsingaflóð í heiminum, sem gerir það að verkum að margir klóra bara í yfirborðið á mismunandi aðferðum en þróast ekki í neinum þeirra.“

Fritzges mælir ekki með því að fólk sem á við alvarlega geðkvilla að stríða og þarfnast sálfræði- og lyfjameðferðar hætti í slíkri meðferð og hugleiði bara í staðinn. „Slík mál hafa komið upp en hugleiðsluaðferðir búddismans byrja þar sem læknirinn stoppar. Ef maður á við alvarlegan geðrænan vanda að stríða þá eru hugleiðsluaðferðir búddismans kannski ekki bestar fyrir mann, frekar þá núvitund og aðra leiðir til að öðlast hugarró, að sjálfsögðu samhliða sjálfri meðferðinni við geðkvillanum.“

Opin fyrir hugleiðslu

Tilgangur búddismans er ekki að yfirtaka önnur trúarbrögð, að sögn Fritzges. „Það eru til mismunandi trúarbrögð vegna þess að fólk getur iðkað trú eftir mismunandi leiðum.“ Hún segist hafa fundið fyrir því að Íslendingar séu opnir fyrir því að hugleiða, en árið 2015 kom Fritzges til landsins og hélt fyrirlestur í Háskóla Íslands. „Fyrirlesturinn fjallaði um dauðann og endurfæðingu frá sjónarhorni búddismans. Það kom mér á óvart hversu opið fólk var fyrir þessum hugmyndum.“

Þeir sem þekkja eitthvað til hugleiðsluaðferða búddismans vita að þær snúast um að frelsa sig frá egóinu. Þannig losnar mannkynið undan hinni jarðlegu þjáningu samkvæmt kenningunni. „Hugmyndin er að það séu engar tilviljanir til. Þeir atburðir sem við verðum fyrir eru ekki eitthvað sem er skapað af ytri aðstæðum heldur erum það við sjálf sem sköpum okkar eigin veruleika.“

Þarf ekki að vera í klaustri

Búdda sagði að hugurinn væri endalaus og þess vegna væru mörk milli eins hugar og annars ekki til. „Því er ást milli manna náttúrulegt ástand.“ Samkvæmt Fritzges gerir egóið það að verkum að við bregðumst við út frá tilfinningum okkar hverju sinni. „Það kemur í veg fyrir að við getum notið náttúru eigin huga.“

Hugleiðsluaðferð Demantsleiðarinnar lýsir sér þannig að hugleitt er á Búdda sem ljósorku. „Ekki sem eitthvað ytra, heldur sem spegil fyrir okkar eigin eiginleika. Þessi leið gerir okkur kleift að komast í snertingu við okkar innri Búddanáttúru. Við erum öll Búdda nú þegar. Þegar við skiljum það byrjum við að horfa frekar á kosti fólks í staðinn fyrir galla, við komumst á hæsta stig heimssýnarinnar í daglegu lífi á milli þess að við hugleiðum. Til að hugleiða þarftu ekki að fara inn í helli eða klaustur í áratug, það eina sem maður þarf að gera er að setjast á púða í hálftíma og hugleiða á Búdda.

Hágæða hamingja

Flestir leita að hamingjunni í forgengilegum hlutum. Fólk er að hlaupa á eftir frægðinni, ríkidæmi, fullkomnum maka eða ferðalögum.

Á endanum kemst fólk að því að slík hamingja er kannski frábær á meðan hún endist en lífið er alltaf að breytast.

Þegar við reiðum okkur á ytri aðstæður, einhvers konar nútímahamingju, þá öðlumst við verri gæði af hamingju en þá hamingju sem við getum fundið í eigin hugartómi. Hamingjan sem við leitum að er miklu nær okkur en við höldum. Við finnum hana í okkur sjálfum. En til að komast í snertingu við hana þarf fólk að vera opið og það þarf að hugleiða.“

Fólk sem stundar Demantsleið búddismans hér á Íslandi kemur hvaðanæva úr heiminum og hefur aðsetur í fallegu húsi í Foldahverfinu. Lama Ole kom hingað sjálfur fyrir mörgum árum og Fritzges segir að hann hafi verið dolfallinn yfir landinu. Hann ætlar að koma aftur í heimsókn á næsta ári.

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job.is



Landsvirkjun

Aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar

Starf aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar er laust til umsóknar. Þetta krefjandi starf felur í sér einstakt tækifæri til að taka þátt í stjórnun og framtíðarstefnumótun eins mikilvægasta innviðafyrirtækis landsins.

Helstu verkefni:

- Stjórnun og rekstur, skv. nánari ákvörðun forstjóra
- Seta í framkvæmdastjórn Landsvirkjunar
- Þátttaka og stjórn ýmissa innri umbótaverkefna
- Koma fram fyrir hönd Landsvirkjunar út á við
- Samskipti við opinbera stjórnsýslu
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Staðgengill forstjóra Landsvirkjunar
- Undirbúningur stjórnarfunda

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólagráða sem nýtist í starfi
- Meistaragráða nauðsynleg
- Víðtæk stjórnunarreynsla
- Leiðtogahæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Lipurð í samskiptum og hæfni til sjálfstæðra og skipulagðra vinnubragða

Sótt er um starfið hjá Hagvangi, nánari upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir, (katrin@hagvangur.is). Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2019.

Jafnlaunaúttekt PwC 2018 · JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022 · JAFNRÉTTISVÍSIR · CAPACENT

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.



Sérfræðingur í jarðtækni

VEGAGERÐIN

Vegagerðin leitar að sérfræðingi á sviði jarðtækni til starfa á hönnunardeild. Viðkomandi þarf að hafa áhuga og reynslu af að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni á sviði jarðtæknilegra rannsókna og burðarþolshönnunar vega.

Umsóknarfrestur
9. september

Upplýsingar og umsókn
capacent.com/s/14198

Starfssvið:
- Fagleg umsjón með borvagni og öðrum tækjum vegna jarðtæknilegra rannsókna.
- Fagleg umsjón með fallóðsmælingum og veggreini.
- Jarðtæknileg ráðgjöf vegna hönnunar vega og grundunar brúa.
- Gerð leiðbeininga um burðarþolshönnun vega og jarðtæknilegar rannsóknir.
- Þátttaka í föstum nefndum á starfssviðinu.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf í verkfræði eða tæknifræði, kostur á sviði jarðtækni eða jarðverkfræði.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að taka þátt í teymisvinnu.
- Lausnamiðuð hugsun og færni til að fylgja málum eftir.

Vegagerðin er ríkisstofnun sem vinnur að öruggum og greiðum samgöngum í þágu samfélagsins. Hlutverk hennar er að þróa og annast samgöngukerfi, á sjó og landi, á sem hagkvæmastan hátt með þarfir samfélagsins að leiðarljósi. Meginmarkmið stofnunarinnar eru öruggar og greiðar samgöngur á sjó og landi, hagkvæm uppbygging og rekstur samgöngukerfisins í sátt við umhverfið, skilvirk og vel skipulögð starfsemi og ábyrgt, hæft og ánægt starfsfólk. Gildi Vegagerðarinnar eru Fagmennska-Öryggi-Framsýni.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

Global Trainer

Össur leitar að einstaklingi í starf Global Trainer, sem er nýtt starf innan fyrirtækisins, og mun bera ábyrgð á undirbúningi og þjálfun nýrra kerfa innan Sölu- og Markaðssviðs Össurar. Global Trainer mun starfa náið með þverfaglegu teymi sérfræðinga innan Össurar, sem vinnur nú að innleiðingu á CRM kerfi (Salesforce) fyrir allar starfsstöðvar okkar, en fyrsta verkefnið verður að halda utan um þjálfun á CRM kerfinu. Viðkomandi þarf að gera ráð fyrir allt að 40% ferðalögum í starfi.

Ef þú hefur unnið við þjálfun eða sem kennari í viðskiptaumhverfi, ert metnaðarfullur og jákvæður – og hefur gaman að því að vinna með fólki með mismunandi bakgrunn, gæti þetta verið tækifærið fyrir þig.

STARFSSVIÐ
- Útbúa þjálfunaráætlun
- Þróa og viðhalda þjálfunarefni
- Breytingastjórnun
- Meta þjálfunarþörf fyrir viðkomandi starfsstöð
- Leiða þjálfun sölufólks í samstarfi við sölustjóra á hverju svæði
- Meta árangur þjálfunar í samstarfi við sölustjóra
- Eftirfylgni þjálfunar og viðbótarþjálfun fyrir einstaklinga
- Náin samvinna með tölvudeild, viðskiptagreini og viðskiptaeiningum varðandi yfirfærslu á notendakröfum, ferlum ofl.
- Undirbúningur, aðstoð og þátttaka í stefnumótandi verkefnum
- Stuðningur við innleiðingu stefnumótandi verkefna

HÆFNISKRÖFUR
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af kennslu, námskeiðahaldi og þjálfun (helst í viðskiptaumhverfi)
- Leiðtogahæfni
- Reynsla af breytingastjórnun er kostur
- Reynsla af sölustörfum er kostur
- Þekking á Salesforce eða öðru CRM kerfi
- Góð tök á að halda fyrirlestra
- Hæfni í mannlegum samskiptum og stjórnun hagsmunaaðila
- Mjög góð enskukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Financial Controller

Fjármálasvið Össurar leitar að framúrskarandi einstaklingi í uppgjörsteymi félagsins sem starfar í alþjóðlegu rekstrarumhverfi. Uppgjörsteymið útbýr samstæðuuppgjör Össurar og ber ábyrgð á að útvega stjórnendum og öðrum áreiðanleg fjárhagsleg gögn. Teymið vinnur einnig að því að samræma og bæta fjárhagsferla og innra eftirlit félagsins.

STARFSSVIÐ
- Taka þátt í gerð samstæðuuppgjörs Össurar
- Vinna að lausn ýmissa fyrirspurna tengdum bókhaldi og uppgjörum
- Tryggja áreiðanleika gagna innanhúss sem utan
- Aðstoða önnur svið með fjárhagsupplýsingar
- Aðstoða við innra eftirlit

HÆFNISKRÖFUR
- Viðskiptafræðingur af reikningshaldssviði
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla
- Reynsla af endurskoðunarstofu kostur
- Reynsla af ársreikningagerð og greiningum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð enskukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst 2019.
Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf.
For English version please see the above webpage.
Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

JAFNLAUNAMERKIÐ

2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.
Hjá félaginu starfa um 3.500 manns í 25 löndum.
Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

WWW.OSSUR.COM

Veghönnun

VEGAGERÐIN

Vegagerðin leitar að byggingarverkfræðingi eða byggingartæknifræðingi til starfa á hönnunardeild sem hefur áhuga á að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni allt frá frumstigum hönnunar til framkvæmda.

Umsóknarfrestur
2. september

Upplýsingar og umsókn
capacent.com/s/14199

Starfssvið:
- Hönnun vega og þátttaka í uppbyggingu vegakerfis.
- Verkefnastjórn hönnunar og umferðaröryggisrýni.
- Umsjón og þátttaka í þróun veghönnunarkerfa Vegagerðarinnar.
- Þátttaka í rannsóknarverkefnum tengdum umferðarmannvirkjum.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf í byggingarverkfræði eða byggingatæknifræði.
- Reynsla af sambærilegum verkefnum er kostur.
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.
- Þekking og reynsla í notkun teikni- og hönnunarforrita.
- Þekking og reynsla í notkun Microstation og Inroads er kostur.
- Færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að taka þátt í teymisvinnu.

Vegagerðin er ríkisstofnun sem vinnur að öruggum og greiðum samgöngum í þágu samfélagsins. Hlutverk hennar er að þróa og annast samgöngukerfi, á sjó og landi, á sem hagkvæmastan hátt með þarfir samfélagsins að leiðarljósi. Meginmarkmið stofnunarinnar eru öruggar og greiðar samgöngur á sjó og landi, hagkvæm uppbygging og rekstur samgöngukerfisins í sátt við umhverfið, skilvirk og vel skipulögð starfsemi og ábyrgt, hæft og ánægt starfsfólk. Gildi Vegagerðarinnar eru Fagmennska-Öryggi-Framsýni.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

FRAMKVÆMDASTJÓRI
fjármála- og mannauðssviðs

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

Ölgerðin leitar að öflugum leiðtoga til að stýra fjármála- og mannauðssviði samstæðunnar sem samanstendur af fasteignafélagi, heildversluninni Danól ásamt móðurfélagi. Viðkomandi þarf að búa yfir miklu frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum ásamt leiðtogahæfni.

Undir sviðið falla bókhald, fjárreiður, upplýsingatækni, mannauðsmál og umbóta- og ferlamál. Starfið er bæði umfangsmikið og krefjandi og hentar einstaklingi sem býr yfir færni á sviði fjármálastjórnunar, upplýsingatækni og samskipta. Framkvæmdastjóri fjármála- og mannauðssviðs er hluti af framkvæmdastjórn, vinnur náið með forstjóra og framkvæmdastjórn að því að framfylgja stefnu og að ná rekstrarmarkmiðum félagsins.

Sótt er um starfið á ráðningasíðu Capacent og þar má einnig finna nánari upplýsingar um starfssvið og hæfniskröfur: **www.capacent.is**

Nánari upplýsingar veita:
Hilmar Garðar Hjaltason, **hilmar.hjaltason@capacent.is**
Auður Bjarnadóttir, **audur.bjarnadottir@capacent.is**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst 2019.

ÖLGERÐIN er stofnuð árið 1913, er í dag eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði og velti á síðasta ári um 25 milljörðum króna. Hjá Ölgerðinni og dótturfyrirtækinu Danól starfa um 400 manns.

ÖLGERÐIN framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og drykkjarvörur af ýmsum toga. Danól selur mat- og sérvöru í fremstu röð og er skipt í þrjár einingar, matvara, snyrti- og sérvara auk stóreldhús og kaffikerfa. Stöðugt er leitað nýrra leiða til að efla starfsemina og ná fram meiri framleiðni með því að gera hlutina betur og fyrr en aðrir. Mikil áhersla er lögð á samfélagsábyrgð og hagkvæman rekstur. Þetta er gert til hagsbóta fyrir viðskiptavini okkar, neytendur, starfsfólk og eigendur.

olgerdin.is

RÁÐGJAFI Í LAUNALAUSNUM

Viðskiptalausnir Origo leita að lausnamiðuðum einstaklingi með reynslu á sviði launamála sem hefur metnað og hæfni til að taka þátt í að gera okkar frábæru launalausnir enn betri.

HÆFNISKRÖFUR:

- Minnst þriggja ára reynsla af launavinnslu og launabókhaldi er skilyrði
- Þekking á Kjarna, SAP eða öðrum sambærilegum launakerfum
- Góð greiningarhæfni og geta til að leysa úr flóknum úrlausnarefnum
- Nákvæm og ögguð vinnubrögð
- Góð almenn tæknikunnátta og færni á Excel
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Góð samskiptahæfni og mikil þjónustulund

HELSTU VERKEFNI:

- Innleiðing á launalausnum Origo hjá nýjum viðskiptavinum
- Ráðgjöf og þjónusta til núverandi viðskiptavina
- Þátttaka í þróun og útfærslu á nýjum lausnum

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.

Sótt er um starfið á vef Origo. Umsóknarfrestur er til og með **25. ágúst 2019**.

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað. Nánari upplýsingar veita sérfræðingar á mannauðssviði Origo, **mannaudur@origo.is.**

Origo er þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni sem hjálpar viðskiptavinum að ná samkeppnisforskoti með sérsniðnum lausnum.
Gildin okkar eru **þjónustuframsýn, samsterk og fagdjörf.**

.origo.

OR Orkuveita Reykjavíkur

Reynslubolti óskast

Við leitum að þjónustufulltrúa í rafmagni

Mæla og notendaþjónusta OR hefur það hlutverk að hafa umsjón með heimlagnarferli frá umsókn til áhleypingar og veitir fjölbreytta ráðgjöf til rafverktaka, hönnuða og húseigenda.

Við leitum að þjónustufulltrúa í rafmagni sem mun taka þátt í verkefnum teymisins ásamt því að aðstoða við að tryggja gott flæði og forgangsraða í samráði við hópstjóra og umsjónarmann rafmagnsþjónustu.

Ef þú hefur reynslu af faginu, góða skipulagsfærni og býrð yfir nákvæmni og þjónustulund viljum við fá umsókn frá þér. Hluti af starfinu felst í spennusetningum, tengingum og mælavinna og er því gerð krafa um sveinspróf í rafvirkjun. Próf í rafmagnsiðnfræði eða meistararéttindi í rafmagni er mikill kostur.

Sótt er um starfið á ráðningarvef OR, **starf.or.is,** þar sem nánari upplýsingar er að finna.

Umsóknarfrestur er til og með 1. september 2019.
Við hvetjum öll kyn til að sækja um starfið.

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og einkalíf.

OR Grunnur að lífsgæðum

VEITUR | GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR | ON ORKA NÁTTÚRUNNAR

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Sameyki er stéttarfélag í almannaþjónustu og er félagssvæði þess allt landið. Félagsmenn eru um 11.000 og er Sameyki stærsta félagið innan BSRB. Helstu verkefni félagsins eru að bæta kjör félagsmanna og verja réttindi þeirra. Einnig vinnur félagið að réttinda- og kjaramálum á vettvangi BSRB og er í samstarfi um ýmis mál við systurfélög innan bandalagsins.

SÉRFRÆÐINGUR Á KJARASVIÐI

Sameyki – stéttarfélag í almannaþjónustu óskar eftir að ráða sérfræðing á kjarasvið. Leitað er að öflugum og framsæknum einstaklingi sem hefur áhuga á kjara- og réttindamálum launafólks.

Helstu verkefni

- Vinna að kjaramálum, stofnanasamningum og starfsmati
- Tölfræðigreiningar og upplýsingaöflun er varða kjaratengd málefni
- Uppsetning gagnagrunna í tengslum við samninga
- Vinna að kjara- og launakönnunum félagsins
- Aðstoð við félagsmenn er varðar kjör og réttindi
- Kennsla og fræðsla varðandi kjaramál
- Vinna við félags- og gagnakerfi Sameykis
- Önnur verkefni skv. ákvörðun framkvæmdastjóra

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. hagfræði, vinnumarkaðsfræði, viðskipta- eða verkfræði
- Greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga
- Leikni í að vinna og setja fram upplýsingar úr gagnagrunnum og upplýsingabrunnum
- Víðtæk reynsla af tölfræði- og greiningarvinnu og notkun töflureikna
- Áhugi og reynsla/þekking á kjara- og vinnumarkaðsmálum
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Hvetjandi í hópastarfi
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Góð íslenskukunnátta og færni í textagerð

Upplýsingar veitir:
Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

HAGVANGUR hagvangur.is

VEGAGERÐIN

Vegagerðin er þjónustumiðuð stofnun sem nýtir tækniþekkingu til umferðarstýringar og bætts samgönguöryggis á sjó og landi.

Starfsemi Þjónustusviðs Vegagerðarinnar tekur til þjónustu við vegakerfið allt árið og upplýsingamiðlunar til veg- og sjófarenda.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

FRAMKVÆMDASTJÓRI NÝS ÞJÓNUSTUSVIÐS

Við leitum að framkvæmdastjóra til að leiða öflugt starf á nýju Þjónustusviði Vegagerðarinnar. Starfsstöðin er í Reykjavík. Starfið heyrir beint undir forstjóra og framkvæmdastjórinn tekur sæti í yfirstjórn Vegagerðarinnar.

Stöðugar umbætur þjónustunnar með tækniþróun og markvissri endurskoðun verklags verða ekki hvað síst áskorun fyrir nýjan framkvæmdastjóra. Framundan eru stór verkefni við þróun þjónustu og upplýsingagjafar.

Um er að ræða áhugavert og spennandi starf þar sem viðkomandi gefst tækifæri til að þróa nýtt svið þjónustu á tímum mikilla tæknibreytinga og stafrænna umbreytinga, innleiða nýja ferla og hagnýta upplýsinga-tækni við innri og ytri þjónustu Vegagerðarinnar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg
- Stjórnunarreynsla
- Farsæl og árangursrík reynsla af rekstri
- Haldgóð þekking á fjármálum
- Reynsla af þjónustustýringu og upplýsingamiðlun
- Reynsla og þekking á stafrænum lausnum
- Reynsla af þróun og innleiðingu nýrra ferla
- Framúrskarandi samskiptafærni og rík þjónustulund
- Frumkvæði, metnaður og árangursdrifni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku

Upplýsingar veita:
Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs
katrin@hagvangur.is

Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar
bergthora.thorkelsdottir@vegagerdin.is

Sigurbjörg J. Narby Helgadóttir, mannauðsstjóri Vegagerðarinnar, sigurbjorg.helgadottir@vegagerdin.is eða í síma 522 1000.

Umsóknarfrestur er til og með **2. september 2019**.
Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur um hæfi til að gegna umræddu starfi.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

HAGVANGUR hagvangur.is

Nýtt fólk

Skúli Valberg nýr framkvæmdastjóri Kolibri

Skúli Valberg Ólafsson, núverandi formaður stjórnar Kolibri, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri félagsins. Hann tekur við starfinu 1. september nk.

Skúli býr yfir mikilli reynslu af störfum í upplýsingatækni, fjármálum og nýsköpun. Hann hefur meðal annars starfað sem stjórnandi hjá EJS, Oz.Com, Straumi-Burðarási, Raiffeisen Bank í Austurríki, Beringer Finance og Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð. Þá hefur Skúli verið ráðgjafi fjölda fyrirtækja í breytingarferlum, fjármögnun og nýsköpun.

Skúli hefur setið í stjórnum fjölda fyrirtækja, bæði á Íslandi og erlendis, og má þar nefna CCP, Opin Kerfi Group, Klakka, Símann, Skipti, Florealis og RIFF.

Skúli er með gráðu í iðnaðar- og kerfisverkfræði frá University of Florida og MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Þá leggur hann stund á framhaldsnám í stafrænum viðskiptum.

Kolibri er hugbúnaðar- og ráðgjafarfyrirtæki sem handleiðir og þjálfar fyrirtæki og stofnanir í þróun og innleiðingu á stafrænum lausnum með framsæknum aðferðum og inngripum í rekstur og ferla. Hjá Kolibri starfa 30 manns.

Kristinn Haukur Guðnason til Fréttablaðsins

Kristinn Haukur Guðnason hefur verið ráðinn sem blaðamaður hjá Fréttablaðinu og hóf störf þann 1. júlí. Hann skrifar bæði í fréttahluta blaðsins og helgarefni.

Síðastliðin tvö ár hefur Kristinn starfað sem blaðamaður hjá DV. Frá haustinu 2018 var hann fréttastjóri helgarblaðsins. Þar áður var Kristinn pistlahöfundur hjá Kjarnanum frá stofnun miðilsins árið 2013.

Kristinn er 38 ára gamall og sagnfræðingur að mennt. Nam hann miðaldasögu við Háskóla Íslands og Edinborgarháskóla. Eru það einkum hinar myrku hliðar sögunnar þar sem áhuginn liggur.

Kristinn er búsettur í Hafnarfirði, er giftur og á tvær dætur. Hann er mikill grúskari og ólæknanlegur nörd. Áhugamálin eru borðspil, kvikmyndir, tónlist, íþróttir, stjórnmál, þjóðfélagsmál og saga. Kristinn er mikill dýravinur og hafa þau ófá dvalið á heimilinu, úr hinum ýmsu ættkvíslum fánunnar.

Eggert til Samstarfsvettvangs um loftslagsmál

Eggert Benedikt Guðmundsson hefur verið ráðinn forstöðumaður Samstarfsvettvangs stjórnvalda og atvinnulífs um loftslagsmál og grænar lausnir.

Starfsferill Eggerts nær til stóriðju, sjávarútvegs, hátækni, verslunar, og menningarstarfsemi.

Eggert stýrði um 10 ára skeið tveimur af stærstu fyrirtækjum landsins, N1 hf. frá árinu 2012 til 2015 og HB Granda hf. frá árinu 2005 til 2012. Nú síðast gegndi hann forstjórastöðu fyrir nýsköpunarfyrirtækið eTactica sem starfar á sviði raforkueftirlitskerfa.

Eggert hefur verið formaður stjórnar Borgarleikhússins frá árinu 2017 og stjórnarformaður Hótel Holts frá árinu 2015. Þá hefur hann setið í stjórn Viðskiptaráðs Íslands frá árinu 2010, þar af varaformaður frá árinu 2010 til 2014. Hann var stjórnarmaður Íslandsstofu á árunum 2010 til 2013 og Háskólans í Reykjavík á árunum 2006-2010.

Eggert er rafmagnsverkfræðingur að mennt frá Háskólanum í Karlsruhe í Þýskalandi. Hann lauk MBA-gráðu frá IESE-viðskiptaskóla Háskólans í Navarra 1997 og AMP-gráðu frá sama skóla 2012.

FRÉTTABLAÐIÐ

Tilkynningar um nýtt fólk Atvinnublað Fréttablaðsins kemur út á laugardögum í viku hverri. Umsjónarmaður blaðsins er Hrannar Helgason. Blaðið birtir valdar greinar um ráðningu nýrra starfsmanna. Sendið tilkynningar ásamt mynd af viðkomandi á netfangið: **nyttfolk@frettabladid.is**

RAFVIRKJAR ÓSKAST

Rafmiðlun óskar eftir rafvirkjum til starfa. Um er að ræða skemmtilegan og lifandi vinnustað með öflugu starfsmannafélagi ásamt góðri aðstöðu fyrir starfsmenn.
Við leitum að jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingum sem eru til að takast á við skemmtileg og krefjandi verkefni. Viðkomandi þarf að vera vanur að vinna í teymi, stundvís og starfsreynsla æskileg. Gert er ráð fyrir því að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfsumsóknir með ferilskrá sendist á rafrænu formi netfangið: vilborg@rafmidlun.is
merkt: Haust 2019

Ögurhvarf 8, 203 Kópavogur - Sími 540 3500 - Netfang rafmidlun@rafmidlun.is

Rafmiðlun er eitt stærsta rafverktakafyrirtæki landsins stofnað 1996.
Hjá fyrirtækinu starfa um 140 manns. Rafmiðlun byggir á kraftmiklum og metnaðarfullum starfsmönnum sem eru vel upplýstir, sýna frumkvæði og eru hluti af heild.

Rafmiðlun er framúrskarandi og fyrirmyndarfyrirtæki 2018 samkvæmt lista Creditinfo og Viðskiptablaðsins.

ORKUSTOFNUN

Forstöðumaður
Jarðhitaskólans

Orkustofnun auglýsir stöðu forstöðumanns Jarðhitaskólans (JHS) lausa til umsóknar.

Jarðhitaskólinn hefur almennt gengið undir nafninu Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna, og starfar undir því heiti til ársloka 2019. Frá upphafi árs 2020 er gert ráð fyrir tengslum og samvinnu við aðra alþjóðlega stofnun.

Helstu verkefni eru:

- Að skipuleggja og stjórna starfsemi Jarðhitaskólans, og vera orkumálastjóra og stjórn skólans til ráðgjafar í samræmi við samstarfssamning Íslands við þá alþjóðlegu stofnun, sem skólinn verður tengdur í framtíðinni.
- Að vinna með systurstofnunum sínum á Íslandi (Sjávarútvegsskólanum, Landgræðsluskólanum og Jafnréttisskólanum), og styðja við myndun og starfsemi þeirrar stofnunar, sem er ætlað að verða sameiginlegur tengiliður skólanna á Íslandi við þessa alþjóðlegu stofnun og utanríkisráðuneytið.
- Að bera ábyrgð á vali nemenda í jarðhitafræðum frá þróunarlöndum, í 6-mánaða þjálfun eða akademískt nám á Íslandi, og jafnframt efla eða koma á laggirnar samvinnu við viðeigandi stofnanir eða samstarfsaðila í þessum löndum.
- Að bera ábyrgð á námskeiðum eða ráðstefnum sem skólinn stendur fyrir eða styður og haldin eru erlendis.
- Að tryggja akademíska og hágæða stjórnun á starfsemi skólans, ekki síst í kennslu, þjálfun og ritgerðarvinnu nemenda.
- Að vera ábyrgur fyrir skipulagningu, fjárhagsáætlun og rekstri skólans.

Upplýsingar um Jarðhitaskólann má finna á vefsíðu hans (www.unugtp.is). Frekari upplýsingar veita orkumálastjóri og stjórnarformaður Jarðhitaskólans, Dr. Guðni A. Jóhannesson, eða núverandi forstöðumaður, Lúðvík S. Georgsson.

Grunnhæfniskröfur:

- Doktors- eða meistaragráða í jarðvísindum eða verkfræði.
- Umtalsverð reynsla af jarðhitarannsóknum eða við þróun jarðhitanýtingar.
- Reynsla í kennslu og leiðbeiningarstörfum nemenda á háskólastigi.
- Góð kunnátta í enskri tungu, en starfsemi skólans fer að mestu fram á ensku.
- Reynsla af störfum á alþjóða vettvangi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Laun greiðast samkvæmt samningi milli fjármálaráðuneytis og viðeigandi stéttarfélags. Skrifleg umsókn ásamt fylgiskjölum skal berast Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, eða á tölvupóstfangið ods@os.is, eigi síðar en 2. september, 2019.

Orkumálastjóri

Orkugarður
Grensásvegi 9
108 Reykjavík
www.os.is

Verkstjóri/Byggingastjóri

Vegna vaxandi verkefna og traustrar verkefnastöðu næstu árin óskum við eftir að ráða reyndan verkstjóra til starfa við daglega stjórn á verkstað í framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu.

Helstu verkefni:
- Dagleg stýring starfsmanna og undirverktaka
- Innri úttektir á gæðum vinnu eigin starfsmanna og undirverktaka
- Efnisinnkaup
- Samskipti við verkkaupa og undirverktaka
- Framfylgja verk- og kostnaðaráætlunum í samráði við verkefnastjóra

Hæfniskröfur:
- Sveinspróf í iðngrein er skilyrði
- Meistararéttindi og byggingastjóraréttindi eru kostur
- Reynsla af stjórn byggingarverkefna
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði, áræðni og metnaður
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á póstfangið gylfi@javerk.is fyrir 25. ágúst.
Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

JÁVERK er 27 ára öflugt og metnaðarfullt verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru um 120 og verkefnastaða fyrirtækisins er mjög traust næstu árin. **JÁVERK** leggur áherslu á umhverfismál, öryggi og gæði. **JÁVERK** er eina verktakafyrirtækið í flokki stórra fyrirtækja sem hefur fengið viðurkenningu Creditinfo sem „Framúrskarandi fyrirtæki“ öll síðustu 5 ár.

Starfsmannastefna fyrirtækisins er að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekkist. Starfsandi er frábær og starfsmannafélagið mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum. Starfsmannavelta er lítil.

JÁVERK
Gagnheiði 28
800 Selfoss
Sími 480 1700
javerk@javerk.is
www.javerk.is

JÁVERK

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

UMDÆMISSTJÓRI Á EGILSSTÖÐUM

Umdæmisstjóri sér um daglegan rekstur Egilsstaðaflugvallar og annara flugvalla í umdæmi IV. Hefur umsjón með áætlanagerð, mönnun og búnaði. Ber ábyrgð á virkni gæða- og öryggisstjórnunarkerfis. Hann er leiðandi í uppbyggingu og þróun á þjónustu og markaðssetningu Isavia á svæðinu og tekur þátt í gerð markmiða og mælikvarða.

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri flugvallasviðs, **sigrun.jakobsdottir@isavia.is**

Hæfniskröfur
- Háskólapróf eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri og stjórnunarstörfum
- Reynsla af verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Þekking á öryggis- og gæðastjórnunarkerfum
- Hæfni í samskiptum og lausn ágreiningsmála

Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnsskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia ber Jafnlaunamerkið með stolti enda er það staðföst trú okkar að launaákvarðanir skuli ávallt byggja á faglegum og málefnalegum rökum.

STARFSSTÖÐ:
EGILSSTAÐIR

UMSÓKNARFRESTUR:
1. SEPTEMBER

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA

isavia

Starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk

Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar óskar eftir að ráða starfsfólk á Sæbraut sem er íbúðarkjarni fyrir fatlað fólk.
Um vaktavinnu er að ræða, þar sem unnið er á dag- kvöld- og helgarvöktum.
Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf fljótlega.

Helstu verkefni

eru að veita íbúum hvatningu og stuðning við daglegar athafnir, samfélagslegrar þátttöku og almennrar virkni.

Menntun, reynsla og hæfni:

- Góð almenn menntun.
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Reynsla af starfi með einhverfum æskileg.
- Umsækjendur þurfa að hafa bílpróf.

Aldursskilyrði er 20 ár og skulu umsækjendur hafa hreint sakavottorð

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og starfsmannafélags Reykjavíkur.

Upplýsingar um starfið veitir Helga Gestsdóttir forstöðumaður í síma 694-9705,
í tölvupósti **helgag@seltjarnarnes.is** og Halldóra Jóhannesdóttir Sanko í síma 595-9100,
í tölvupósti **halldoraj@seltjarnarnes.is**

Umsókn ásamt fylgiskjölum skal skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar
– undir **http://www.seltjarnarnes.is -Störf í boði**

Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst 2019. Óskað er eftir að ferilskrá fylgi umsókn.
Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

seltjarnarnes.is

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

SELTJARNARNESBÆR

Blikksmíði ehf

**Óskar eftir blikksmiðum
eða vönum mönnum í Blikksmíðavinnu,
einnig aðstoðarmönnum.**

Upplýsingar í síma: 893 4640 eða
blikksmidi@simnet.is

Íslyft ehf

AVANT

JOHN DEERE

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur

Við leitum að rafvirkjum, vélvirkjum og aðstoðarmönnum

Vegna aukinna verkefna viljum við bæta við rafvirkjum, vélvirkjum og aðstoðarmönnum á verkstæði okkar.

Íslyft & Steinbock þjónustan er búin að vera starfandi síðan 1972. Íslyft hefur verið markaðsleiðandi í sölu á Linde lyfturum og vöruhúsatækjum síðastliðin 20 ár.
Íslyft er m.a. með umboð fyrir Linde, John Deere, Avant, Merlo og Combilift.

Íslyft er öruggur og skemmtilegur vinnustaður og hvetjum við þig til að sækja um.

Umsóknir sendist á netfangið islyft@islyft.is
Framtíðarstarf hjá öruggu fyrirtæki.

Íslyft ehf er sérhæft fyrirtæki í sölu og þjónustu á lyfurum og dráttarvélum.
Íslyft ehf hefur haft mesta markaðshlutdeild í sölu á lyfturum sl. 25 ár.

OR Orkuveita Reykjavíkur



Sérfræðingur í rannsóknum jarðhitaauðlinda

Á Þróunarsviði OR starfar vísindafólk sem tryggir, verndar og treystir sjálfbæra og sporlausa nýtingu auðlinda okkar á grunni umfangsmikils rannsóknar- og nýsköpunarstarfs.

Huga þarf að framtíðarforða fyrir veiturnar okkar og við leitum að liðsfélaga til að stýra rannsóknum á ókönnuðum jarðhitasvæðum. Í starfinu felst virk þátttaka í mótun nýtingarstefnu OR samstæðunnar þar sem leiðarljósið er að tryggja almenningi birtu, vatn og yl til framtíðar.

Starfið krefst þekkingar á jarðhita, reynslu af verkefnastjórn og samskiptahæfni. Menntun á sviði jarðvísinda, orkuvísinda eða skyldra greina er nauðsynleg.

Ef þú ert góð(ur) í að fá fólk til liðs við þig, klára mál og brennur fyrir sjálfbærri nýtingu auðlinda viljum við heyra frá þér.

Sótt er um starfið á ráðningarvef OR, **starf.or.is.**

Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst 2019.
Við hvetjum öll kyn til að sækja um starfið.

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og einkalíf.

OR Grunnur að lífsgæðum

VEITUR | GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR | ON ORKA NÁTTÚRUNNAR



Starfsmaður í innri endurskoðun

Innri endurskoðandi Kviku banka óskar eftir að ráða starfsmann í deildina. Innri endurskoðun starfar óháð öðrum deildum í skipulagi bankans, er þáttur í eftirlitskerfi hans og ber ábyrgð gagnvart endurskoðunarnefnd og stjórn.

Starfssvið og ábyrgð:

- Þátttaka í skipulagningu innri endurskoðunar
- Metur hvort innra eftirlit í daglegri starfsemi sé fullnægjandi
- Tryggir skilvirkt eftirlitsumhverfi í samvinnu við stjórnendur. Yfirsýn yfir eftirlitsþætti s.s. áhættustýringu, öryggi, fylgni við lög og reglur
- Þátttaka í samhæfingu starfa innri endurskoðunar við aðrar eftirlitseiningar innan bankans
- Umsjón með úttektum og þátttaka í skýrslugjöf

Hæfniskröfur:

- CIA vottun eða hefur hafið faggildingarferli
- Háskólapróf í viðskiptafræði af endurskoðunarsviði, meistarapróf í reikningshaldi og endurskoðun eða sambærilegu námi
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði innri endurskoðunar
- Skipulögð, hlutlæg og vönduð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og geta til að vinna sjálfstætt

Lögfræðingur / lögmaður á lögfræðisvið

Helstu verkefni:

Margvísleg lögfræðiþjónusta við samstæðu bankans svo sem:

- Lögfræðileg greining og ráðgjöf
- Skjalagerð af ýmsum toga
- Fjölbreytt verkefni sem varða meðal annars ýmis svið fjármuna- og félagaréttar

Hæfniskröfur:

- Fullnaðarpróf í lögfræði
- Lögmannsréttindi eru kostur
- Að minnsta kosti fimm ára starfsreynsla af lögmannsstofu eða úr fjármálageiranum
- Víðtæk þekking á sviði fjármálamarkaðar
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Metnaður og vilji til að takast á við krefjandi starf og flókin úrlausnarefni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta og góð almenn tölvukunnátta

Starfsmaður í regluvörslu

Starfssvið og ábyrgð:

Starfið felur í sér fjölbreytt verkefni á ábyrgðarsviði regluvörslu, m.a. tengd:

- Aðgerðum bankans gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- Eftirliti með verðbréfaviðskiptum í starfsemi bankans
- Uppbyggingu og eftirliti með innra regluverki bankans
- Innherjamálefnum bankans
- Samskiptum við stjórnvöld og aðra eftirlitsaðila
- Ráðgjöf og fræðslu til annarra sviða bankans
- Innleiðingu nýrra laga og reglna á fjármálamarkaði í starfsemi bankans

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, t.d. í viðskiptafræði, verkfræði eða lögfræði
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Metnaður og vilji til að takast á við krefjandi og fjölbreytt verkefni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 29. ágúst. Sækið um hér: https://attentus.umsokn.is

KVIKA

Kvika banki hf. | Borgartún 25 | 105 Reykjavík | +354 540 3200 | kvika.is

DEILDARSTJÓRI ALMANNASAMGÖNGUR

VEGAGERÐIN

FAGMENNSKA
ÖRYGGI
FRAMSÝNI

Vilt þú vinna að bættum almenningssamgönum á landinu öllu?

Leitað er eftir deildarstjóra í nýrri deild Vegagerðarinnar um rekstur almannasamgangna.
Verkefni deildarinnar er rekstur og þróun þeirra almannasamgangna sem heyra undir Vegagerðina. þetta á við um samgöngur milli byggðarlaga á landi og á sjó og í einhverjum tilvikum í lofti. Um er að ræða áhugavert starf fyrir dugmikinn einstakling.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg
- Farsæl og árangursrík reynsla af rekstri
- Reynsla af markaðssetningu
- Reynsla af rekstri almannasamgangna er kostur
- Framúrskarandi samskiptafærni og rík þjónustulund
- Frumkvæði, metnaður og árangursdrifni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags og umsóknarfrestur er til og með 2. September 2019.

Nánari upplýsingar um starfið veita Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri (bergthora.thorkelsdottir@vegagerdin.is) og Jónas Snæbjörnsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs (jonas.snaebjornsson@vegagerdin.is og í síma 522 1000

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur um hæfi til að gegna umræddu starfi.
Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Álftanesskóli
- Leiðbeinendur á tómstundaheimili

Flataskóli
- Deildarstjóri á leikskóladeild

Sjálandsskóli
- Leiðbeinendur á tómstundaheimili

Urriðaholtsskóli
- Leikskólakennarar
- Háskólamenntaðir leiðbeinendur

Jónshús, félagsmiðstöð eldri borgara
- Starfsmaður

Móaflöt – skammtímavistun fyrir fötluð börn og ungmenni
- Yfirþroskaþjálfi

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

HEILSUGÆSLAN

Sérfræðingar í geðheilbrigðisþjónustu við Geðheilsuteymi HH Suður

Laus eru til umsóknar störf sérfræðinga við Geðheilsuteymi HH suður. Teymið er nýtt þverfaglegt teymi ætlað íbúum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Ef þú hefur áhuga á að taka þátt í að byggja upp teymi sem sinnir samfélagsþjónustu þá er þetta spennandi tækifæri. Unnið er eftir batahugmyndafræði þar sem einstaklingsmiðuð þjónusta ýtir undir styrkleika og bjargráð notenda.

Leitað er að sérfræðingum í eftirfarandi störf:

- Sérfræðingur í geðlækningum
- Sérfræðingur í geðhjúkrun
- Sálfræðingur

Nánari upplýsingar veita:

Íris Dögg Harðardóttir, teymisstjóri Geðheilsuteymi HH suður
iris.dogg.hardardottir@heilsugaeslan.is - 821-2161
Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar HH
ragnheidur.osk.erlendsdottir@heilsugaeslan.is - 513-5044
Sigríður D. Magnúsdóttir., framkvæmdastjóri lækninga HH
sigridur.d.magnusdottir@heilsugaeslan.is - 513-5015
Agnes Agnarsdóttir, fagstjóri sálfræðinga HH
agnes.agnarsdottir@heilsugaeslan.is - 513-5000

Nánari upplýsingar eru á www.heilsugaeslan.is eða www.starfatorg.is

VIRÐING - SAMVINNA - FAGMENNSKA

Vantar þig starfsfólk?

HAGVANGUR
hagvangur.is

NetApp

NetApp Iceland is hiring

No matter if you're a graduate or a seasoned veteran, we have something for you

Why NetApp?

NetApp is a Fortune 500 Company consistently rated as one of the world's best places to work.

We hire talented people and support them to do what they do best. We take pride in offering an exciting and innovative workplace, with opportunities to grow no matter where you're at in your career. Looking after our people is an important part of how we do business.

Here's why:

Be rewarded with competitive salaries and bonuses

Take advantage of 5 volunteer days each year

Participate in the employee stock purchase program

Directly influence and shape the future of cloud

Work with global partners, including Microsoft, Amazon, and Google

Experience travel and global development opportunities

We're looking for talented people to join our Reykjavík team

Help us build out Azure NetApp Files and Cloud Volumes, in close collaboration with Microsoft and Google

Software Engineers

Multiple open positions

Be part of the core team of leading software engineers writing the future of cloud management, with the industry's bleeding-edge technology.

Site Reliability Engineers

Multiple open positions

Can't choose between writing code and building the rock-solid systems to run it? Why not do both? Our SREs do it all to scale, harden, and increase performance across the board!

Quality Assurance Engineers

Multiple open positions

Our exceptional team of QA Engineers work closely with our developers to eliminate existing issues, and help prevent the rise of new issues (please apply to a Software Engineer position).

Apply now at: netapp.com/iceland-jobs. Applications in English are preferred.

For more information about the product check out: cloud.google.com/netapp and azure.microsoft.com/en-gb/services/netapp.

Verkefnastjóri í eignadeild

Kópavogsbær óskar eftir að ráða verkefnastjóra ástandsskoðunar fasteigna og eftirlits með viðhalds-framkvæmdum. Verkefnastjóri sinnir einnig umsýslu með fasteignum í eigu Kópavogsbæjar. Um nýtt starf er að ræða sem kemur til með að þróast með þeim starfsmanni sem ráðinn verður í starfið.

Starfssvið

- Ástandsskoðun allra fasteigna Kópavogsbæjar.
- Gerð útboðsgagna, kostnaðar- og viðhaldsáætlana.
- Eftirlit og umsjón með verktökum bæjarins.
- Skráning gagna í skjalakerfi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Verkfræði- eða tæknimenntun á háskólastigi.
- Reynsla af viðhalds- og byggingarframkvæmdum.
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi og meistararéttindi æskileg.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Góð tölvukunnátta.
- Þekking á Autocad æskileg.
- Þekking á skjalavistunarkerfi ONE æskileg.
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagsfærni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Konur jafnt sem karla eru hvattar til að sækja um starfið.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt í gegnum ráðningarvef Kópavogsbæjar.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Gunnar Már Karlsson deildarstjóri í síma 441-0000.

Kópavogsbær

kopavogur.is

Laus störf hjá Kópavogsbæ

Leikskólar Kópavogs óska eftir leikskólakennurum, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjórum og þroskaþjálfa.

Grunnskólar Kópavogs auglýsa eftir náttúru-fræðikennara, forfallakennurum, sérkennara, frístundaleiðbeinendum og stuðningsfulltrúum.

Á velferðarsviði er óskað eftir teymisstjóra í íbúðakjarna, starfsfólki í stuðningsþjónustu við fatlað fólk og liðveitendum í hlutastarf.

Umhverfissvið óskar eftir verkefnisstjóra í eignadeild.

Sundlaugar Kópavogs óska eftir karlkyns starfsmanni í laugarvörslu og móttöku.

Kynntu þér fjölbreytt og spennandi störf á heimasíðu okkar www.kopavogur.is

Kópavogsbær

kopavogur.is

Alcoa Fjarðaál er stærsta iðnfyrirtæki landsins og við leitum nú að góðu fólki í framleiðsluteymin okkar í álverinu á Reyðarfirði. Teymisfélagar skipta með sér verkum og sjá um daglega framleiðslu Fjarðaáls á þrískiptum átta tíma vöktum.

Erum við **að leita að þér?**

Hvers vegna að vinna með okkur?

- **Við erum** með vaktakerfi sem gefur góðar tekjur og fimm daga frí á milli vaktalotna.
- **Við höfum** fríðindi á borð við akstur til og frá vinnu, mötuneyti, heilsugæslu og velferðarþjónustu.
- **Við stöndum** vörð um jafnrétti og gerðum með okkur sáttmála um góða vinnustaðarmenningu.
- **Við trúum** því að samhent teymi ólíkra einstaklinga skili bestum árangri.
- **Við gerum** strangar kröfur til okkar í umhverfis-, heilbrigðis- og öryggismálum.
- **Við fáum** tækifæri til starfsþróunar í gegnum þjálfun, fræðslu og fjölbreytta starfsreynslu.
- **Við búum** í nálægð við náttúruna í fjölskylduvænu samfélagi á Austurlandi.

Ef þú hefur áhuga á að vinna með okkur í álverinu á Reyðarfirði þá hvetjum við þig til að kynna þér málið nánar. Frekari upplýsingar veitir mann-auðsteymi Fjarðaáls í gegnum netfangið starf@alcoa.com eða í síma 470 7700.

Hægt er að sækja um framleiðslustörf hjá Fjarðaáli á www.alcoa.is. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri, tala íslensku, vera með gild ökuréttindi og hreint sakavottorð. Umsóknir eru trúnaðarmál og er þeim öllum svarað.

Við hvetjum konur sérstaklega til að sækja um störfin. Umsóknarfrestur er til og með 30. ágúst 2019.

Fjarðaál

alcoa.is

Alcoa

Hjúkrunarfræðingur

Af sérstökum ástæðum óskum við eftir hjúkrunarfræðingi þegar í stað.

Um er að ræða aðstoð í klínískri móttöku sjúklinga ásamt aðstoð í laseraðgerðum.

Í umsókn komi fram upplýsingar um menntun, aldur og fyrri störf.
Einnig séu tilteknir tveir meðmælendur. Umsóknir berist fyrir 25. ágúst nk.

Hæfniskröfur

- Mjög góð tölvukunnátta og færni til að læra nýja hluti á stuttum tíma
- Vera fróðleiksfús og ástunda nákvæm vinnubrögð
- Framúrskarandi þjónustulund, jákvæðni og sveigjanleiki
- Frumkvæði og hæfileikar til að takast á við mismunandi verkefni

Umsóknir

- Fyrirspurnir um starfið og umsóknir berist í gegnum ráðningarkerfi Alfreðs – **www.alfred.is** þar sem sömu auglýsingu er að finna
- Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim öllum svarað

AUGLJÓS
LASER AUGNLÆKNINGAR
ALMENNAR AUGNLÆKNINGAR

Glæsibær, Vesturhús, 2. hæð • Álfheimar 74 • 104 Reykjavík

ORF
LÍFTÆKNI

VERKEFNASTJÓRI Í VÖRUÞRÓUN
FYRIR BIOEFFECT HÚÐVÖRUR

ORF Líftækni hf. óskar eftir að ráða verkefnastjóra sem mun starfa á viðskiptaþróunarsviði félagsins.
Starf verkefnastjóra snýr fyrst og fremst að vöruþróun fyrir BIOEFFECT vörulínu félagsins en einnig að öðrum viðfangsefnum, öll unnin í nánu samstarfi við önnur svið þess.

HELSTU VERKEFNI

- Undirbúningur og skilgreining verkefna.
- Verkefnastjórnun í vöruþróun BIOEFFECT vara frá upphafi vöruþróunarferlis þar til vara er tilbúin til framleiðslu og sölu. Einnig verkefnastjórnun, eftirfylgni og utanumhald á breytingum á vöru.
- Skipulag verkefna, gerð tímalína, upplýsingagjöf og skýrslugerð um framgang verkefna.
- Eftirlit, eftirfylgni og utanumhald á öllum þáttum vöruþróunarferlisins.
- Skráningar og skjölun á öllum þáttum vöruþróunarferlisins og ef breytingar koma upp á vörum.
- Miðlun upplýsinga til þeirra aðila sem að ferlinu koma og frá þeim.

MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR

- Menntun eða haldbær reynsla á sviði verkefnastjórnunar í vöruþróun eða sambærilegu starfi.
- Mjög góð samskiptafærni og jákvætt viðmót.
- Reynsla af notkun hugbúnaðarkerfa fyrir verkefnastjórnun.
- Árangursmiðaðir starfshættir, fagmennska og nákvæm vinnubrögð.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í rituðu og töluðu máli.
- Áhugi á húðvörum, og lífvísindum æskilegur.

NÁNAR UM ORF LÍFTÆKNI

ORF Líftækni er íslenskt þekkingarfyrirtæki sem framleiðir vörur sem byggja á lífvísindum, m.a. BIOEFFECT húvörur sem seldar eru á Íslandi og erlendis og hafa fengið ýmsar viðurkenningar fyrir virkni sína og hreinleika. Hjá ORF Líftækni starfar fólk með fjölbreyttan bakgrunn, reynslu og þekkingu. ORF Líftækni leitast við að vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir jafnt konur sem karla.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2019

2017 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast send í gegnum heimasíðu Alfreðs (www.alfred.is) fyrir **dagslok 29. ágúst 2019.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir mannauðsstjóri, Harpa Magnúsdóttir, í síma 591-1590.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Nýtt fólk

Birna Erlingsdóttir til Digido

Birna Erlingsdóttir hefur verið ráðin til netmarkaðsstofunnar Digido sem sérfræðingur í stafrænni markaðssetningu. Þar mun hún vinna með viðskiptavinum að stafrænni vegferð í net- og markaðsmálum.

Birna starfaði áður í markaðsdeild WOW air þar sem hún var ábyrg fyrir stafrænni markaðssetningu flugfélagsins, markaðsherferðum og hugmyndavinnu. Birna er með BA-gráðu í listfræði og viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

Digido vinnur með fyrirtækjum að því að ná betri árangri í markaðsstarfi með nýtingu gagna, auknum sýnileika á leitarvélum, skilvirkari vefauglýsingum og vefmælingum.

Þórhildur framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandspósts

Þórhildur Ólöf Helgadóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandspósts.

Þórhildur hefur mikla reynslu á sviði fjármála og rekstrar en síðastliðin tvö ár hefur hún starfað sem fjármálastjóri 66°Norður. Áður en hún tók við því starfi var hún fjármálastjóri bílaumboðsins Heklu frá 2014 til 2017 og þar á undan var hún fjármálastjóri Securitas en áður hafði hún starfað sem verkefnastjóri hjá Deloitte. Þá sat hún í stjórn Sjóvá Almennra um árabil og átti sæti í stjórnum dótturfélaga 66°Norður og Heklu.

Þórhildur er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hún er gift Stefáni Árna Auðólfssyni og á þrjú börn.

Ragnhildur til starfsmannasviðs Háskóla Íslands

Ragnhildur Ísaksdóttir hefur tekið við starfi sviðsstjóra starfsmannasviðs Háskóla Íslands. Hún mun leiða mannauðsmál skólans þar sem hún mun vinna náið með rektor og öðrum stjórnendum í mótun háskólans sem vinnustaðar.

Ragnhildur hefur mikla reynslu af mannauðsmálum og kemur til Háskóla Íslands frá Reykjavíkurborg þar sem hún var starfsmannastjóri. Hún hefur meistarapróf í mannauðsstjórnun, diplómapróf í opinberri stjórnsýslu og BA-próf í stjórnmálafræði, öllum frá Háskóla Íslands.

Jensína gengur til liðs við Valcon consulting

Jensína Kristín Böðvarsdóttir hefur gengið til liðs við Valcon sem Associate Partner. Valcon er alþjóðlegt ráðgjafarfyrirtæki með höfuðstöðvar í Danmörku og um 300 starfsmenn í yfir 40 löndum. Fyrirtækið hefur verið með starfsemi á Íslandi síðan 2012.

Jensína var áður framkvæmdastjóri hjá Alvogen, VP Global Strategic Planning & HR, á árunum 2015 – 2018 og framkvæmdastjóri þróunar og mannauðs hjá Landsbankanum 2010-2015. Á árunum 2007-2010 var hún forstöðumaður sölu á einstaklingssviði hjá Símanum.

Á árunum 2001-2004 var Jensína framkvæmdastjóri mannauðssviðs og viðskiptaþróunar hjá ráðgjafarfyrirtækinu IMG (nú Capacent).

FRÉTTABLAÐIÐ

Tilkynningar um nýtt fólk Atvinnublað Fréttablaðsins kemur út á laugardögum í viku hverri. Umsjónarmaður blaðsins er Hrannar Helgason. Blaðið birtir valdar greinar um ráðningu nýrra starfsmanna. Sendið tilkynningar ásamt mynd af viðkomandi á netfangið: **nyttfolk@frettabladid.is**

SELTJÖRN

IÐJUÞJÁLFI

Seltjörn hjúkrunarheimili Seltjarnarnesi óskar eftir að ráða iðjuþjálfa í 50 til 60% starfshlutfall. Um er að ræða nýtt starf og væri æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Svanlaug Guðnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 864 4184.

Hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu Sunnuhlíðar, **sunnuhlid.is**.

MÓTAÐU STAFRÆNA FRAMTÍÐ OG ÞJÓNUSTU MEÐ OKKUR Í HAFNARFIRÐI

Hafnarfjarðarbær auglýsir tvær stöður sem gegna mikilvægu hlutverki við að endurhanna þjónustu og vinna að stafrænum umbreytingum með þarfir notenda í forgangi.

Störfin heyra undir sviðsstjóra þjónustu- og þróunarsviðs sem vinnur náið með öðrum sviðum sveitarfélagsins. Við leitum að fólki sem sýnir frumkvæði, staðfestu og metnað til að ná árangri í starfi. Störfin krefjast leiðtogahæfileika og góðrar færni í samskiptum.

DEILDARSTJÓRI ÞRÓUNAR– OG TÖLVUDEILDAR

Meginhlutverk deildarstjóra er að móta stefnu um hagnýtingu upplýsingatækni og nýsköpunar þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Dagleg stjórnun og rekstur deildarinnar, þ.m.t. áætlana- og skýrslugerð
- Ábyrgð á þróun, nýsköpun og stefnumótun fyrir notkun upplýsingatækni í ytri og innri þjónustu
- Vinnur með sviðsstjóra þjónustu- og þróunarsviðs að stefnumótun við hagnýtingu rafrænna upplýsinga
- Umsjón með greiningu, smíði og innleiðingu stærri upplýsingatækniverkefna
- Upplýsingagjöf til stjórnenda um stöðu og framgang verkefna sem undir hann heyra
- Samningagerð við birgja og þjónustuaðila, hefur eftirlit með aðkeyptri vinnu
- Frumkvæði í þróun upplýsingatækni og tryggir að upplýsingakerfi og tækjabúnaður uppfylli kröfur og þarfir notenda
- Ábyrgð á tölvuöryggismálum

Helstu hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði upplýsingatækni eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Reynsla af samningagerð og samskiptum við birgja
- Reynsla af árangursríkri stjórnun og verkstýringu stórra upplýsingatækniverkefna
- Þekking á stafrænum umskiptum og hugmyndafræði notendamiðaðra hönnunaraðferða er kostur

FORSTÖÐUMAÐUR BÓKASAFNS

Bókasafnið gegnir mikilvægu hlutverki í bænum og nýtur vinsælda. Framundan eru spennandi tímar í starfsemi bókasafna og leitað er eftir framsýnum stjórnanda til að leiða þá þróun.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Dagleg stjórnun og rekstur, þ.m.t. áætlana- og skýrslugerð
- Yfirumsjón með eftirliti og mati á þjónustu bókasafnsins
- Stefnumótun og forysta við þróun og innleiðingu nýrra áherslna
- Þátttaka í þróun á þjónustu sveitarfélagsins, innleiðingu tækninýjunga, nýsköpun og eftirfylgni
- Frumkvæði í þróun þjónustu safnsins
- Annast starfsmannamál
- Upplýsingagjöf til stjórnenda um stöðu og framgang verkefna sem undir hann heyra

Helstu hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, háskólapróf á sviði upplýsingafræða æskilegt
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Þekking á stafrænum umskiptum og hugmyndafræði notendamiðaðra hönnunaraðferða er kostur
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð þekking á menningarstarfi

Nánari upplýsingar um störfin veitir: Sigurjón Ólafsson, sviðsstjóri, sigurjono@hafnarfjordur.is

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin. Við kunnum vel að meta frumkvæði, nákvæmni, sköpunargleði og hraða í vinnubrögðum.

Í báðum tilvikum er um að ræða fullt starf og laun samkvæmt gildandi kjarasamningi.
Umsóknarfrestur er til og með 1. september 2019.
Umsóknum skulu fylgja starfsferilskrár og kynningarbréf.

Sækja skal um störfin á vef Hafnarfjarðar
https://radningar.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

585 5500 hafnarfjordur.is

VÖRUBÍLSTJÓRAR

Urð og Grjót ehf óskar eftir vönum vörubílstjórum í vinnu, bæði til skammtíma og langtíma.

Áhugasamir hafið samband á urdoggrjot@urdoggrjot.is eða S:660-0040.

Hjúkrunarfræðingur eða snyrtifræðingur

45% staða meðferðaraðila hjá lækningafyrirtæki sem getur tímbundið krafist hærra hlutfalls. Flexmöguleiki. Mikil sjálfstæðni, reynsla í mannlegum samskiptum m.a. við börn og tölvureynsla er nauðsynleg. Reyklaus vinnustaður. Ferill sem greinir menntun, starfsreynslu og fjarvistir í tímaröð ásamt upplýsingum um tölvureynslu, persónu- og fjölskylduhagi, launakröfur, hvers vegna hlutastarf henti auk valupplýsinga eins og um veikindi og meðmælendur óskast strax á starfsumsokn@gmail.com. Allar umsóknir metast af trúnaðarlækni.

Okkur vantar starfsmann í húsgagnadeild

epal

Hefur þú brennandi áhuga á hönnun og ert með ríka þjónustulund?

Við leitum að fagurkera með reynslu af sölumennsku, hæfni í mannlegum samskiptum, er skipulagður, sjálfstæður og metnaðarfullur í vinnubrögðum, til starfa í **húsgagnadeild okkar.**

Áhugi á hönnun er skilyrði og menntun í hönnun er kostur.
Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir með starfsferilskrá óskast sendar fyrir 23. ágúst, á netfangið: elisabet@epal.is
Nánari upplýsingar veitir Elísabet Guðmundsdóttir í síma 568 7733.

Verkfræðingur

Nýsköpunarmiðstöð Íslands auglýsir eftir verkfræðingi á sviði efnaferla og framleiðslu. Verkefni viðkomandi eru á sviði orku og loftslagsmála. Starfsmaðurinn þarf að hafa meistara- eða doktorsgráðu í verkfræði og geta starfað bæði sjálfstætt og í hópi.

Starfsmaðurinn þarf að vera opinn fyrir nýjungum og nýsköpun og eiga auðvelt með að setja sig inn í nýja hluti. Verkefnastjórnun, skýrslu og umsóknaskrif eru hluti af vinnuskyldu viðkomandi. Starfsstöð viðkomandi er í höfuðstöðvum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í Árleyni í Grafarvogi.

Launakjör eru í samræmi við gildandi kjarasamninga og stofnanasamninga hins opinbera og viðkomandi stéttarfélags. Starfshlutfall er 100%.
Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.
Umsóknir og ferilskrá sendist á starf@nmi.is og er **umsóknarfrestur til 2. september.**
Nánari upplýsingar um starfið veitir
Guðbjörg Óskarsdóttir, gudbjorgo@nmi.is

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hvetur til nýsköpunar og eflir framgang nýrra hugmynda í íslensku atvinnulífi með virkri þátttöku í rannsóknum og stuðningi við frumkvöðla og fyrirtæki. Nýsköpunarmiðstöð Íslands heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Árleyni 8 - 12, 112 Reykjavík ● Sími 522 9000 ● www.nmi.is

HVERAGERÐISBÆR
Blómstrandi bær

Við leitum að góðu fólki

Forstöðumaður frístundaskóla og félagsmiðstöðvar

Óskað er eftir drífandi, hugmyndaríkum og ábyrgum einstaklingi til að leiða starf barna og unglinga í Hveragerði.

Starfsvið:
* Yfirumsjón með starfsemi Bungubrekku, http://bungubrekka.hveragerdi.is/.

* Þátttaka í stefnumótun til framtíðar í málaflokkum.

* Forstöðumaður leiðir uppbyggingu og skipulagningu. Um er að ræða 100% starfshlutfall.

Í Bungubrekku er:

- **Frístundaheimili** grunnskólans, Skólasels. Þar er veitt þjónusta fyrir börn í 1.-4. bekk eftir að skóla lýkur á daginn. Hlutverk frístundaskólans er að skapa yngstu nemendum grunnskólans tryggan samverustað eftir að skóla lýkur.
- **Félagsmiðstöðin Skjálftaskjól**. Þar er boðið upp á félagsstarf fyrir börn og unglinga á aldrinum 10-16 ára í frítíma þeirra. Lögð er áhersla á að ná til sem flestra og bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni.
- **Íþrótta- og ævintýranámskeið**. Á sumrin er boðið upp á heilsdagsnámskeið fyrir 5-11 ára börn þar sem áhersla er lögð á hreyfingu, sköpun og útiveru.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur séu með háskólapróf á sviði tómstunda- og félagsmálafræði, uppeldismenntun eða sambærilega menntun. Reynsla af stjórnun er æskileg, en reynsla af starfi með börnum og/eða unglingum er skilyrði auk almennrar tölvukunnáttu.

Leikskólastjóri Leikskólans Undralands

Óskað er eftir leikskólastjóra hjá Leikskólanum Undralandi í Hveragerði, sem er sex deilda leikskóli. Húsnæðið var tekið í notkun 2017 og aðstaða er öll hin glæsilegasta.

Starfsvið:
*Leikskólastjóri stýrir og ber ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans og veitir skólanum faglega forstöðu á sviði kennslu og þróunar.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi starfsheitið leikskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi. Stjórnunareynsla úr leikskóla er skilyrði. Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum er skilyrði auk skipulagshæfni, frumkvæðis, sjálfstæðis og fagmennsku í vinnubrögðum. Áhersla er lögð á áhuga og metnað til árangurs í starfi. Á leikskólanum er unnið eftir kennsluaðferðum „Leikur að læra" og er kostur ef viðkomandi hafa reynslu af því starfi.

Í boði eru áhugaverð störf í barnvænu umhverfi, en Hveragerði er ört vaxandi sveitarfélag með um 2.700 íbúa. Hveragerði er aðeins í 30 mín. fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Öll þjónusta í bæjarfélaginu er eins og best verður á kosið, leikskólar, grunn- og framhaldsskólar, sem og tónlistarskóli eru innan seilingar. Íþrótta- og menningarlíf er í miklum blóma og umhverfi bæjarins gefur kost á fjölbreyttri útvivist í fallegu umhverfi.

Umsóknarfrestur er til og með 1. september nk. Gengið verður frá ráðningum fljótlega.

Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf. veitir nánari upplýsingar um störfin í s: 588-3031 alla virka daga frá kl.11-13. Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt meðfylgjandi gögnum til **stra@stra.is**, sjá nánar **www.stra.is** .

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út með vísan til 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum nr. 464/1996, með síðari breytingum, sem settar eru með stoð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar hefur verið tekin.

Sjá nánar heimasíðu www.hveragerdi.is

STRÁ

SNILLINGUR Í BÓKHALDI

80 - 100% starfshlutfall

Við óskum eftir liðsauka í að efla fjármálasvið fyrirtækisins auk þess sem viðkomandi mun taka að sér önnur tengd verkefni í rekstri fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af störfum af þessum toga auk þess að hafa ríka þjónustulund gagnvart samstarfsfólki og viðskiptavinum.

Hæfniskröfur eru:

- Góð reynsla af fjármálum, bókhaldi og rekstri almennt
- Menntun sem nýtist í starfinu
- Framúrskarandi tölvuþekking
- Góð enskukunnátta ásamt einu Norðurlandatungumáli er kostur.

Lindex er fjölskyldufyrirtæki stofnað 2011 og rekur 7 verslanir á Íslandi auk vefverslun lindex.is. Til viðbótar er stefnt að opnun fyrstu verslunarinnar í Danmörku í haust.

Umsóknir með ferilskrá berist á atvinna@ldx.is
merktar „Snillingur í bókhaldi“
Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst nk.

LINDEX

MARKAÐSSTJÓRI S4S

S4S ehf óskar eftir að ráða árangursdrifinn og metnaðarfullan einstakling í starf **markaðsstjóra.**
Starfið felur í sér umsjón með markaðsmálum fimmtán verslana og þriggja netverslana.
Umsóknir berist fyrir 2. september á **atvinna@s4s.is**

HELSTU VERKEFNI :

- Yfirumsjón með markaðsmálum fyrirtækisins.
- Gerð markaðsáætlana og greining sölugagna.
- Vöruþróun og stefnumótun.
- Ábyrgð á markaðs- og auglýsingarefni.

HÆFNISKRÖFUR :

- Reynsla af verslunarrekstri og markaðsstörfum.
- Reynsla af stafrænni markaðssetningu.
- Reynsla af verkefnastjórnun og gerð markaðsáætlana.
- Leiðtogahæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla í notkun Navision er æskileg.

SKECHERS
ecco
KOX
Toppskórinn
Kaupfélagið
AIR
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN
ELLINGSEN
Skór.is netverslun

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

Strætó auglýsir eftir:

SÉRFRÆÐINGI
Á MANNAUÐS- OG GÆÐASVIÐI

Strætó leitar að öflugum einstaklingi með brennandi áhuga á mannauðs- og fræðslumálum.

Sérfræðingur á mannauðs- og gæðasviði vinnur náið með mannauðsteymi og gæðastjóra Strætó að því að efla fræðslu, endurmenntun og forvarnir.

Starfssvið

- Yfirumsjón með allri fræðslu, námskeiðum og endurmenntun starfsmanna og stjórnenda
- Stefnumótun fræðslumála
- Nýliðaþjálfun og móttaka nýliða
- Ráðgjöf og stuðningur til starfsmanna og stjórnenda vegna fræðslumála
- Umsjón með Eloomi fræðslukerfi og fræðsluhluta mannauðskerfis, H3
- Önnur verkefni á mannauðs- og gæðasviði

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf og framhaldsmenntun á sviði mannauðs- eða fræðslumála
- Viðtæk reynsla af mannauðs- eða fræðslumálum
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Metnaður og jákvæðni
- Hreint sakavottorð

Vinsamlegast sækið um á **www.radningar.straeto.is**. Umsóknarfrestur er til og með **24. ágúst 2019**.

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Við hvetjum karla jafnt sem konur til sækja um.

Tryggingar og ráðgjöf

Tryggingar og ráðgjöf ehf. óskar eftir starfsmanni með bakgrunn í hjúkrunarfræði, eða með menntun á sviði heilbrigðisfræða, með hagnýta reynslu úr heilbrigðiskerfinu til starfa í áhættumati og áhættugreiningu vegna persónutrygginga.

Um er að ræða fullt, framtíðarstarf í dagvinnu, 9:00 - 17:00 virka daga.

Umsækjandi skal vera íslensku- og enskumælandi og hafa gott vald á rituðu máli. Lögð er áhersla á skipulögð vinnubrögð, færni í mannlegum samskiptum og jákvæðni í starfi. Jafnframt þarf viðkomandi að geta unnið sjálfstætt og sýna frumkvæði í starfi. Reynsla í áhættumati í persónutryggingum er kostur en ekki skilyrði en viðkomandi fær viðeigandi þjálfun fyrir starfið.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Tryggingar og ráðgjöf ehf. er löggilt vátryggingamiðlun staðsett í Sóltúni 26, 105 Rvk.
Nánar um starfsemi T&R er að finna á www.tryggir.is.

Vinsamlegast sendið umsókn (ferilskrá og kynningarbréf) á Ásgerði Ágústsdóttur, asgerdur@tryggir.is.

Umsóknarfrestur er til 15. sept 2019.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

LS Retail

We make business easy

Are you ambitious and eager to make a difference? Could you see yourself working in an innovative software company, creating solutions that make business easy for retailers and hospitality businesses worldwide?

If the answer is yes, LS Retail might have an exciting opportunity for you!

Development Project Manager

We are looking for an experienced Development Project Manager with knowledge and enthusiasm for development processes. The Development Project Manager's focus is to implement and support best practices in development processes within the LS Retail Development department, with the aim of maximizing capacity and flexibility.

Dynamics Consultants in Europe

We are looking for enthusiastic programmers with knowledge of Microsoft Dynamics 365 Business Central (NAV) to join our European consulting team as technical consultants. The team works closely with our partners and customers throughout Europe. This is an exciting, fast-paced role, and a great opportunity to take part in very diverse projects.

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2019

LS Retail was named Icelandic company of the year by workers' union VR in 2019.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2019

Please apply before **27th of August** through our recruitment side **jobs.50skills.com/lsretail**

Vélavörður

Vélavörður óskast á Jón á Hofi ÁR 42 sem gerður er út á humartroll og fiskitroll.

Stærð aðalvélar er 729 kW.

Fyrirspurnir og umsóknir á netfangið jonpall@rammi.is eða í síma 8991785.

RAMMI

ALÞINGI

Næturvörður hjá Alþingi

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir næturverði í fullt starf.
Sjá nánari upplýsingar á Starfatorg.is.

Vantar þig starfsfólk?

HAGVANGUR

hagvangur.is

GRAND BRASSERIE

VIÐ LEITUM AÐ VEITINGASTJÓRA Grand Hótel Reykjavík

Yfirmatreiðslumeistari á Grand Hótel Reykjavík er Úlfar Finnbjörnsson

TÆKIFÆRI FYRIR KRAFTMIKINN OG METNAÐARFULLAN STJÓRNANDA

Starfssvið:

- Yfirumsjón með daglegum veitingarekstri
- Starfsmannamál, ráðningar og þjálfun
- Gæðastjórnun og eftirlit með þjónustu
- Þátttaka í uppbyggingu á veitingarekstri á stærsta ráðstefnuhóteli landsins

Hæfniskröfur:

- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Fagmannleg framkoma og snyrtimennska
- Jákvæðni og geta til að vinna undir álagi
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Haldbær reynsla af veitingarekstri
- Sveinspróf er kostur

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á **salvor@grand.is**. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað. Umsóknarfrestur er til og með **30. ágúst 2019**. Nánari upplýsingar gefur Salvör hótelstjóri í síma 824-2098.
Hlökkum til að heyra frá þér.



ÍSLANDS HÓTEL

Grand Hótel Reykjavík er stærsta funda- og ráðstefnuhótel landsins. Á hótelinu eru 311 herbergi, 11 ráðstefnu- og veislusalir og veitingastaðurinn **Grand Brasserie**. Grand Hótel Reykjavík er hluti af **Íslandshótelum** sem reka 17 hótel hringinn í kringum landið.

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Heilbrigðisstofnun Norðurlands Akureyri, Yfirhjúkrunarfræðingur svæðis

Heilbrigðisstofnun Norðurlands Akureyri auglýsir laust starf yfirhjúkrunarfræðings svæðis á Heilsugæslunni á Akureyri.
Um er að ræða 100% stöðu (dagvinna). Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi.
Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri hjúkrunar.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Er yfirmaður hjúkrunar á starfsstöð HSN á Akureyri og annarrar stoðstarfsemi samkvæmt skipuriti
- Skipuleggur og stjórnar hjúkrunarþjónustu heilsugæslustöðvarinnar og tekur þátt í klínísku starfi
- Stuðlar að þekkingarþróun í hjúkrun með því að hvetja til rannsókna og nýta rannsóknarniðurstöður
- Tekur þátt í gerð áætlana varðandi rekstur
- Tryggir að rekstur og starfsmannamál séu í samræmi við fjárhagsáætlun
- Tekur þátt í þverfaglegu samstarfi, þróun þjónustu og stjórnun verkefna á starfsstöðinni og þvert á stofnun
- Hefur umsjón með starfsemi heilsugæslustöðvarinnar samkvæmt skipuriti ásamt yfirlækni
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu

Hæfnikröfur
- Íslenskt hjúkrunarleyfi og a.m.k. 5 ára starfsreynsla við hjúkrun
- Viðbótarmenntun á sviði heilbrigðisvísinda, viðskiptafræði eða stjórnunar æskileg
- Reynsla af heilsugæsluhjúkrun er æskileg
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Frekari upplýsingar um starfið
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hafa gert. Með umsókn skal fylgja afrit af prófskírteini og íslenskt hjúkrunarleyfi. Sótt er um starfið á heimasíðu stofnunarinnar www.hsn.is (laus störf) eða á www.starfatorg.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsókn fylgi starfsferliskrá og upplýsingar um nám og fyrri störf. Umsækjendur eru auk þess beðnir um að skila kynningarbréfi með rökstuðningi fyrir hæfi og sýn á starfið.
Tóbaksnotkun og notkun á rafsígarettum er ekki heimiluð á vinnutíma innan HSN.
Gildi HSN eru: Fagmennska - Samvinna - Virðing • Umsóknarfrestur er til og með 02.09.2019

Nánari upplýsingar veita
Guðný Friðriksdóttir - gudnyf@hsn.is - 860 7750 • Bryndís Lilja Hallsdóttir - bryndis.lilja.hallsdottir@hsn.is - 432 4050

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sérfræðingur í jarðtækni	Vegagerðin	Reykjavík	201908/1484
Byggingaverkfr./-tæknifræðingur	Vegagerðin	Reykjavík	201908/1483
Húsvörður í Gunnarsholti	Landgræðslan	Hella	201908/1482
Næturvörður	Skrifstofa Alþingis	Reykjavík	201908/1481
Sérfræðingur við manntal	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201908/1480
Lögfræðingur	Tryggingastofnun	Kópavogur	201908/1479
Geðlæknir í geðheilsuteymi	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Höfuðborgarsv.	201908/1478
Sálfræðingur í geðheilsuteymi	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Höfuðborgarsv.	201908/1477
Sérfræðingur í geðhjúkrun	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Höfuðborgarsv.	201908/1476
Sérfræðingur í bráðalækningum	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201908/1475
Sérfræðingur í heimilislækningum	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201908/1474
Yfirmatreiðslumaður	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201908/1473
Starfsmaður í eldhús	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201908/1472
Starfsmaður	ÁTVR, Vínbúðin	Hella	201908/1471
Fulltrúi í NorType	Samgöngustofa	Reykjavík	201908/1470
Verkefnastjóri	Háskóli Íslands, Vísindasmiðja	Reykjavík	201908/1469
Deildarstjóri - almannasamgöngur	Vegagerðin	Reykjavík	201908/1468
Framkvæmdastjóri þjónustusviðs	Vegagerðin	Reykjavík	201908/1467
Verkstjóri	Vegagerðin	Húsavík	201908/1466
Vélamaður	Vegagerðin	Patreksfjörður	201908/1465
Verkfræðingur	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Reykjavík	201908/1464
Umsjónaraðili kaffistofu	Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið	Reykjavík	201908/1463
Lögreglufulltrúar	Héraðssaksóknari	Reykjavík	201908/1462
Forstöðuhjúkrunarfræðingur	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201908/1461
Ráðsmaður	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201908/1460
Sálfræðingur	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201908/1459
Hjúkrunarfræðingar	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201908/1458
Hjúkrunarfræðingar	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Blönduós	201908/1457
Sjúkraliði	Landspítali, krabbameinslækn.deild	Reykjavík	201908/1456
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, krabbameinslækn.deild	Reykjavík	201908/1455
Námsstöður deildarlækna	Landspítali, geðsvið	Reykjavík	201908/1454
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, göngud. taugasjúkdóma	Reykjavík	201908/1453
Sérfræðilæknir	Landspítali, svæfinga-/gjörgæslulækn.	Reykjavík	201908/1452
Hjúkrunarfræðingur/dagvinna	Landspítali, göngudeild þvagfæra	Reykjavík	201908/1451
Sérfræðilæknir í myndgreiningu	Landspítali, röntgendeild	Reykjavík	201908/1450
Skrifstofumaður	Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	Ísafjörður	201908/1449
Varðstjóri	Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	Vestm.eyjar	201908/1448



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit
Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga
Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði
Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun
Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki
Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok
Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Álftanesskóli
- Leiðbeinendur á tómstundaheimili

Flataskóli
- Deildarstjóri á leikskóladeild

Sjálandsskóli
- Leiðbeinendur á tómstundaheimili

Urriðaholtsskóli
- Leikskólakennarar
- Háskólamenntaðir leiðbeinendur

Jónshús, félagsmiðstöð eldri borgara
- Starfsmaður

Móaflöt – skammtímavistun fyrir fötluð börn og ungmenni
- Yfirþroskaþjálfi

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

TRAUSTI fasteignasala

Trausti fasteignasala | trausti@trausti.is | s.546-5050 | Vegmúla 4 | 108 Reykjavík

VIÐ ERUM TRAUSTI

VIÐ VILJUM VINNA MEÐ ÞÉR

Trausti fasteignasala óskar eftir að ráða löggiltan fasteignasala eða nema til löggildingar fasteignasala til starfa.
Vaxandi fasteignasala í léttu og skemmtilegu starfsumhverfi. Góðir tekjumöguleikar.
Reynsla af sölu fasteigna nauðsynleg.

Fáið frekari upplýsingar hjá Kristjáni Baldurssyni í síma 867-3040 eða kristjan@trausti.is

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

SELTJÖRN

IÐJUÞJÁLFI

Seltjörn hjúkrunarheimili Seltjarnarnesi óskar eftir að ráða iðjuþjálfa í 50 til 60% starfshlutfall. Um er að ræða nýtt starf og væri æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Svanlaug Guðnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 864 4184.

Hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu Sunnuhlíðar, **sunnuhlid.is.**

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Verkstjóri/Byggingastjóri

Vegna vaxandi verkefna og traustrar verkefnastöðu næstu árin óskum við eftir að ráða reyndan verkstjóra til starfa við daglega stjórn á verkstað í framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu.

Helstu verkefni:

- Dagleg stýring starfsmanna og undirverktaka
- Innri úttektir á gæðum vinnu eigin starfsmanna og undirverktaka
- Efnisinnkaup
- Samskipti við verkkaupa og undirverktaka
- Framfylgja verk- og kostnaðaráætlunum í samráði við verkefnastjóra

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í iðngrein er skilyrði
- Meistararéttindi og byggingastjóraréttindi eru kostur
- Reynsla af stjórn byggingarverkefna
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði, áræðni og metnaður
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á póstfangið gylfi@javerk.is fyrir 25. ágúst.
Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

JÁVERK er 27 ára öflugt og metnaðarfullt verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru um 120 og verkefnastaða fyrirtækisins er mjög traust næstu árin. **JÁVERK** leggur áherslu á umhverfismál, öryggi og gæði. **JÁVERK** er eina verktakafyrirtækið í flokki stórra fyrirtækja sem hefur fengið viðurkenningu Creditinfo sem „Framúrskarandi fyrirtæki“ öll síðustu 5 ár.

Starfsmannastefna fyrirtækisins er að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekkist. Starfsandi er frábær og starfsmannafélagið mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum. Starfsmannavelta er lítil.

JÁVERK
Gagnheiði 28
800 Selfoss
Sími 480 1700
javerk@javerk.is
www.javerk.is

JÁVERK

Þú finnur draumastarfið á Job.is

Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta

Verslun og þjónusta

Kennsla

Veitingastaðir



Ferðaþjónusta

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

Job.is

Viltu starfa hjá einu öflugasta íþróttafélagi landsins?

Starf hjá Knattspyrnufélaginu Haukum

Starfsmaður í hlutastarf

Haukasel, Frístundaheimili Hauka að Ásvöllum, óskar eftir að ráða starfsmann í hlutastarf frá kl. 13:00 til 17:00 virka daga.

Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst.
Umsóknir berist til forstöðumanns, iris@haukar.is
Upplýsingar um starfið eru gefnar í síma 848-6340.

Íslyft ehf

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur

AVANT

JOHN DEERE

Við leitum að rafvirkjum, vélvirkjum og aðstoðarmönnum

Vegna aukinna verkefna viljum við bæta við rafvirkjum, vélvirkjum og aðstoðarmönnum á verkstæði okkar.

Íslyft & Steinbock þjónustan er búin að vera starfandi síðan 1972. Íslyft hefur verið markaðsleiðandi í sölu á Linde lyfturum og vöruhúsatækjum síðastliðin 20 ár.
Íslyft er m.a. með umboð fyrir Linde, John Deere, Avant, Merlo og Combilift.

Íslyft er öruggur og skemmtilegur vinnustaður og hvetjum við þig til að sækja um.

Umsóknir sendist á netfangið islyft@islyft.is
Framtíðarstarf hjá öruggu fyrirtæki.

Íslyft ehf er sérhæft fyrirtæki í sölu og þjónustu á lyfurum og dráttarvélum. Íslyft ehf hefur haft mesta markaðshlutdeild í sölu á lyfturum sl. 25 ár.

Menningarfélag Akureyrar
LEITAR AÐ NÝJUM REKSTRARAÐILA
TIL AÐ SJÁ UM VEITINGAREKSTUR Í

MENNINGARHÚSINU HOFI

FRÁ OG MEÐ 1. NÓVEMBER 2019

Menningarhúsið Hof er staðsett í miðbæ Akureyrar og er eitt af helstu kennileitum bæjarins. Í Hofi fer fram metnaðarfullt menningarstarf, þar er Menningarfélag Akureyrar með skrifstofur sínar og starfsemi ásamt Tónlistarskólanum á Akureyri, upplýsingamiðstöð ferðamanna og hönnunarversluninni Kistu.

Í Hofi er glæsileg aðstaða fyrir tónleika, veislur, fundi og ráðstefnur. Þar er fullbúið eldhús og góð aðstaða til veitinga-reksturs. Úr veitingarýminu er fallegt útsýni til suðurs yfir Pollinn. Árlegur fjöldi gesta í húsið er á fjórða hundrað þúsund.

KRÖFUR TIL REKSTRARAÐILA

- Bjóða upp á hágæða veitingaþjónustu til gesta Hofs.
- Veitingaþjónusta á ráðstefnum, tónleikum, fundum og öðrum viðburðum sem fara fram í Hofi.
- Samstarf við Menningarfélag Akureyrar vegna viðburða í Hofi.

Umsækjendur skulu hafa reynslu af veitingarekstri og hafa sjálfbærni og gæði í fyrirrúmi. Í umsókninni eiga að koma fram hugmyndir og framtíðarsýn umsækjenda á veitingarekstur í Hofi.

Upplýsingar veitir
Þuríður Helga Kristjánsdóttir
framkvæmdastjóri
Menningarfélags Akureyrar
thuridur@mak.is

Umsóknir sendist fyrir 30. ágúst á netfangið umsoknir@mak.is

Menningarfélag Akureyrar, Strandgötu 12, Akureyri, 450 1000

HÚNAÞING VESTRA

ÚTBOÐ

Veitusvið Húnaþings vestra óskar eftir tilboðum í verkin:
- „Ljósleiðari Vatnsnes vestur 2020 - VINNUÚTBOÐ".
- „Ljósleiðari Vatnsnes austur Vesturhóp 2020 - VINNUÚTBOÐ"

Ljósleiðari Vatnsnes vestur 2020 - VINNUÚTBOÐ

Veitusvið Húnaþings vestra óskar eftir tilboðum í lagningu ljósleiðara á Vatnsnesi vestur. Um er að ræða plægingu á 33,6 km af ljósleiðarastrengjum og tengingum við um 19 hús.

Ljósleiðari Vatnsnes austur Vesturhóp 2020 - VINNUÚTBOÐ

Veitusvið Húnaþings vestra óskar eftir tilboðum í lagningu ljósleiðara á Vatnsnesi austur Vesturhóp. Um er að ræða plægingu á 32,9 km af ljósleiðarastrengjum og tengingum við um 16 hús.

Verkunum skal að fullu lokið fyrir 10. október 2020.

Útboðsgögn verða seld á kr. 10.000 hjá veitusviði Húnaþings vestra Hvammstangabraut 5, Hvammstanga frá og með mánudeginum 19. ágúst nk. Sími 455-2400, netfang veitusvid@hunathing.is

Tilboðin verða opnuð á skrifstofu Húnaþings vestra á Hvammstangabraut 5, Hvammstanga þriðjudaginn 10. september kl. 11:00.

Sveitarstjóri

MOSFELLSBÆR

Kynning á deiliskipulagslýsingu:

Dalsgarður Mosfellsbæ, deiliskipulag

Mosfellsbær auglýsir hér með til kynningar deiliskipulagslýsingu, skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Fyrir gerð deiliskipulags fyrir lóðirnar Dalsgarð lnr. 123627, gróðrastöðina Dalsgarð lnr. 123628, og Víðigerði lnr. 125133. Á svæðinu eru allnokkrar byggingar m.a. gróðurhús til ylræktar sem stunduð er þar, íbúðarhús og geymsluhúsnæði. Í aðalskipulagi eru lóðirnar skilgreindar fyrir blandaða landnotkun, 214-Íb/L.

Megin viðfangsefni við deiliskipulagsgerðina er að skipuleggja og móta byggð á svæðinu, skýra lóðamörk og aðkomu, setja skilmála fyrir hæðir húsa, skýra landnotkun og nýtingarhlutfall.

Í deiliskipulagslýsingum kemur lögum samkvæmt fram hvaða áherslur sveitastjórn hefur við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, s.s. um kynningu og samráð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Þeir sem vilja kynna sér málið nánar vinsamlegast hafið samband við skipulagsfulltrúa.

Deiliskipulagslýsingin liggur frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar á 2. hæð Þverholts 2, 270 Mosfellsbæ og á heimasíðu bæjarins á slóðinni:

mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar

Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsinguna má skila til þjónustuversins eða til undirritaðs fyrir 9. september 2019.

17. ágúst 2019
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

EFLA

Útboð

Ljósleiðaravæðing sveitarfélagsins Bláskógabyggðar

EFLA verkfræðistofa óskar eftir tilboðum í lagningu ljósleiðararöra, blástur strengja og tengingar fyrir hönd sveitarfélagsins Bláskógabyggðar. Verklok eru eigi síðar en 15.10.2020.

Þeim líkar vel á Íslandi og leggja mikinn metnað í verslun sína. Þeir handvelja allar vörur til sölu, margar eru frá fjölskyldufyrirtækjum í Frakklandi og lífrænar. „Langstærstur hluti viðskiptavina okkar eru Íslendingar og fólk af frönskum uppruna. En hingað koma líka stundum ferðamenn. Við höfum ekki ráð á að auglýsa og orðsporið er það sem skiptir okkur máli." Arnaud segir að sér líki vel á Íslandi. „Myrkrið og veturinn trufla okkur ekki, mér finnst birtan á sumrin erfiðari að venjast. Eftir jólaösina þá lokum við búðinni í heilan mánuð í janúar. Þá tökum við okkur frí og förum til Frakklands."

Arnaud segir veðrið hafa haft góð áhrif á viðskiptin undanfarna mánuði og segir það hafa vegið upp á móti framkvæmdunum neðar í götunni. „Viðskiptin voru verri síðasta sumar og það var örugglega vegna veðursins. Það hefur verið gott veður í sumar og fleiri á ferli þrátt fyrir framkvæmdirnar," segir Arnaud. „Ég verð var við umræðu um að það sé erfitt aðgengi að miðborginni. Ég er ekki viss um að það

Framhald á síðu 32

PÓSTURINN
Gleðilega
HINSEGIN DAGA!
PÓSTURINN

Arnaud-Pierre í Hyalin, á Hverfisgötu. Þeir Didier hafa hugað að hverju smáatriði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðlaugur Már Ingibjörnsson, Egill Pietro Gíslason, Siggi Strarup Sigurðsson, Łukasz Dziu og Eggert Gíslason Þorsteinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sjö ungir matreiðslumenn keyptu Mat Bar fyrir ári.

VIÐ HÖFUM EKKI RÁÐ Á AÐ AUGLÝSA OG ORÐSPORIÐ ER ÞAÐ SEM SKIPTIR OKKUR MÁLI.

Arnaud-Pierre

Framhald af síðu 30

sér rétt, en ég vona að framkvæmdunum ljúki bráðlega og að götumyndin verði fallegri, þá munum við fá fleira fólk í götuna til okkar.“

Vilja bjarga staðnum

Egill Pietro Gíslason og Guðlaugur Ingibjörnsson, tveir af sjö eigendum Mat Bars, eru að leggja lokahönd á undirbúning fyrir daginn en gefa sér tíma til að setjast niður með blaðamanni þegar hann rekur inn nefið. Staðurinn er undir áhrifum frá einfaldri ítalskri matargerð og matarhefðum Skandinavíu. Mat Bar er lítill en virkilega fallegur staður, hannaður í anda fimmta og sjötta áratugarins og er sérstaklega vinsæll á meðal leikhúsgesta. Þar er hægt að raða saman smáréttum af matseðli eða velja sér aðalrétt eftir hentugleikum.

„Það er rúmt ár síðan við tókum við staðnum,“ segir Guðlaugur frá. „Við sem eigum staðinn í dag vorum flestir að vinna hér saman á Mat Bar þegar það kom upp sú staða að það átti að loka staðnum. Okkur var sagt að því miður þyrfti að loka eftir tvær vikur. En við höfðum lagt svo mikinn metnað í það sem við vorum að gera hér í eldhúsinu að við gátum ekki hugsað okkur að þetta yrði niðurstaðan. Við ákváðum því að gera saman tilboð í reksturinn og taka yfir staðinn, eignast hann smátt og smátt gegn því að bjarga honum. Nú ári síðar gengur þetta, en sumarið hefði getað verið betra,“ segir hann og Egill tekur undir.

Þeir reyna að láta áreitið sem fylgir framkvæmdunum ekki hafa áhrif á sig. „Þetta er gaman en mjög krefjandi á sama tíma. Það er alltaf eitthvað spennandi og við breytum matseðlinum eftir því hvaða hráefni er ferskast og best hverju sinni. Á sumrin vinnum við með íslenskt grænmeti, núna erum við til dæmis að vinna með blómkál, hvítkál og hnúðkál. Og í haust tökum við inn sveppi, reyndar erum við með einn svepparétt á matseðlinum núna,“ segir Guðlaugur.

Framkvæmdir allan tímann

Þegar gengið er upp götuna til móts við Mat Bar er gengið fram hjá nokkrum veitingastöðum sem hefur verið lokað. Eigendur staðanna hafa sumir lýst framkvæmdunum sem martröð sem hafi haft úrslitaáhrif á það að reksturinn gekk ekki lengur.

„Við erum síðasti veitingastaðurinn á þessari gönguleið sem er ekki búið að loka vegna framkvæmdanna og alveg síðan við tókum við rekstrinum hefur Hverfisgata verið meira og minna undirlögð og lokuð vegna framkvæmda. Fyrst vegna hótelbygginga ofar í götunni. Um leið og þeim framkvæmdum var lokið var byrjað neðar í götunni og því miður vissum við ekki af því fyrr en það var hreinlega búið að girða svæðið af,“ segir Guðlaugur og segist hafa hringt í byrjun vikunnar til að fá upplýsingar.

OKKUR VAR SAGT AÐ ÞVÍ MIÐUR ÞYRFTI AÐ LOKA EFTIR TVÆR VIKUR. EN VIÐ HÖFÐUM LAGT SVO MIKINN METNAÐ Í ÞAÐ SEM VIÐ VORUM AÐ GERA.

Guðlaugur Ingibjörnsson

„Ég fékk engar upplýsingar frá Reykjavíkurborg heldur var mér bara bent á að tala við verktakana. Ég náði sambandi við verktakann og hann sagði mér að hann gæti ekki svarað mér, ég ætti bara að hafa samband við Reykjavíkurborg. Hver vísaði á annan. Ég hringdi aftur í Reykjavíkurborg og þá sögðust þeir ætla að klára framkvæmdir fyrir Menningarnótt. Ég leit bara út um gluggann og hugsaði: Nei, það er ekki að fara að gerast,“ segir Guðlaugur en nýjustu fréttir herma að framkvæmdir tefjist enn frekar og alveg óljóst hvenær þeim verður að fullu lokið þegar þetta er skrifað.

„Mér hefði fundist í lagi að láta vita. Eigendur á Dill og Systur mættu bara einn daginn og gangstéttin fyrir utan staðinn var bara farin og búið að setja planka í staðinn.“

Guðlaugur og Egill segja að þótt reksturinn gangi merkilega vel þá sakni þeir þess að gestir af götunni komi inn í drykk og smárétti. „Bókunum hjá okkur hefur ekki fækkað en við söknum þess að fá traffík af götunni og finnum fyrir því að fólk nennir ekki að koma hingað af því það veit að það eru framkvæmdir við götuna. Það fer enginn og gerir sér sérstaka gönguferð upp Hverfisgötu.“

Í versluninni er gott úrval af súkkulaði, trufflum, karamellum og fleiru.

Arnaud og Didier leggja áherslu á hefðbundnar og ljúffengar franskar sælkeravörur. Þar er hægt að fá ýmiss konar sinnep og sósur og hágæða olíur.

Í HÁLFA ÍSÖLD

50 ára

1969 2019

Ísdagurinn

Laugardagurinn 17. ágúst kl. 13–16 í Hveragerði

Skelltu þér í ísbíltúr ársins! Skrýtnar og skemmtilegar bragðtegundir til að smakka og hressandi skemmti-atriði fyrir alla fjölskylduna. Hlökkum til að sjá þig!

- Ingó Veðurguð
- Herra Hnetusmjör
- Lalli töframaður
- Daði Freyr
- Birna
- BMX hjólastrákar
- Þrautabraut Hjalta Úrsus
- Sýning í Listasafni Árnesinga með svalandi ísvinningum
- Alls konar bragðtegundir frá Kjörís í tilefni dagsins

Kjörís

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is
Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Níddist á brotnum stúlkum

Milljarðamæringurinn **Jeffrey Epstein** braut kynferðislega á fjölda unglingsstúlkna um árabil; hélt kynlífsveislur og bauð voldugum vinum og frægum. Vinir hans, auðkýfingar og stjórnmálamenn, keppast nú við að sverja hann af sér.

Fyrir rúmum tveimur áratugum festi viðskiptajöfurinn og kynferðisafbrotamaðurinn Jeffrey Epstein kaup á lítilli eyju sem tilheyrir Bandarísku Jómfrúaeyjunum, Little St. James Island. Heimamenn á nærliggjandi eyjum sögðu þá við héraðsmiðla að miklar breytingar væru að verða á eyjunni við eigendaskiptin; gróðri var rutt burt, bandarískir fánar blöktu við hún og öryggisverðir stóðu vörð um strandlínuna.

Barnaníðseyjan

Little St. James Island hefur undanfarið verið einstaklega áberandi í fjölmiðlum eftir að meint kynferðisbrot Epsteins komust í hámæli. Eyjan hefur verið uppnefnd Svalleyjan, Barnaníðseyjan og Eyja syndanna. Bloomberg greinir frá því að sjálfur hafi Epstein viljað kallað eyjuna Little St. Jeff's.

Þó að umtal um eyjuna alræmdu hafi að mestu verið byggt á orðrómi undanfarin ár verður að teljast líklegt að frekara ljósi verði varpað á staðreyndir málsins á næstunni, en á mánudag réðust tugir alríkislögreglumanna inn á heimili Epsteins á eyjunni til þess að afla sér frekari gagna um þær alvarlegu sakir sem bornar hafa verið á hann og samverkafólk hans, meðal annars Ghislaine Maxwell. Sú er talin hafa sigtað út ungar stúlkur sem hún seldi svo mansali. Maxwell er dóttir Ians Roberts Maxwell sem var um tíma þingmaður og fyrirferðarmikill í bresku viðskiptalífi, en eftir dauða hans kom í ljós að veldið var byggt á sandi. Hann hafði stolið hundruðum milljóna punda úr rekstrinum og veldið hrundi skömmu eftir dauða hans, þrátt fyrir tilraunir barna hans til að endurreisa viðskiptaveldi föður síns.

Yngstu tólf ára

Samkvæmt heimildum Miami Herald raðaði Epstein í kringum sig dyggum samstarfsfélögum á eyjunni sem seldu stúlkur mansali, þær yngstu sem vitað er um um 12 ára aldur, til vændiskaupenda.

Þeim stúlkum og konum sem stigið hafa fram og sagst fórnarlömb Epsteins og félaga á eyjunni illræmdu ber saman um að þær hafi verið þvingaðar til kynferðislegra athafna og í sumum tilvikum haldið í gíslingu. Sarah Ransome, sem hefur sakað Epstein um að þvinga sig til samræðis við frægan lögmann, Alan Dershowitz, þegar hún var á tvítugsaldri, lýsti því að hafa reynt að flýja af eyjunni með því að synda á brott. Hún lýsti því að hópur manna, þar á meðal Epstein og Maxwell, hefði fundið hana og komið henni fyrir á eyjunni á ný. Hún lýsti því hvernig þau tóku af henni vegabréfið til að aftra henni för. Fleiri stúlkur hafa lýst sambærilegri framkomu af hálfu Epsteins og félaga.

Enn fleiri stúlkur og starfsmenn í kringum þá ólöglegu og óhugnanlegu starfsemi sem fram fór á eyjunni hafa lýst því að vegabréf hafi verið gerð upptæk og lýst því að fjöldi stúlkna undir lögaldri hafi gengið um eyjuna fáklæddur.

Dershowitz er þekktastur fyrir að hafa verið hluti lögfræðiteymis O.J. Simpson, þegar sá síðarnefndi var sýknaður eftir að hafa verið gefið að sök að hafa myrt fyrrverandi eiginkonu sína og vin hennar.

Lifði í vellystingum í afplánun

Atvinnumálaráðherra Bandaríkjanna, Alex Acosta, sagði embætti sínu lausu á dögunum vegna tengsla við mál Epsteins, en hann starfaði sem saksóknari í Flórída þegar Epstein var til rannsóknar hjá alríkislögreglunni fyrir rúmum áratug vegna ásakana um kynferðisbrot á stúlkum undir lögaldri og gruns um mansal.

Acosta hafði milligöngu um samning sem gerður var við Epstein í leyni. Þannig var samið um að Epstein sæti inni í 13 mánuði fyrir minni brot og í staðinn var rannsókn á málum hans hætt. Epstein átti yfir höfði sér lífstíðarfangelsi á þessum tíma. Á meðan lögfræðiteymi Epsteins vann að samningnum var auðjöfurinn hins vegar önnum kafinn við að gera upp eignir sínar á eyjunni. Á þessum tíma byggði hann heilsulind, nýtt eldhús, tvö gestaherbergi og stofu sem leiddi niður kjallara inn á eins konar leiksvið á setri hans á Svalleyjunni.

Stórir leikmenn hjá Epstein

Virginia Roberts, ein þeirra sem saka Epstein um að hafa haldið sér föngnum, sagði lögmönnum sínum í viðtali árið 2011 að hún hefði séð fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, Bill Clinton, á gangi með tveimur ungum stúlkum á eyjunni. Clinton hefur neitað ásökununum og kveðst aldrei hafa stigið fæti á eyjuna. Það er hins vegar óumdeilt að Bill Clinton var vinur Epsteins, flaug oft með lúxusþotu hans og heimsótti hann til Little St. James eyjunnar.

Ásakanir gegn Andrew Bretaprins er að finna í skjölum vegna málsóknar á hendur Epstein. Einn þolenda Epsteins greindi frá því fyrir dómi að Epstein hefði haldið sér sem kynlífsþræl á árunum 1999 til 2002 og lánað sig út til valdamikilla manna, meðal annars breska prinsins. Þá hefur komið í ljós að Epstein lánaði fyrrverandi eiginkonu Andrews, Söruh Ferguson, 24.000 pund til að greiða upp skuldir sínar.

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, er nágranni hans á Palm Beach. Hann flaug eins og margir í einkaþotu Epsteins og hefur verið orðaður við heimsóknir til eyjunnar.

Samsæriskenningarnar

Epstein var 66 ára gamall þegar hann fannst látinn í klefa sínum í Metropolitan-fangelsinu á Manhattan. Hann horfði fram á langan dóm og að mæta þolendum sínum í réttarsal undir smásjá alheimspressunnar. Hann var meðvitaður um að hann myndi í þetta sinn ekki njóta forréttinda. Af þeim sökum er talið líklegt að hann hafi fyrirfarið sér. Það voru lögfræðingar Epsteins sem báðu um að hann yrði tekinn af sjálfsmorðsvakt í fangelsinu. Og það þrátt fyrir að hann fáeinum vikum áður hefði misst meðvitund í klefanum og þá með áverka á hálsi.

Margar samsæriskenningar hafa litið dagsins ljós í kjölfar dauða Epsteins og þær spretta úr frjóum jarðvegi enda slapp hann vel frá fyrri brotum sínum. Þá vekur það spurningar hvers vegna ekki var nægjanlegt eftirlit með Epstein daginn sem hann lést. Fangaverðirnir sem gættu hans hafa verið reknir og fangelsisstjórinn færður til í starfi. Borgarstjóri New York, Bill de Blasio, sagði stuttu eftir andlát Epsteins að það væri „aðeins of heppilegt" fyrir ákveðna einstaklinga að hann væri látinn. Hann gæti ekki lengur ljóstrað því upp hverjum hann hefði veitt aðgang að stúlkunum sem hann níddist á.

„Það sem mörg okkar vilja vita er, hvað vissum við í raun og veru mikið?" sagði borgarstjórinn við fjölmiðla í Bandaríkjunum. „Hversu margir aðrir milljarðamæringar tóku þátt í ólöglegri starfsemi hans? Þær upplýsingar dóu ekki með Jeffrey Epstein. Það þarf að rannsaka þetta nánar."

1953 | 20. janúar
- Fæddur í Brooklyn í New York.

1969 – 1971
- Epstein leggur stund á eðlisfræði í Cooper Union á Manhattan og hefur seinna nám í Courant Institute. Hann flosnar upp úr námi.

1973 – 1975
- Epstein kennir eðlisfræði og stærðfræði í Dalton School á Manhattan. Þar kemst hann í kynni við föður nemanda síns sem er vel tengdur á Wall Street og gefur honum ráð til framgangs í starfi.

1976
- Epstein fær starf hjá verðbréfafyrirtækinu Bear Stearns. Það líða nokkur ár þar til hann er orðinn einn eigenda.

1981
- Epstein er gert að hætta hjá hjá Bear Stearns. Hann stofnar fjárfestingarsjóð sem sérhæfir sig í þjónustu við milljarðamæringa. Hann kræki í viðskiptavini á borð við Les Wexner, auðkýfinginn sem á Victoria's Secret.

1992
- Epstein hagnast vel, lifir hátt og stundar skemmtanalífið grimmt með sumum valdamestu og ríkustu mönnum heims. Meðal annars Bill Gates, Trump, Andrew Bretaprins og Woody Allen.

2002
- **Donald Trump** um Epstein: „Ég hef þekkt Jeff í fimmtán ár. Frábær gaur. Það er rosalega gaman að verja tíma með honum. Það er meira að segja sagt að hann sé jafngefinn fyrir fallegar konur og ég er. Og að margar þeirra séu í yngri kantinum."



2005 | Mars
- Fjórtán ára stúlka og foreldrar hennar tilkynna að Epstein hafi níðst á henni á setri sínu á Palm Beach. Epstein lokkaði stúlkuna til sín og greiddi henni 300 dollara fyrir að klæða sig úr og nudda hann.

2005-2006
- Leynileg lögregluannsókn stendur yfir í 11 mánuði og leiddi í ljós að Epstein hefði með skipulegum hætti tælt til sín stúlkur og greitt þeim fyrir kynferðislegar athafnir. Fimm brotaþolar yfirheyrðir og 12 vitni. Gögn á heimili Epsteins sýndu að hann vissi að stúlkurnar voru undir lögaldri.

2006 | Maí
- Epstein og tveir aðstoðarmenn hans kærðir fyrir fjölda brota gegn börnum.

2006 | Júní
- **Alexander Acosta** fær mál Epsteins á sitt borð sem saksóknari í Flórída. Ákæran, rúmlega 50 blaðsíður, er ítarleg og vel rökstudd. Samt féllst Acosta á málamiðlun sem kom í veg fyrir frekari rannsókn. Hann sleppti Epstein með 13 mánaða fangelsi.

2007
- Dóminn afplánaði hann að mestu leyti utan fangelsismúranna. Hann skilaði sér í fangelsið á kvöldin til að sofa. Og það þrátt fyrir að hafa verið sakaður um kynferðisbrot gagnvart nærri 40 stúlkum. Játning Epsteins hljóðaði eingöngu upp á að hafa haft milligöngu um kaup á vændi þrátt fyrir að ekki væri um vændi að ræða, heldur kynferðisbrot á börnum.

2018 | 28. nóvember
- Julie K. Brown, blaðamaður hjá Miami Herald, birtir ítarlega grein um játningasamninginn sem Acosta gerði við Epstein. Og ræðir við þolendur hans.

2019 | 6. júlí
- Epstein handtekinn vegna gruns um mansal.

2019 | 8. júlí
- Ákæra á hendur honum gerð opinber. Epstein neitar öllum ásökunum.

2019 | 12. júlí
- Alex Acosta, þá orðinn atvinnumálaráðherra Bandaríkjanna, segir af sér embætti vegna málsins.

2019 | 18. júlí
- Epstein synjað um lausn gegn tryggingu.

2019 | 23. júlí
- Epstein finnst meðvitundarlaus með áverka á hálsi í fangaklefa sínum.

2019 | 10. ágúst
- Epstein finnst látinn í klefa sínum. Fangi sem deildi með honum klefanum var fjarlægður nokkrum tímum áður. Fangaverðir greina frá því að hafa ekki litið eftir Epstein fyrir andlát hans þrátt fyrir að eftirlits á hálftíma fresti væri krafist samkvæmt reglum fangelsisins.

2019 | 11. ágúst
- Lík Epsteins krufið, réttarmeinafræðingar geta ekki skorið úr um hvort um sjálfsvíg hafi verið að ræða. William Barr, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, segir að dauði Epsteins veki spurningar sem verði að svara og því hafi ráðuneytið ákveðið að hefja rannsókn, samhliða rannsókn alríkislögreglunnar.

Heimildir: New York Magazine, Miami Herald, Today.com

2019 | 13. ágúst
- Tugir alríkislögreglumanna fara á heimili Epsteins á **Little St. James eyju** til að afla gagna. Aðgerðin er talin merki um að rannsókn á meintum mansalsbrotum Epsteins verði ekki hætt. Hins vegar hefur blaðamaður Miami Herald sagt óskiljanlegt hversu seint alríkislögreglan lagði hald á gögn á eyjunni. Líklegt sé að lítið hafi fundist á eyjunni þess vegna.

2019 | 14.ágúst
- Tveir fangaverðir reknir úr starfi eftir að Epstein lést í klefa sínum á þeirra vakt.

AFTUR Í SKÓLANN!

VIKING Sagene og Tonsen Vnr. 1140523, 1140524

- Léttir og fallegir ökklaskór
- GORETEX vatnsvarnarfilma gerir skóna 100% vatnshelda
- Góð öndun
- Auðvelt að fara í og úr, með teygjureim og riflás
- Gúmmísóli veitir gott grip
- Má þvo á 30°C í þvottavél skv. þvottaleiðbeiningum

Stærðir 23-35

12.990 kr

VIKING Bislett II Vnr. 1140525

- Léttur og fallegur ökklaskór
- GORETEX vatnsvarnarfilma gerir skóinn 100% vatnsheldan
- Góð öndun
- Auðvelt að fara í og úr, með reimlás
- EVA og gúmmísóli gerir skóinn léttan og mjúkan
- Má þvo á 30°C í þvottavél skv.þvottaleiðbeiningum

Stærðir 36-40

14.990 kr

VIKING Loren Vnr. 1140526

- Léttur og fallegur ökklaskór
- Góð öndun
- Auðvelt að fara í og úr, með reimlás og riflás
- Gúmmísóli veitir gott grip
- Auka dempun í miðsóla
- Má þvo á 30°C í þvottavél skv.þvottaleiðbeiningum

Stærðir 31-41

7.990 kr

Skórnir fást í Skeifu, Kringlu, Smáralind, Garðabæ og Akureyri.

24 **Opið allan sólarhringinn**
Garðabær og Skeifan

HAGKAUP *Meira svona alla daga*

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

17. ÁGÚST 2019 LAUGARDAGUR

†

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóna Kristjana Möller Björnsdóttir

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri miðvikudaginn 14. ágúst.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Baldur Árni Beck Friðleifsson
Friðbjörn Möller Baldursson **Aðalheiður Guðmundsdóttir**
Steinar Rafn Beck Baldursson **Auður Sigurbjörnsdóttir**
Telma Lind Baldursdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.

†

Elsku mamma okkar, systir, dóttir, tengdamóðir og frænka,

Margrét Þórðardóttir

lést fimmtudaginn 8. ágúst.
Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 22. ágúst klukkan 13.00.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar 12-E á LSP við Hringbraut og A-4 á LSP í Fossvogi fyrir elsku þeirra við umönnun hennar.

Eva Hrönn Rúnarsdóttir **Emil Hrafn Hildarsson**
Atli Freyr Pálsson
Hrönn Baldursdóttir **Vigfús Jónsson**
Baldur Guðjón Þórðarson
Aðalheiður Þórðardóttir
og aðrir ástvinir.

Útfararþjónusta
Rúnars Geirmundssonar
Stofnað 1990
Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta

Veist þú hvert eignir þínar renna eftir þinn dag? Kynntu þér málið á heimasíðu okkar, www.útför.is. Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Það eru miklar annir á 10 ára starfsafmæli Hjalta Parelius enda hafa verk hans selst jafn óðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Pistlahöfundur penslar

Hjalti Parelius heldur upp á 10 ára starfsafmæli sem myndlistarmaður með opnun sýningar í Gallery Grásteini á Skólavörðustíg 4 í Reykjavík í dag, laugardag.

Myndlistarmaðurinn Hjalti Parelius Finnsson er fæddur 1979 í Reykjavík. Hann stundaði nám á listnámsbraut við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og lauk síðan BA-prófi frá Danmarks Designskole árið 2003.

Hjalti segir að listin hafi alltaf togað í hann enda alinn upp á listríku heimili.

„Ég var að vinna við grafíska hönnun þegar kreppan skall á fyrir áratug. Konan mín, Bergný Theodóra Baldursdóttir sem vissi af þessum áhuga mínum, hafði verið að hvetja mig áfram í listum. Ég var að vinna sem grafískur hönnuður þegar hún gaf mér trönur í þrítugsafmælisgjöf og sagði mér að þá hefði ég enga afsökun. Það varð úr að ég setti síðan saman fyrstu sýninguna á Ljósanótt í Reykjanesbæ árið 2009.“

Það kom Hjalta á óvart hvað myndirnar á fyrstu sýningunni hafi selst vel. „Í dag er ég henni afar þakklátur fyrir að hafa ýtt mér út í þetta. Án hennar hefði þetta ekki orðið,“ segir hann sem hefur haft málaralistina að fullu starfi síðan.

Að sögn Hjalta er þetta fyrsta einkasýning hans í þrjú ár hér heima, en vegna anna hefur listamaðurinn ekki haft nóg af verkum til þess að halda sýningu þar sem þau hafa selst jafn óðum. „Ég get ekki verið annað en þakklátur fyrir móttökurnar sem hafa verið vonum framar.“

Ég er hrifinn af myndmálinu og klippimyndaforminu. Þegar ég var yngri var maður að dufla við danstónlist og notaði lagabúta héðan og þaðan og takta og vann svokölluð remix, svo að þetta er nokkurs konar sjálfstætt framhald af því.

Fyrirmyndir

Um verk sín segir Hjalti að hann líti á sig sem pistlahöfund sem málar. „Verkin hafa þróast frá því að vera eins konar yfirlýsing yfir í að vera sögur líðandi stundar,“ segir hann og bætir við að hann sæki efnivið oft í fréttir líðandi stundar og önnur mál sem hann hefur skoðanir á. „Ef ég ætti að nefna einhverjar fyrirmyndir þá væri það Erró ásamt Roy Lichtenstein, Andy Warhol, Öyvind Fahlström, Mel Ramos og aðrir popplistamenn ásamt gömlum meisturum eins og Picasso. Þetta eru þær kanónur sem heilla mig mest nú. Mörg verka þeirra falla vel að minni hugsun. Ég er hrifinn af myndmálinu og klippimyndaforminu. Þegar ég var yngri var maður að dufla við danstónlist og notaði lagabúta héðan og þaðan og takta og vann svokölluð remix, svo að þetta er nokkurs konar sjálfstætt framhald af því,“ segir Hjalti.

Myndefnið byssubardagi

„Ég leita að innblæstri í mínu eigin samfélagi og út í heim. Þema þessarar sýningar í Grásteini er kannski frábrugðið fyrri sýningum því myndirnar eru á vissan hátt meira agressífar. Myndefnið nú er sótt í byssubardaga. Þetta er ádeila á almenna vopnaeign, nokkuð sem er til umræðu alþjóðlega. Þetta var samt sem áður ekki viljandi gert, þetta einfaldlega kom til mín. Ég ákveð sjaldan slíkt fyrir fram. Ég stilli upp ákveðnu leiksviði þar sem áhorfandi getur túlkað á sinn hátt.“

Blaðamaður forvitnaðist um nafnið Parelius. „Þetta er danskt ættarnafn mitt sem ég fékk frá föður mínum, Finni P. Fróðasyni, en hann flutti til Íslands fyrir um 50 árum og hefur kunnað vel við sig hér síðan þá. Móðir mín, Ragnhildur Ásmundsdóttir, er íslensk, svo ég er hálfur bauni. Börnin mín hafa stundum spurt af hverju þau fengu ekki Pareliusnafnið og ég hef svarað því að þeim sé velkomið að taka það upp ef þau vilja.

Ég á þrjú börn, Eyþór Atla sem er 18 ára, Benedikt Eystein, 16 ára, og Hörpu Kristínu sem er 8 ára. Svo það er nóg að gera í fjölskyldulífinu. Ég er svolítið eins og húsfreyja á sjötta áratugnum sem vinnur heima og eldar,“ segir listamaðurinn og hlær.

Nýtt gallerí á Skólavörðustíg

Gallery Grásteinn er nýtt gallerí við Skólavörðustíg sem var opnað nýverið af tíu list- og handverksmönnum. Þar eru til sölu og sýnis keramik, skartgripir, trévörur, ljósmyndir, grafík, ullarverk og myndlist, allt eftir meðlimi gallerísins.

Á efri hæð hússins er síðan fallegur og bjartur sýningarsalur sem leigður er út til ýmissa sýninga og er sýning Hjalta Parelius opnunarsýning salarins.

Sýningin verður opnuð í dag, laugardag, kl. 16.00 og er opin til kl. 20.00. „Á Menningarnótt 24. ágúst verður síðan seinni opnun þar sem ég bæti nokkrum verkum við sem ég náði ekki að klára fyrir opnun í dag. Seinni opnunin á Menningarnótt verður frá kl. 16-20,“ segir hann.

Sýningin stendur til 30. ágúst en þá verður hún færð til Berlínar þar sem Hjalti opnar sýna fyrstu einkasýningu í Berlín í Seven Stars galleríinu í Mitte.

david@frettabladid.is

Ögrar formi málverksins

Margrét Loftsdóttir opnar á sunnudag myndlistarsýningu í Stokk Art Gallery á Stokkseyri. Þykir sprengja út málverkið svo rammarnir hverfa út á haf.

Á morgun, sunnudaginn 18. ágúst, verður opnuð einkasýning myndlistarkonunnar Margrétar Loftsdóttur í Stokk Art Gallery á Stokkseyri.

Margrét Loftsdóttir er fædd 1992. Hún lauk diplómagráðu frá Málaradeild Myndlistaskólanum í Reykjavík árið 2018, síðan bætti hún við sig BA-gráðu í listum frá Háskólanum í Cumbria og er því nýkomin heim úr námi frá Bretlandi. Hún tók þátt í samsýningu í „Listamenn Gallerí“ í Reykjavík vorið 2018.

Á sýningunni sem ber yfirskriftina „Framtíðin“ eru sýnd útskriftarverk Margrétar úr Háskólanum í Cumbria ásamt nýjum viðbótum.

Stefán Hermannsson, sem ásamt Arnfríði Einarsdóttur veitir Stokk Art Gallery forstöðu, segir listakonuna sprengja út málverkið þannig að rammarnir hverfa út á haf. „Með því að blanda saman sakleysi barnsins og grófum málarastíl er leitast við að ná fram ákveðinni þversögn í málverkinu. Notast er við gróf efni og skituga liti ásamt expressjónískum aðferðum sem mynda spennu innan málverksins. Hold barnsins er einstakt og viðkvæmt. Það er margslungið en samt svo náttúrulegt,“ segir Stefán.

Að sögn Stefáns eru þetta stór verk sem ögra formi málverksins. „Þau geta verið í senn fráhrindandi og aðlaðandi. Lögun þeirra er óregluleg, ýmist úfin og tætt eða slétt og fellt.“

Stefán segir listakonuna leggja upp með eftirfarandi orð til að lýsa inntaki sýningarinnar:

Hversu einstök þessi nýja mannvera.
Lítil viðkvæm sál, andar, nærist, sefur
enga vitneskju hefur um hvað veröldin
tekur og gefur.

Stokkur Art Gallery er rekið af hjónunum Stefáni Hermannssyni og Arnfríði Einarsdóttur listamönnum sem hafa verið búsett á Eyrarbakka um skeið. Þau segja galleríið á Stokkseyri vera fyrir nútímalist og aðra þjóðmenningu. Bæði eru þau mikið áhugafólk um menningu, listir, fólk og samfélag. Fyrirhugað er að standa einnig fyrir viðburðum eins og tónleikum, upplestrum úr bókum, myndlistarnámskeiðum og öðru sem upp kemur.

Sýning Margrétar í Stokk Art Gallery verður opnuð á morgun 18. ágúst kl. 15 og er opin til 18. Sýningin mun standa til 18. september. – ds

Myndlistarkonan Margrét Loftsdóttir.

Með því að blanda saman sakleysi barnsins og grófum málarastíl er leitast við að ná fram ákveðinni þversögn í málverkinu.

---

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Jóna Jóhannesdóttir Wedholm

Tjarnarbóli 6,

lést á Hrafnistu, Laugarási, að morgni 15. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

Regína Wedholm Gunnarsdóttir
Bjarney Wedholm Gunnarsdóttir
Helgi Björnsson
og fjölskyldur.

---

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, vinur, afi og langafi,

Sigurður Vilhjálmsson,

kafari og bílstjóri,
Holtsgötu 42, Reykjanesbæ,

lést á Hrafnistu Hlévangi, mánudaginn 12. ágúst. Útförin fer fram frá Útskálakirkju, miðvikudaginn 21. ágúst kl. 13.

Steinunn Una Sigurðardóttir **Sigurður Haraldsson**
Erla Svava Sigurðardóttir
Svala Svavarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar heittelskuðu dóttur, systur, mágkonu og frænku,

Örnu Sveinsdóttur

Hátúni 4 og Flókagötu 67, Reykjavík,

sem lést þann 15. júní sl. Sérstakar þakkir fá þeir sem komu að hjúkrun hennar og umönnun.

Erna Valsdóttir **Sveinn Skúlason**
Skúli Sveinsson **Sigríður Hrund Guðmundsdóttir**
Brynjar Sveinsson
og bróðurbörn.



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Snorri Ingimarsson

læknir,
Laugarnesvegi 89,

lést í Landspítalanum við Hringbraut 14. ágúst.

Kolbrún Finnsdóttir
Áslaug Snorradóttir
Ingimar Guðmundsson, Arna Björk Kristinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Okkar ástkæri eiginmaður og faðir,

Sverrir Hjaltason

lést í Austin í Texas 10. ágúst. Útförin fer fram í Austin mánudaginn 19. ágúst. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Varuni Hjaltason
Kristjana Charmaine Sverrisdóttir
Konráð Víkingur Sverrisson

---

†

Okkar ástkæra móðir, dóttir, systir, tengdamóðir, mágkona og amma,

Karítas Jóhannsdóttir

lést á heimili sínu í Þorlákshöfn þann 9. ágúst sl. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju 23. ágúst kl. 13.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð, þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

Thelma Eyfjörð Jónsdóttir **Þór Rúnar Þórisson**
Jóhanna Helga Gunnlaugsdóttir **Örvar Elíasson**
Jóhann Helgason **Helga Þórey Jónsdóttir**
Jónas Jóhannsson
Helgi Jóhannsson **Selma Dröfn Birgisdóttir**
Kristjana Laufey Jóhannsdóttir **Pétur Ólafur Pétursson**
Jóhann Jóhannsson **Katrín Ósk Björnsdóttir**
Tinna Jóhannsdóttir
Alexandra Guðný og Thelma Björk

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,

Sigurður Jóhann Kristjánsson

pípulagningameistari,

Skólabraut 3, Seltjarnarnesi, lést á Landspítalanum 31. júlí sl.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Hjördís Ólafsdóttir
Þuríður Sigurðardóttir
Kristján Ívar Sigurðsson
Ásthildur Sigurðardóttir
Ólafur Jens Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ragnar S. Halldórsson

verkfræðingur
og fyrrverandi forstjóri,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 7. ágúst.
Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 2. september kl. 13.

Margrét K. Sigurðardóttir
Kristín Vala Ragnarsdóttir
Halldór Páll Ragnarsson **Jóhanna H. Jónsdóttir**
Sigurður R. Ragnarsson **Þórdís Kjartansdóttir**
Margrét Dóra Ragnarsdóttir **Hjálmar Gíslason**
og barnabörn.

---

†

Móðir okkar,

Þorgerður Guðrún Sigurðardóttir

Grensásvegi 58,

lést fimmtudaginn 15. ágúst.
Útför verður auglýst síðar.

Garðar Sverrisson og Ásdís Sverrisdóttir

---

†

Ástkær vinur okkar, bróðir og frændi,

Sigurjón Símonarson

fv. skipstjóri og öryggisvörður,

lést á Landspítala Háskólasjúkrahús í Fossvogi þ. 12. ágúst sl. Hann verður jarðsunginn frá Garðakirkju á Álftanesi þriðjudaginn 20. ágúst kl. 13.00.

Halla Björk, Guðjón og fjölskyldur
Guðmundur Símonarson
Ester Ágústa, Símon og fjölskyldur

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi og langafi,

Sigurður Ólafs Jónsson

verkmenntaskólakennari,
Suðurbyggð 17, Akureyri,

lést 1. ágúst sl.
Útförin hefur farið fram.
Við þökkum hjartanlega frábæra umönnun hans hjá Heimahlynningu og starfsfólki Sjúkrahússins á Akureyri.

Sigurveig Sigurðardóttir
Kristján Þorgils Sigurðsson
Jón Sigurðsson
Anna María Sigurðardóttir
og fjölskyldur.

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

SJÁVARLÍFFRÆÐI

H	E	I	M	S	K	U	N	N	A	R	■	F	■	Ó	■	H	■	A	■
E	■	L	■	T	■	■	■	Á	■	I	Ð	J	U	Þ	J	Á	L	F	A
L	A	M	B	A	G	Ú	L	L	A	S	■	Ö	■	E	■	R	■	L	■
S	■	B	■	R	■	R	■	F	■	A	L	L	S	K	O	S	T	A	R
T	I	L	E	F	N	I	S	I	N	S	■	V	■	K	■	P	■	U	■
E	■	A	■	S	■	L	■	S	■	K	R	A	F	T	D	R	E	K	A
F	A	N	G	A	F	L	O	K	K	I	■	R	■	A	■	E	■	■	F
N	■	D	■	M	■	R	■	I	■	P	Í	P	U	R	E	Y	K	U	R
A	Ð	A	L	T	E	I	N	N	■	U	■	■	T	■	Y	■	O	■	E
■	■	■	Ý	■	I	■	A	N	D	M	Æ	L	A	F	R	E	S	T	I
F	L	Ö	K	U	N	U	M	■	Á	■	R	■	N	■	N	■	T	■	K
■	E	■	T	■	V	■	M	■	N	Á	L	Æ	G	R	A	■	G	■	N
Ó	S	K	A	L	A	G	I	N	U	■	E	■	E	■	B	J	Ó	L	A
■	T	■	R	■	L	■	■	■	M	Í	G	A	N	D	A	■	Ð	■	Ð
D	A	G	S	K	A	M	M	T	A	R	■	■	G	E	N	G	I	N	U
■	R	■	K	■	L	■	Ö	■	N	A	R	T	A	N	D	I	■	A	■
H	R	E	Y	F	I	L	L	I	N	N	■	Ú	■	G	■	R	■	G	■
■	Ý	■	N	■	Ð	■	V	■	■	A	F	L	F	J	A	Ð	R	A	R
■	M	E	I	N	S	V	A	R	I	N	■	K	■	U	■	I	■	R	■
■	I	■	Ð	■	■	■	R	■	■	A	Ð	A	L	M	A	R	K	A	Ð

LAUSNARORÐ: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nýtt hugtak yfir nýtt fyrirbæri sem þjakar margan nútímanninn. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 23. ágúst á krossgata@frettabladid.is merkt „17. ágúst“.



FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Múttan** eftir **Hannelore Cayre** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Valborg Þorleifsdóttir, Garðabæ**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Tel þessa skelfingarplánetu svipaða í laginu og flestar aðrar (9)
9 Svona dembu hefur maður úti í skemmu fram að næsta þurrki (11)
11 Heppilegt form fyrir flinkar konur (9)
12 Pressuðu smæru á þeirri grund sem hún prýðir (11)
13 Hér gref ég ræktarland allra ræktarlanda (9)
15 Stafli af kerrum milli kálfageymslusvæða (10)
16 Rigningarsuddi frá jörðu og upp? (7)
17 Hví að æða til Ameríku ef fræðast má um þá á Hofsósi (10)
20 Hin sterka frásögn persónu í skáldverki (9)
25 Þessir gömlu fara mjög oft í ruglið (4)
26 Kæpa kastar mæðinni eftir árás sundfugls (8)
30 Grunar að smádýrin hafi framkallað ákveðið meðvitundarleysi (8)
31 Spotta verslun við neytendur (7)
33 Tel svona eftirrétt bestan, það er minn endanlegi dómur (7)
34 Á fundi hvar klárar koma saman og kljást (10)
36 Tökum snúninginn við sandinn (7)
39 Þessi er á milli Marx og Engels í upptalningunni (5)
42 Þótt ógni rosa risar tveir/ Ránar dóttir lifir (9)
45 Þessi stía er lúsarleg því féfestin er þrálát (7)
47 Sú langa móða er komin (9)
49 Stundum brýt ég niður hlífar (6)
50 Komast helbleikar heim? (7)
51 Hinn eðlilegi gestur kemur ekki með sína drykki (9)
52 Afruglari vekur kæti (4)
53 Það var hending að ég hafði dálæti á kvæðinu (7)

LÓÐRÉTT

1 Fríin fara jafnan í undirheima þarms (9)
2 Urðum pirruð er okkur varð hált á mjög yfirborðskenndum pollum (9)
3 Ringlaðir jarðfetar njóta máltíða með plöntuþráðum (9)
4 Rífa heimili í smátt án tækjanna til þess (9)
5 Hef gesti garða bara heima hjá mér (10)
6 Hrútafíflaslétta dregur nafn sitt af 12 lárétt (10)
7 Svolítill reykur gerir allt auðveldara og úfnara í senn (9)
8 Áfengi og hey eru hráefni allra betri heimila (7)
10 Fermir föng til flutnings (11)
14 Peningaöryggi eða bretti? Þar er efinn (6)
18 Hér segir af seldum rýmum og tilheyrandi pappírum (7)
19 Særi þig oftar en tvisvar vegna tónbila (7)
21 Mannlaus dý vill ekki kjaftur, því fást þessi strax (9)
22 Vargur lagar leitar náttúruperlu (7)
23 Menningarstofnun geymir ker og hlandfor (7)
24 Almættið er ærsladraugur sem er alltaf boða eigin viðveru (7)
27 Meint er metin fimm sex sjö (5)
28 Hlynur og Víðir fara stríðaðir inn í veturinn (6)
29 Fljótfærni mæðir mög og magnar meinið (6)
32 Fljót leitar halds skáta (5)
35 Öskra gegnum mikinn klið: Hvar er skriflið? (8)
37 Risti merki hvar sem þessir fuglar fóru (7)
38 Rauðarfi er meira svona eftir-hádegisplanta (7)
40 Sílspikaði selurinn er efni í allt í lagi smurningu (7)
41 Gera afsteypu ef formleg veisla er í kortunum (7)
43 Smátittir fara á sólarströnd fyrir risa (6)
44 Maður í dái gerilsneyðir allt (6)
46 Svört sem jökulrönd (6)
47 Rækta blómlegg fyrir bróður Unnar (4)
48 Þetta deig kemur borgarstjóra í uppnám (4)

LÉTT

	3	7	6		2		4	
6					5		2	
9	5			4	8			1
	2			6		1	9	
	4			5		2		8
3					7	5		
			1		4	7		
		9		8				
8	1							

MIÐLUNGS

	4	6	2			7		
5	7	8				1		
9	1					8		4
	6					2		
	5		8				6	3
		3	4	5	6			8
	8		6	4	5		9	
			1	8	9		4	
				3				

ÞUNG

					7			6
		5				4		9
	2							
				2		9	7	8
9	5				8			3
			7				5	
1	3	4			2			7
6	7	2		5	9	3		1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

5	4	7	9	2	8	3	6	1
6	8	1	7	3	4	9	2	5
9	2	3	5	6	1	4	7	8
7	9	4	1	8	2	5	3	6
2	1	5	3	9	6	7	8	4
3	6	8	4	5	7	2	1	9
8	7	2	6	4	5	1	9	3
1	5	9	8	7	3	6	4	2
4	3	6	2	1	9	8	5	7

5	6	1	3	7	2	4	8	9
4	3	7	5	8	9	2	6	1
8	9	2	1	6	4	3	7	5
6	4	3	7	9	5	8	1	2
9	7	8	4	2	1	5	3	6
1	2	5	6	3	8	7	9	4
2	1	9	8	4	3	6	5	7
7	8	4	9	5	6	1	2	3
3	5	6	2	1	7	9	4	8

6	1	2	7	5	4	3	8	9
3	4	5	9	6	8	2	1	7
7	8	9	1	2	3	4	5	6
1	9	4	5	3	7	6	2	8
2	6	3	4	8	9	5	7	1
8	5	7	2	1	6	9	3	4
9	2	8	3	4	1	7	6	5
4	3	1	6	7	5	8	9	2
5	7	6	8	9	2	1	4	3

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik

Kuindshi átti leik gegn Georgdse í Tíblisi árið 1973.

1. ... Df2+! 2. Dxf2 Hh5! 3. Bxh5 g5# 0-1. Íslendingar tefla mikið erlendis þessa dagana. Á morgun hefst t.d. mót í Lviv í Úkraínu þar sem Helgi Áss og Guðmundur Kjartansson eru meðal keppenda. Í kvöld hefst eitt sterkasta skákmót allra tíma í St. Loius. Níu stigahæstu skákmenn heims taka þátt! **www.skak.is:** Íslendingar tefla erlendis.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

MISHEPPNAÐUR LOKASAMNINGUR

Sumarbridge er spilað öll mánudags- og miðvikudagskvöld í húsnæði Bridgesambands Íslands (Síðumúli 37, 3. hæð). Aðsókn hefur jafnan verið betri á miðvikudagskvöldum. Aðsóknin er mjög góð um þessar mundir. Nýtt aðsóknarmet var sett mánudaginn 12. ágúst , en þá mættu 30 pör til leiks. Miðvikudaginn á eftir (14. ágúst) var aðsóknin 48 pör. Að vonum hefur verið mikil barátta um efsta sætið á hverju kvöldi. Síðasta miðvikudag kom það í hlut Arnars Geir Hinrikssonar og Björns Theodórssonar sem skoruðu 61,4% skor. Annað sætið var með 60,2% skor. Björn og Arnar fengu mjög gott skor í þessu spili í 4 umferð þegar þeir hnekktu 3 gröndum hjá Guðmundi Snorrasyni og Gunnlaugi Karlssyni sem voru meðal þeirra sem börðust um sigurinn og höfnuðu í fjórða sæti. Í þessu spili var austur gjafari og enginn á hættu.

Norður
♠ KG2
♥ K85
♦ D8
♣ ÁD865

Vestur
♠ Á6
♥ ÁDG76
♦ 10632
♣ G9

Austur
♠ D53
♥ 1092
♦ ÁKG94
♣ K10

Suður
♠ 109874
♥ 43
♦ 75
♣ 7432

Þrátt fyrir hjartasamlegu völdu Guðmundur og Gunnlaugur að enda í þremur gröndum (sem oftlega gefur hagstæðara skor í tvímenningi. Arnar Geir og Björn sátu í NS. Björn átti ágætan lauflit (og punktamarga hönd) og ákvað að spila út ásnum í þeim lit. Einfalt mál að halda áfram laufsókninni (með litlu laufi) þegar blindur birtist og þiggja 44 af 46 mögulegum fyrir að fá 5 slagi í vörninni. Flestir spiluðu 4 ♥ á hendur AV og fengu yfirleitt 10-11 slagi. Þeir þrír sem reyndu 3 grönd, fóru allir niður. Toppinn í AV fékk sá sem reyndi 5 ♦ (doblaða) og fékk 11 slagi í þeim samningi.



FRÉTTABLAÐIÐ – MEÐ ÞÉR Í SUMAR

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram



Konráð 365 og félagar á ferð og flugi

Getur þú hjálpað Róberti og Kötu að komast út úr völundarhúsinu?

„Ó nei!“ Hrópaði Róbert upp yfir sig. „Við erum föst hérna inni og munum aldrei komast út,“ bætti hann við skelfingu lostinn. „Enginn mun nokkurn tímann finna okkur og við munum svelta í hel.“ „Svona nú Róbert minn,“ sagði Kata höstug. „Þetta er nú bara völundarhús og það er alltaf einhver leið út úr völundarhúsum,“ bætti hún við og leit í kringum sig. „Eða er það ekki?“ Spurði hún og glotti þegar hún sá að Róbert hvítnaði í framan.

Lestrarhestur vikunnar Kári Hrafn Mortensen

Lestrarhestur vikunnar er hann Kári Hrafn Mortensen. Hann er sjö ára gamall og gengur í Ingunnarskóla.

Hvað er skemmtilegast við bækur? Að lesa þær og hlusta líka.

Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún? Draugaströndina sem er ein af Hrolls-bókunum. Hún er um draugahelli og þannig. Tveir krakkar voru í bókinni, Tara og Teitur. Þau voru að reyna að finna leið til að loka drauginn inni í hellinum en þau drápu hann í staðinn.

Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér? Ótrúleg saga um risastóra peru.

Hvernig bækur þykja þér skemmtilegastar? Hryllingsbækur og svo les ég oft brandara- og gátubækur.

Í hvaða skóla gengur þú? Ingunnarskóla, ég fer í þriðja bekk í haust.

Kári Hrafn er lestrarhestur vikunnar. Hann er að fara í þriðja bekk í haust.

DRAUGASTRÖNDIN SEM ER EIN AF HROLLS-BÓKUNUM. HÚN ER UM DRAUGAHELLI OG ÞANNIG.

Ferðu oft á bókasafnið? Mamma fer oftast og nær í bækur og ég fer oft með.

Hver eru þín helstu áhugamál? Legó, lesa og að vera í skólanum.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs á meðal barna. Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða og setja í pott sem dregið er úr vikulega. Lestrarhestur vikunnar hlýtur bók að launum.

María elskar dýr og langar kannski að verða dýralæknir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stundum þarf maður bara að vera hugrakkur

María Ósk Hermannsdóttir er níu ára en verður tíu ára í nóvember. Hún hlakkar mikið til að eiga afmæli. Hún getur ómögulega valið á milli jólanna og afmælisins.

María er nýflutt til Íslands frá Spáni.

„Ég flutti frá Spáni heim til Íslands fyrr í sumar, þannig að ég hætti í skólanum mínum úti. Nú er ég búin að vera að prufa skóla í sumar, eins og Hjallastefnuskólann.“

María er nýbúin að fá litla kisu.

„Þannig að við getum ekki flutt aftur út því við verðum að vera hjá kettlingnum. Við erum ekki enn búin að velja nafn á hana.“

Úti á Spáni finnst Maríu skemmtilegast að fara í sirkus og tívolí.

„Mér finnst líka skemmtilegt að sjá dýrin í dýragörðum.“

Hana langar mikið að kíkja í dýragarðinn í Slakka til að klappa kanínum.

„Mig langar að verða flugmaður þegar ég verð stór en líka dýralæknir, því ég elska dýr.“

Maríu er ekki með nein ákveðin áhugamál en hún finnur sér alltaf eitthvað skemmtilegt að gera.

„Mér finnst gaman að hjóla, lita og leika mér með kisunni minni. Hún er svo sæt. Kannski sætasta kisa í heimi.“

MÉR FINNST GAMAN AÐ HJÓLA, LITA OG LEIKA MÉR MEÐ KISUNNI MINNI. HÚN ER SVO SÆT. KANNSKI SÆTASTA KISA Í HEIMI.

Uppáhaldsliturinn hennar Maríu er regnbogalitaður.

„En ég elska líka ljósbláan.“

Uppáhaldsmaturinn hennar er lasagne.

„En mér finnst líka pítsa góð. En öllum finnst pítsa góð eiginlega!“

Henni finnst mjög skemmtilegt að lesa. David Walliams skrifar bækur sem eru í miklu uppáhaldi hjá Maríu. Núna er Lion King í miklu uppáhaldi hjá henni.

„Ég er nýbúin að sjá hana og mér fannst hún mjög skemmtileg. Ég er líka búin að sjá Alladín.“

Maríu finnst gaman að fara í Parísarhjól.

„Maður fer mjög hátt, ég fór einu sinni með systur minni. Manni líður smá eins og maður sé að detta niður, en stundum þarf maður bara að vera hugrakkur.“

ego dekor

ÚTSALAN ER HAFIN

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

BURBANK TUNGUSÓFI
Stærð: 250X165cm
~~Verð: 218.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 167.860,-

CLEO TUNGUSÓFI
Stærð: 278X172cm
~~Verð: 229.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 179.322,-

ALEXA STÆKKANLEGT BORÐ
Stærð: 190(230)X 90cm
~~Verð: 138.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 89.700,-

CUBE SKENKUR
Stærð: 160X40X H: 80cm
~~Verð: 129.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 97.425,-

HRINGBORÐ – hvítt háglans
Stærð: 120X120cm
~~Verð: 57.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 39.900,-

AGATA BORÐ – gegnheill ACACIA viður
Stærð: 200X100cm
~~Verð: 99.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 59.940,-

JADE LEÐURSTÓLL
~~Verð: 35.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 29.750,-

TWIST STÓLL
~~Verð: 17.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 12.530,-

CIRO STÓLL
~~Verð: 24.500,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 19.600,-

MILO STÓLL
~~Verð: 17.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 13.425,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun: Lokað

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is
S: 544 4420

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
13 °C | 8 ↙	4 °C | 9 ↙	8 °C | 6 ↓
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
8 °C | 10 ↓	14 °C | 9 ↙	5 °C | 9 ↙

